



GOLF fer illa með góðan göngutúr rökstólar **36**

Rokkuð klassík stíll **52**



Ferðast með lest upp á gamla mátann ferðalög **8**



spottið **18**



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

PITT

10. apríl 2010 – 83. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Lifað tvöföldu lífi

Hvað rekur fólk til þess að lífa og hrærast í tveimur heimum á sama tíma?

fólk **38**

Vættir landsins

Undarlegri og ógnvænlegri íbúar Íslands skoðaðir.

þjóðhættir **32**

Rokksvindlarinn allur

Malcolm McLaren, umboðsmaður Sex Pistols, lést á fimmtudaginn.

tónlist **30**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Ferðalög | Allt | Allt atvinna



STELPUR, ÞETTA ER LEIÐIN Heiti málverksins eftir Erró sem hann málaði handa Vigdís Finnbogadóttur er mjög viðeigandi fyrir þá braut sem Vigdís ruddi konum þegar hún varð fyrst kvenna í heiminum þjóðkjörinn forseti. Vigdís heldur upp á stórafmæli í næstu viku. **Sjá síðu 26**

Endurskoðun AGS ákveðin

Efnahagsáætlun Íslands er komin á dagskrá stjórnar AGS. Samþykkt opnar á lán frá sjóðnum, Póllandi og Norðurlöndum. Forsendan var Icesave-viðauki.

EFNAHAGSMÁL Endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) verður tekin fyrir á fundi stjórnar sjóðsins 16. apríl. Þetta var tilkynnt í gær.

Övissa hefur ríkt um hvenær endurskoðunin fari fram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins féllst stjórn AGS hins vegar á að taka áætlunina fyrir eftir að íslensk stjórnvöld bættu inn í viljayfirlýsingu við sjóðinn að stefnt yrði að því að ljúka samningunum um Icesave sem fyrst, að því gefnu að viðunandi niðurstaða fái.

Samkvæmt heimildum blaðsins féllust Bretar og Hollendingar á þetta orðalag með semingi en það greiddi fyrir því að málið fékkst tekið á dagskrá.

Franeek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi, segir stjórnina enga ákvörðun hafa tekið nema að taka málið á dagskrá. Verði áætlunin samþykkt þýði það að lán, tengd áætluninni, frá sjóðnum og Póllandi verða afgreidd.

Anders Ljunggren, sendiherra Svía á Íslandi, segir að það gildi einnig um lán frá Svíþjóð og líklega hin Norðurlandalánin einnig. „Við höfum trú á að þetta verði samþykkt í stjórninni og ef svo verður

stendur sænska lánið Íslendingum til boða.“

Ljunggren segir mikilvægt að Íslendingar standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og segist raunar telja að kveðið sé á um það í viljayfirlýsingu stjórnvalda til sjóðsins.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vill ekkert segja um innihald yfirlýsingarinnar enda sé hún enn trúnaðarmál. Hann segist bjartsýnn á að endurskoðunin verði samþykkt, jafnvel mótatkvæðalaust hjá stjórninni. „Ég geri mér vonir um að þetta verði endurskoðun með fullri fjármögnun á bak við. Við höfum þegar fengið jákvæða tilkynningu frá Noregi.“

Steingrímur segir óvenju skammán tíma líða frá tilkynningu um endurskoðun til stjórnarfundar. Það gefi ástæðu til bjartsýni.

„Þetta eru mjög góð tíðindi sem ég fagna mikið. Þetta er mikilvægt skref í endurreisninni og ánægjulegt að Ísland uppfylli öll skilyrði endurskoðunarinnar. Þetta sýnir umheiminum að við erum á réttri leið í endurreisn, þó að Icesave sé enn óleys. Við vonum þó að það leysist brátt,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

- kóp

Rannsóknarnefnd birtir skýrslu hálfu ári á eftir áætlun:

Biðlistar í verslunum

BANKAHRUNID Margir hafa skráð sig á biðlista í bókabúðum til að fá glóðvolg eintök af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þegar hún kemur í verslanir fyrir hádegi á mánudag. Nefndin afhendir forseta Alþingis skýrsluna klukkan tíu á mánudag. Þá verður aðgangur veittur að

henni á vef Alþingis. Prentaða útgáfan er um 2.000 síður í nýu bindum. Að auki verður gefin út sérstök skýrsla um siðfræði upp á 500 síður.

Í blaðinu í dag er rifjað upp ýmislegt frá meðgöngutíma skýrslunnar.

- kóp / sjá síður 10, 28 og 58

Persónuleg jórgastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 12. apríl.

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggspurt)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org



ÍSLENSK GRATÍN

Þú finnur íslensku gratínin í frystinum í næstu verslun!



Veljum framboð um

Heiðarleika H-lista í vor

Borgarmálafélag F-lista



Kristján, drakkstu í þig þessa reynslu?

„Já, og þessi sýn og akstur fara ekki saman.“

Kristján Möller samgönguráðherra kynnti sér færanlegt forvarnahús Sjóvári í fyrradag og meðal þess sem hann prófaði voru sérstök gleraugu sem líkja eftir því hvernig sjónin breytist eftir drykkju áfengis.



GOSIÐ NASA hefur fylgst með gosinu úr gervihnötti síðan það hófst fyrir um þremur vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NASA sér gos úr geimnum:

Vanmeta magn hraunsins

ELDGOS „Nýting gervitungla er mjög skemmtileg viðbót,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur, um nýjan búnað bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA), sem gerir vísindamönnum mögulegt að fylgjast með gosinu við Fimmvörðuháls úr geimnum.

Á fréttavef NASA segir að búnaðurinn hafi reiknað út að um sex tonn af hrauni hafi runnið upp á yfirborðið í gosinu á hverri sekúndu. Magnús segir það vanmat. Ætla megi að magnið hafi verið allt að tífalt meira.

- jab

Ungur piltur á slysadeild:

Slasaðist við að spila tölvuleik

SLYS Ungur piltur slasaðist við tölvuleik á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag. Slysíð átti sér stað á heimili drengsins en af ókunnum ástæðum hoppaði hann upp úr sófa og rak höfuðið í loftið meðan á leiknum stóð. Pilturinn fékk skurð á höfuðið og var fluttur á slysadeild til aðhlyningar en meiðslin teljast minni háttar. Ekki er vitað hvaða tölvuleik drengurinn var að spila.

Forsætisráðherra agndofa yfir málum bankastjóra og eigenda Glitnis:

Allt fer til sérstaks saksóknara

FJÁRMÁL Mál Lárusar Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Pálma Haraldssonar, stærstu eigenda bankans, vekur furðu, að sögn Jóhannu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Hún segist hafa orðið agndofa yfir því. „Manni finnst ótrúlegt að þetta hafi getað gerst inni í bönkunum eins og fram hefur komið í þessum tölvupóstum. Það er mjög mikilvægt að þetta fari réttar leiðir og í þessu tilviki á að vísa þessu máli til sérstaks saksóknara,“ sagði hún á blaðamannafundi í gær.



FORSÆTISRÁÐHERRA Mikilvægt er að öll mál fari réttar boðleiðir, að sögn Jóhannu Sigurðardóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slitastjórn og skilanevnd Glitnis greindi frá því sömuleiðis að þær ætli að senda sérstökum saksóknara kynningu á þeim málum

sem þremningarnir og þremur starfsmönnum bankans til viðbótar hefur verið stefnt fyrir. Þeir Jón Ásgeir og Pálmi eru grunaðir um að hafa misnotað stöðu sína sem aðaleigendur bankans. Allir hinna stefndu eru grunaðir um refsiverða háttsemi.

Í tilkynningu sem slitastjórn og skilanevnd sendi frá sér vegna málsins kemur fram að við afgreiðslu þeirra mála sem upp komi hafi Glitnir átt samstarf við embætti sérstaks saksóknara og fjármálaeftirlit í tengslum við það.

- jab

Aukið fé til rannsókna:

Fjögur hundruð fá vinnu

NÝSKÖPUN Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra undirrituðu í gær samkomulag um aukafjárveitingu til Nýsköpunarsjóðs námsmanna upp á 120 milljónir króna, 90 milljónir koma frá ríkinu en 30 frá borg.

Með aukafjárveitingunni er horft til þess að draga úr atvinnuleysi meðal háskólanema. Búist er við að fjárveiting úr Nýsköpunarsjóði geri allt að fjögur hundruð nemum kleift að starfa við sjálfstæðar rannsóknir í sumar.

- jab

Ráðherra lýsir stríði á hendur lúpínunni

Takmarka á tjón af völdum alaskalúpínu hérlendis með því að hefta útbreiðslu hennar og uppræta þar sem hún veldur skaða. Umhverfissráðherra segir nýja áætlun eiga að sameina sjónarmið náttúruverndarsinna og landgræðslufólks.

UMHVERFISMÁL Ræktun lúpínu á Íslandi verður stórlega takmörkuð frá því sem nú er, samkvæmt nýrri áætlun umhverfissráðuneytisins.

Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra fól í nóvember í fyrra þeim Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra og Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, að gera áætlun um aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og uppræta hana þar sem hún sé óæskileg. Niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt á blaðamannafundi í umhverfissráðuneytinu í gær. Einnig var fjallað um plöntuna skógarferfil sem eins og lúpínan reyndist útbreiddari á hálendinu og friðlýstum svæðum en áður var talið. Skýrsluhöfundar leggja til að setja þessum tegundum strangar skorður til að takmarka neikvæð áhrif þeirra en jafnframt nýta lúpínuna á völdum svæðum til landgræðslu og ræktunar.

Meðal annars er lagt til að gerð verði lagabreyting þannig að ræktun lúpínu verði algerlega bönnuð í yfir 400 metra hæð yfir sjó í stað 500 metra áður. Skipa á sérstaka aðgerðastjórn vegna baráttunnar við þessar plöntur sem fyrst voru fluttar til Íslands í kringum árið 1900 og eru nú farnar að drepa niður annað plöntulíf.

„Á ári líffræðilegrar fjölbreytni þarf að huga sérstaklega að þeim þeim þáttum sem varða ágengar tegundir. Þar hefur farið fremst í flokki alaskalúpínar,“ sagði Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra.

Sigurður H. Magnússon frá Náttúrufræðistofnun Íslands sagði áhrifaríkustu leiðina til að eyða lúpínu vera að úða hana með eitri.



AÐGERÐIR KYNNTAR Sigurður H. Magnússon, Sveinn Runólfsson, Svandís Svavarsdóttir og Jón Gunnar Ottósson kynntu í gær mikla stefnubreytingu varðandi ræktun alaskalúpínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í ESJUHLÍÐUM Alaskalúpínu og skógarferfil verða settar strangari skorður, samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri sagði aðspurður á fundum að sú aðferð væri ítarlega rannsökuð og myndi ekki valda skaða ef rétt væri staðið að verki. Sauðfjárbreit og sláttur lúpínunnar eru tvær aðferðir sem einnig voru nefndar. Báðir vildu Sveinn og Sigurður þó

fyrst og fremst höfða til almennings að vera meðvitaðan um óæskileg áhrif lúpínunnar.

„Lúpínar hefur alltaf fengið blóðið til að renna í fólki, einhverra hluta vegna,“ svaraði Svandís spurð hvort hún ætti jafnvel von á pólitískum deilum vegna hinnar nýju stefnu ráðuneytisins. „Bæði náttúruverndarsinnar og landgræðslusinnar hafa haft á þessu miklar skoðanir – eðlilega vegna þess að þarna er um mjög kraftmikla plöntu að ræða sem er frábær landgræðslu-plantla en um leið mjög ógnandi við náttúrulegt umhverfi. Það sem ég er að freista þess að gera með þessari vinnu og þessari skýrslu er að leiða þessi sjónarmið saman og leita leiða til að stemma stigu við lúpínunni þar sem hún á alls ekki heima.“

gar@frettabladid.is

Hafnar kröfu Bandaríkjanna: Framleiða fleiri kjarnorkuvopn

NORÐUR-KÓREA, AP Norður-Kóreustjórn gefur lítið fyrir orð Baracks Obama Bandaríkjaforseta í vikunni, þegar hann kynnti breytta stefnu Bandaríkjaforsetis gagnvart beitingu kjarnorkuvopna.

Samkvæmt nýju stefnunni setja Bandaríkin sér þá reglu að beita aldrei kjarnorkuvopnum gegn öðrum en ríkjum sem þegar hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða. Þetta eigi að vera öðrum ríkjum hvatning til að losa sig við kjarnorkuvopn.

Norður-Kórea segir þessa nýju stefnu fjandsamlega í sinn garð og heitir því að halda áfram að viðhalda og byggja upp kjarnorkuvopnabúr sín.

- gb

Hagræðing í Hafnarfirði:

Leikskólabörn í grunnskólann

SKÓLAMÁL Leikskóli verður í Engidalsskóla í Hafnarfirði frá næsta hausti ef tillaga þess efnis verður ofan á eftir umræðu sem nú fer fram um skólastarfið í norðurbæ Hafnarfjarðar. Efstu bekkirnir í Engidalsskóla, sem nú nær upp í sjöunda bekk, myndu þá flytjast yfir í Viðistaðaskóla sem nær frá fyrsta upp í tíunda bekk.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri kveður stefnt að niðurstöðu síðar í mánuðinum. Hann bendir á að nemendum í Engidalsskóla hafi fækkað mikið og stefni að óbreyttu að þeir verði aðeins um tvö hundruð næsta haust.

- gar

LÖGREGLUMÁL

Stal slátri og kjúklingi

Karl á fimmtugsaldri var handtekinn í Reykjavík í fyrradag en hann hafði stolið fartölvu, tölvuskjá og síma frá starfsfólki í stofnun einni. Við leit á þjófum kom einnig í ljós sláturkeppur og frosinn kjúklingur.

Skattrannsóknarstjóri telur hættu á að eignum verði skotið undan:

Vill kyrrsetja eignir auðmanna

VIÐSKIPTI Skattrannsóknarstjóri hefur krafist kyrrsetningar á eignum tveggja auðmanna vegna ríflega hundrað milljóna króna skattakröfu á hendur þeim. Farið verður fram á tugi kyrrsetninga á næstu vikum, meðal annars á eignum útrásarvikinganna. Skattrannsóknarstjóri segir bankareikninga hafa verið tæmda fyrir framan nefið á ríkinu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Stefán Skjaldarson skattrannsóknarstjóri segir að ríkið eigi ekki annan kost en að kyrrsetja eignir þeirra sem eru til rannsókna og í raun hefði þurft að bregðast fyrr við.

Hinn 30. mars síðastliðinn voru samþykktar breytingar á lögum um tekjuskatt. Þær fela meðal annars í sér að til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu í málum sem eru í rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra sé heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila ef hætta þykir á að eignum verði skotið undan eða þær glattist eða rýrnir að mun. Stefán Skjaldarson skattrannsóknarstjóri segir að nú þegar sé búið að krefjast kyrrsetningar eigna.

Stefán segir að tugir mála muni fara þessa



STEFÁN SKJALDARSON Skattrannsóknarstjóri segir að ríkið eigi ekki annan kost en að kyrrsetja eignir auðmannanna tveggja.

leið á næstu vikum. Miðað sé við að skattkrafan sem verður grundvöllur kyrrsetningarinnar nemi að lágmarki 50 milljónum króna. Endanleg skattkrafa sé þó ekki sama upphæð og krafist sé kyrrsetningar á.

- gh

Taktu góða ákvörðun
Sparnaði þínum er vel varið hjá Auði

Opinn kynningarfundur
Þriðjudaginn 13. apríl kl. 17:15
að Borgartúni 29.

Allir velkomnir

Eignastýring og séreignarsparnaður

AUDUR CAPITAL

585 6500 | audur.is



Fjölskyldudagur

sunnudaginn 11. apríl

Dagskrá á Blómatorgi

kl. 15 Íþróttálfurinn og Solla Stirða

kl. 16 Skoppa og Skríttla

- Skoppa og Skríttla gefa frostpinna frá Emmessís
- 50% afsláttur í Ævintýraland
- Allir fá blöðrur

Þau sem koma fram sem Íþróttálfurinn og Solla Stirða eru samþykkt af Latabæ. Latibær® 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.



GENGIÐ 09.04.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	127,47 128,07
Sterlingspund	195,90 196,86
Evra	170,83 171,79
Dönsk króna	22,948 23,082
Norsk króna	21,494 21,620
Sænsk króna	17,627 17,731
Japanskt jen	1,3592 1,3672

SDR 193,23 194,39

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,5007

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



NÝJUSTU KIÐLINGARNIR Gráhöttött huðna og hvítur hafur komu í heiminn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær. MYND/HÚSDÝRAGARÐURINN

Vorið kemur í húsdýragarð:

Ellefu kiðlingar komu í heiminn

REYKJAVÍK Geitburði er nú lokið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og mun það trú starfsmanna að nú sé vorið að koma.

Frjósemi geitanna í garðinum er með mesta móti en af þeim sex huðnum sem báru var Ísbrá síðust. Hún bar tvo kiðlinga í gær; gráhöttötta huðna og hvítan hafur. Samtals komu ellefu kiðlingar í heiminn í húsdýragarðinum. - jab

Mótmæli frá Hvergerðingum:

Veggjöld bjaga búsetuskilyrði

SAMGÖNGUR „Með innheimtu vegtolla á ákveðnum leiðum er verið að skekkja búsetuskilyrði á landinu með þeim hætti að ekki verður við unað,“ segir bæjarráð Hveragerðis, sem mótmælir harðlega öllum áformum um innheimtu veggjalda á stofnbrautum út af höfuðborgarsvæðinu. Slíkt gangi þvert á stefnu stjórnvalda um suðvestursvæðið sem eitt atvinnu- og búsetusvæði. „Ef nú á að fara út í meiri háttar breytingar á fjármögnun vegakerfis landsmanna þá hljóta þær hinar sömu forsendur að gilda innan höfuðborgarsvæðisins jafnt sem úti á landi,“ segir bæjarráðið. - gar

Utánríkisráðherra hvetur Evrópusinna eins og Ingibjörgu til að láta í sér heyrast:

Fráleitt að fresta viðræðum við ESB

UTÁNRIKISMÁL Fráleitt er að halda því fram að fresta eigi ESB-viðræðum eins og Ingibjörgu Sólrún Gísladóttir fyrrum utánríkisráðherra hefur gert, að mati Össurar Skarphéðinssonar, núverandi utánríkisráðherra.

„Menn mega ekki fara á taugum þótt blási aðeins á móti,“ sagði hann í gær við Stöð 2.

Össur tekur ekki aðfinnslur Ingibjargar til sín, en hún hefur gagnrýnt að enginn sé að berjast fyrir aðildinni, enda sé það ekki líklegt til vinsælda nú um stundir.

Össur hvetur á móti fólki eins og Ingibjörgu, fólki sem hafi barist fyrir aðild að ESB í gegnum árin, til að láta rödd sína heyrast.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði einnig á blaðamannafundi í gær að hún væri ekki jafn svartsýn og Ingibjörg, sem telur að samn-



ingur við ESB verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Jóhanna sýtur að ekki hafi gefist tækifæri til að kynna málið almenninglega, en telur stuðning fólks við aðild koma til með að aukast að lokinni betri kynningu. - kóp

ÓLÍK SÝN INNAN FLOKKSINS Össur Skarphéðinsson utánríkisráðherra segir fráleitt að halda því fram að fresta eigi viðræðum við ESB eins og Ingibjörg Sólrún vill.

Geta byrjað á álveri á Bakka árið 2013

Alcoa getur hafið framkvæmdir við álver á Bakka árið 2013 verði næg orka á umsemjanlegu verði á Þeistareykjum. Umhverfismat verður auglýst síðar í mánuðinum. Bora á tvær rannsóknarholur í viðbót sem gætu klárast fyrir haustið.

VIRKJANIR Framkvæmdir geta hafist við álver á Bakka árið 2013, náist samningar og skilyrði umhverfismats verði uppfyllt, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Sameiginlegt mat virkjana við Þeistareyki og álvers á Bakka verður auglýst síðar í mánuðinum.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að hún liti svo á að Alcoa hefði til haustsins að segja til um hvort af álversbyggingu yrði. Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri hjá Alcoa, segir að enn sé eftir að ljúka rannsóknum á Þeistareykjum og óvíst hve mikil orka sé á svæðinu.

Bergur Elías Ágústsson, stjórnarformaður Þeistareykja, segir fyrirhugað að bora tvær rannsóknarholur á svæðinu. Það gæti náðst fyrir haustið. „Búið er að rannsaka hluta svæðisins sem gefur 200 megawött og það er í umhverfismati. Svæðið er þó mun stærra en gert var ráð fyrir.“

Erna segir enga samninga í gangi um orku. „Alcoa hefur ekki haft neinn forgang af þessari orku og hefur hann ekki eins og staðan er í dag. Við erum eins og hver annar fjárfestir og höfum áhuga á að kaupa þessa orku.“ Hún segir að fyrir 250 þúsund tonna álver þurfi 400 megawött af orku, en stærð álversins ráðist af því hve mikil orka er á svæðinu.

Aðspurð hvort Alcoa hyggi enn á álver á Bakka segir hún það ráðast af því hve mikil orka



ÞEISTAREYKIR Umhverfismat fyrir virkjanir að Þeistareykjum og álver á Bakka verður auglýst síðar í mánuðinum. Eftir á að bora tvær rannsóknarholur á svæðinu. MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON



BERGUR ÁGÚST ELÍASSON



ERNA INDRIÐADÓTTIR

verður í boði og um hvaða verð semjast. Fyrirtækið hafi mikinn áhuga á verkefninu.

Fréttablaðið greindi frá því að Jean-Pierre Gilardeau, aðstoðarforstjóri Alcoa og

stjórnarformaður Fjarðaáls, hefði sagt á fundi í iðnaðarráðuneytinu í október 2008, að engin ákvörðun yrði tekin um Bakka næstu fjögur árin. Erna segir erfitt að staðfesta tveggja ára gömul ummæli, en hugsanlega megi skoða þau í ljósi þess ástands sem þá var. Alltaf hafi verið ljóst að langan tíma taki að rannsaka orkusvæðin.

„Það er verið að ljúka sameiginlegu umhverfismati fyrir virkjanir og álver og það fer vonandi í kynningu síðar í mánuðinum. Við höldum okkar vinnu áfram, ljúkum matinu og skoðum síðan málin.“ kolbeinn@frettabladid.is

Frjálslyndi flokkurinn:

Undirbýr framboð í Reykjavík

STJÓRNMÁL Frjálslyndi flokkurinn hefur hafið undirbúning að framboði til borgarstjórnar Reykjavíkur. Að sögn Sigurjóns Þórðarsonar, formanns flokksins, er unnið að röðun fólks á lista en hann vill ekki upplýsa um hver leiða muni listann.

„Það er á tæru að margir eru á því að mikil eftirspurn sé eftir góðum lista í Reykjavík,“ segir Sigurjón.

Afráðið er að Frjálslyndi flokkurinn muni bjóða fram í Reykjavík, Kópavogi, Grindavík og í Skagafirði þar sem Sigurjón sjálfur verður líklega í efsta sæti. Þá er verið að skoða framboð á Akureyri. Að auki á flokkurinn aðild að sameiginlegum framboðum á nokkrum stöðum. - bps



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Pálmi í Fons fer gegn RÚV:

Vill fá milljónir frá fréttamanni

FJÖLMÍDLAR Tilgangurinn með stefnu Pálma Haraldssonar í Fons gegn fréttamanni RÚV er að hræða blaðamenn frá því að fjalla um aðdraganda hrunsins, að mati fréttamannsins, Svavars Halldórs-sonar.

Pálmi hefur nú stefnt honum vegna fréttar um peninga, fengna að láni úr Glitni, sem eiga að hafa horfið. Pálmi segir fréttina ranga. Hann geti gert grein fyrir því hvað varð um féð.

Svavar stendur við fréttina og spyr í samtali við Vísi hvers vegna auðmenn sem eiga fé til að kæra blaðamenn leggi það ekki í þrotabú fyrirtækja sinna. - kóp

BAKLEIKFIMI

MEÐ SAMBÁÍVAFI Í HEILSUBORG, FAXAFENI 14

6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFST ÞRIÐJUDAGINN 13 APRÍL

HÁDEGIS- OG EFTIRMIDDAGSTÍMAR

BETRI LÍÐAN Í HÁLSI, HERÐUM OG BAKI UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRADJÁLFA

BREIÐU BÖKIN


Upplýsingar og skráning í síma 897 2896 og á www.bakleikfimi.is

VEÐURSPÁ



ELÍSAKET MARGEIRSDÓTTIR veðurfréttamaður

MILT Í VEÐRI Það dregur heldur úr vætunni syðra þegar kemur fram á daginn og undir kvöld verða víða skúrur en það léttir til norðaustanlands. Á morgun verður yfirleitt gott veður, fremur hægur vindur og lítill háttar væta vestan til og áfram nokkuð milt í veðri.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	15°
Berlín	11°
Billund	9°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	20°
London	15°
Mallorca	20°
New York	17°
Orlando	27°
Ósló	8°
París	16°
San Francisco	15°
Stokkholmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BRJÁLUD TILBOÐ

Electrolux
5 ára ábyrgð

Hér er verðið á hreinu!



tekur 6kg

1200 snúninga

86.900
~~114.900~~

Electrolux

Pvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455



tekur 7kg

1400 snúninga

93.900
~~122.990~~

Electrolux

Pvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446



tekur 7kg

1600 snúninga

119.900
~~139.900~~

Electrolux

Pvottavél
1600 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A+, þvottahæfni A
vinduhæfni A, Active Balance Control (ABC)
mishleðsluskynjun
1805453

Heitt verð um helgina!

49.900
~~59.900~~

- Hitnar fljótt.
- Heldur vel hita.
- 2 ryðfrír brennarar.
- Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.

Gæða gasgrill Burny Sizzler 200
10,0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
Flame tamer hlíf yfir brennurum
3000272

Evrópsk gæðaframleiðsla mikið úrval

27.795

- Shimano Revoshift framskiptir
- Tektro bremsur
- Hi-Ten stéll
- Shimano Ty-18 afturskiptir
- Álgjardir

AUTHOR
Energy 20"
„Hi-Ten“ stéll
6 gíra Shimano Revoshift.
Shimano Ty-18 afturskiptir.
Bremsur Tektro 45AL.
3899968

Allir út í garð!

6.995

4.499

1.999
~~2.595~~

Hekklippur Ikra
Rafmagns, 520W.
46 sm bláð.
20 mm klippigeta.
5083755

Greinaklippur
Trail Blazer, hægt að lengja skaft 70-105 sm
5084652

Hekklippur HiPoint.
5084664

10 ltr. 7.995

Jotaplast
Interior - Vassþyngnet

Veggmalning
gljástig 7, 10 ltr. beinhvít.
7119800

VORBOÐINN LJÚFI

RÁÐGJÖF UM HELGINA

Hinn landsþekkti garðyrkjufræðingur Hafsteinn Hafliðason verður með ráðgjöf í Skútuvoði laugardag og sunnudag kl. 13-17

Allar blómstrandi plöntur **20% afsláttur**

Öll fræ **20% afsláttur**

Allir vorlaukar **20% afsláttur**

blómaval
Ícelandi hefur

INDVERSKUR GESTAKOKKUR
í Kaffi Garði Skútuvoði
Tandoori **390**
kjúklingur **kr**

Látum verkin tala!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

KJÖRKASSINN



Telur þú fyrrum eigendur Glitnis hafa misnotað bankann fyrir hrun? Já 98,2% Nei 1,8%

Vonir björgunarmanna dvína

BANDARÍKIN, AP „Þetta var löng og erfið nótt,“ sagði Joe Manchin, ríkisstjóri Vestur-Virginíu, sem hefur fylgst með björgunaraðgerðum við kolanámuna í Montcoal...



VINNUFÉLAGAR BÍÐA ÁTEKTA Óvíst var um örlög fjögurra námuverkamanna.

Reynt var að halda í vonina um að mennirnir væru enn á lífi, en 25 manns fórust í þessu versta námslysi Bandaríkjanna undanfarna tvo áratugi.

Þar eiga að vera til matarbirgðir og súrefni sem dugar 24 námumönnum í fjóra daga, en vegna þess að

mennirnir eru aðeins fjórir þá er líklegt að þetta dugi þeim lengur. Í gær tókst að bora leið inn í annað rýmið en vegna reyks þurftu björgunarmenn að hverfa frá áður en hægt væri að ná inn í seinna rýmið.

Hvetur Rússa til að birta skjöl

PÓLLAND, AP Pólska þingið hvetur Rússa til þess að gera öll skjöl opinber og varða fjöldamorðin í Katýnskógi árið 1940, þegar rússneskir leyniþjónustumenn myrtu 22 þúsund pólska hermenn.

Þingið samþykkti ályktun í gær, þegar liðin voru 70 ár frá morðunum, þar sem segir að brettur Rússa og Pólverja geti einungis verið reistar á vörðingu við sannleikann.

Vladímír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, var viðstaddur afhjúpun minnismarkis í Katýnskógi á miðvikudag.

Aðalfundur

Aðalfundur Miðborgarinnar okkar verður haldinn þriðjudaginn 20.04.2010 kl. 18:15 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

- Dagskrá 1. Skýrsla stjórnar – 2. Ársreikningar 2009 3. Stjórnarkjör – 4. Önnur mál

Léttar veitingar að fundi loknum.

Tökum virkan þátt í starfi Miðborgarinnar okkar

Stjórnin



Borgin fellst ekki á skýringu golfklúbbs

Formaður borgarráðs segir fulla ástæðu til að endurskoða alla samninga við Golfklubb Reykjavíkur sem hafi borið að hafa samráð við borgina um breytta notkun á fé úr borgarsjóði.

FJÁRMÁL Samningar Reykjavíkur-borgar við Golfklubb Reykjavíkur verða endurskoðaðir. Skýringar sem félagið gaf í gær á meðferð fjárframlags frá borginni þykja ófullnægjandi.

„Þessar skýringar sem koma fram hjá Golfklúbbi Reykjavíkur staðfesta að ákvarðanir um breytingar á framkvæmdum sem samningurinn tók til voru teknar af stjórn golfklúbbsins án samráðs við borgina,“ segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs.

Í greinargerð sem Garðar Eyland, framkvæmdastjóri GR, sendi frá sér í gær kemur fram að af 210 milljónum króna sem borgin veitti klúbbsnum vegna tiltekinnna framkvæmda á árunum 2007 til 2009 hafi 115 milljónir í raun ekki farið til framkvæmda.

„Í miðju bankahruni hausti 2008 tekur stjórn GR þá ákvörðun að fresta stórum framkvæmdum sem ráðgerðar voru sumarið 2009. Í ljósi óvissunnar var talið ráðleggra að greiða frekar niður lán vegna framkvæmda og hafa vaðið fyrir neðan sig, með öðrum orðum að sýna ráðdeild og skynsemi,“ segir í greinargerð framkvæmdastjórans sem þar með staðfestir að peningarnir frá borginni hafi runnið til þess að borga niður fjármagnskostnað hjá félaginu í stað þess að fara í umsamda uppbyggingu.

„Golfklúbburinn færir náttúrulega fram ákveðin rök fyrir því hvers vegna þeir gerðu þetta en þeir hefðu átt að upplýsa borgina og leita samþykkis. Orð mín og borgarstjóra standa og við teljum að það sé full ástæða til að endurskoða samningana, bæði þá sem í gildi eru og líka þann sem

Óvissa um golfstyrk vegna vanefnda GR

Þó að Golfklúbbur Reykjavíkur hafi aðeins framkvæmt fyrir hluta af 210 milljónum króna styrk frá borginni er peningaleg staða GR neikvæð.

„Ég get ekki að svara þessu á þessu stigi vegna þess að ég var bóðinn um skýringar sem ég er að biðja,“ segir Garðar Eyland, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur, um aðrir sítes hluta félagið fékk í styrk frá Reykjavíkurborg. Í ársreikningi GR fyrir tímabilið 1. nóvember 2008 til 31. október 2009 er greint frá því að Reykjavíkurborg hafi á árunum 2006 gert samning við GR um 210 milljóna króna framkvæmdastyrk sem síðan hafi verið greiddur út á árunum 2007, 2008 og 2009. Fram kemur að styrkurinn hafi átt að renna upp í framkvæmdir fyrir 267 milljónir króna.

„Klúbburinn hefur ekki framkvæmt í samræmi við ákvæði samningsins á árunum 2008 og 2009 og er fengið greitt samkvæmt honum,“ segir í skýrslu stjórnar í ársreikningnum. „Af þessum framkvæmdakostnaði hefur þegar verið ráðist í okkar vörslu, þessa peninga,“ segir Garðar Eyland. Borgarstjórn samþykkti á þriðjudag að styrkja GR um 230 milljónir til viðbótar til að sækja völd félagsins á Korþúfastöðum. Vegna upplýsinganna úr ársreikningi GR var hins vegar ákveðið í borgarráði í gær að innri endurskoðun borgarinnar og fjórta og fimmtíundarháttu feru eftir í samningnum. Mun áður nefnd greinargerð GR vera viðbrögð við þessari kröfu.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, segir borgaryfirvöld fyrst hafa verið í gær og GR hafi ekki þótt kynni að vera að GR hafi ekki



ÓSKAR BERGSSON Formaður borgarráðs segir borgaryfirvöld fyrst hafa verið í gær og GR hafi ekki þótt kynni að vera að GR hafi ekki

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR Bleikið var varla þornað á nýjum 230 milljónum króna styrktarsamningi við Golfklubb Reykjavíkur þegar í ljós kom að klúbburinn hafði ekki uppfyllt ákvæði fyrri samnings upp á 210 milljónir.

Lærðu nýtt tungumál heima í stofu!

Eigum mikið úrval af tungumálaforritum frá EuroTalk. Forritin eru afar hvetjandi sem henta breiðum aldurshópi.



A4 Skrifstofa og skóli Verð frá 4.995 kr.

Smáratorgi 1, Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is Gleráreyrum 2, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

Advertisement for KRAM HÚSIÐ featuring dance classes (AFRÓ, TANGÓ, BOLLYWOOD, MAGADANS, CONTEMPORARY DANCE, SALSA, BALKAN, BREIKDANS, HIPHOP), a workshop by Anna Barner, and contact information.



GARÐAR EYLAND ÓSKAR BERGSSON

við vorum að endurgera í síðustu viku,“ segir Óskar Bergsson. Spurður hvers vegna borgaryfirvöld hafi ekki kannað hvort GR hafi staðið við eldri samning áður en nýr 230 milljónum króna styrktarsamningur var gerður við

GR fyrir nokkrum dögum segir Óskar að eftirlitskerfi og reglur Reykjavíkurborgar séu tiltölulega skýrar. Í ljósi málsins varðandi GR verði hins vegar farið yfir alla stofnstyrki sem séu í gangi og sömuleiðis farið yfir eftirlit borgarinnar á því að það sé framkvæmt samkvæmt því sem kveðið sé á um.

Hjá Golfklúbbi Reykjavíkur sjá menn hlutina hins vegar í öðru ljósi. „Eftir stendur að klúbburinn brást við bankahruni af skynsemi og ráðdeild. Staðið hefur verið við skuldbindingar við borgina,“ segir í yfirlýsingu framkvæmdastjóra GR.

Styttist í samning Seðlabankans um lánapakka Landsbankans í Lúxemborg:

Tekur þrýsting af krónunni

EFNAHAGSMÁL Mikið hefur þokast í viðræðum við Seðlabanka Evrópu um krónueign bankans ytra og gætu samningar verið á næsta leiti. Þetta segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. „Það gæti farið að stytta í niðurstöður, gæti jafnvel verið komið í höfn eftir nokkrar vikur,“ segir hann.

Viðræðurnar varða samning um lánapakka með veði í íslenskum íbúðabréfum og ríkisskuldabréfum sem dótturfélag Landsbankans í Lúxemborg lagði inn í seðlabankann í skiptum fyrir nýu hundruð milljón evrur skömmu fyrir hrúnið 2008. Það jafngildir rúmum 150 milljörðum á núvirði. Viðræður hafa staðið yfir í rúmt ár og nokkrum sinnum verið viðruð von um lausn handan við hornið. Á meðal þess sem rætt hefur verið er að kaupa lánapakka með ríkisskuldabréfum í evrum til nokkurra ára.

Málið er flókið því Landsbankinn í Lúxemborg er í gjaldþrotameðferð og eiga Íslendingar ekki aðkomu að henni. Krónubrúfaeign seðlabankans í Lúxemborg



MÁR GUÐMUNDSSON Seðlabankastjóri útilokar ekki að samningar um kaup á krónueignum seðlabankans í Lúxemborg verði í höfn eftir nokkrar vikur.

jafngildir um fjórðungi af allri krónubrúfaeign erlendra aðila. Hætta hefur verið á neikvæðum áhrifum á gengi krónunnar setti seðlabankinn úti lánpakkan á markað.

FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



Melissa

Hársnyrtiset 635097

- Flott 5 í 1 hársnyrtiset
- Keramik húðað, 2 hitastig
- 19mm og 25mm krullujárni og sléttujárni ásamt aukahlutum
- Auðvelt í notkun

4.990_{kr}

GOTT VERÐ



PHILIPS

Hárblásari HP8180

- 2100w Professional hárbólásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Turbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðvelt að hreinsa

5.990_{kr}

GOTT VERÐ



tasco®

Sjónauki 168RB

- 10x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir
- Litur: Svartur
- Þyngd: 260,8g

4.990_{kr}

GOTT VERÐ



PHILIPS

Sléttujárn HP8300

- Keramik húð
- Professional styling temprature að 180°C
- Aðeins 30 sek. að hitna
- Stafræn hitastilling

5.990_{kr}

GOTT VERÐ

CASIO

Myndavél EXZ33SILVER

- Stafræn myndavél með 10.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.5" TFT LCD Skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafflaða endist í allt að 230 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafflaða og hugbúnaður fylgja



24.990_{kr}

V.Á. 29.990.-

OLYMPUS

Myndavél FE26SV

- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD Skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og Þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur MicroSD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



16.990_{kr}

V.Á. 19.990.-

UNITED

19" LCD sjónvarp með DVD spilara 19DD91HD

- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilara
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms
- Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi



54.990_{kr}

V.Á. 59.990.-



UNITED

Ferðaútlit RCD6408

- Útlit með geislaspilara
- Gamaldags kasettutæki
- Heyrmatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

8.990_{kr}

GOTT VERÐ



Gildir til 15. apríl á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár



1. Hversu margar síður í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fjalla um Ingibjörgu Sólrúnu?
2. Hvað heitir framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur?
3. Eva Hauksdóttir var gjarnan kölluð norn í búshaldabýtingunni. Hvað kallar hún sig núna?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Reykjavík keppir við sex borgir í Evrópu um viðurkenningu Evrópusambandsins:

Gæti tekið við af Hamborg sem Græna borgin

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hefur verið valin ein sex evrópskra borga sem keppa til úrslita um að vera Græna borgin í Evrópu (European Green Capital) eftir tvö til þrjú ár. Stokkhólmur í Svíþjóð er Græna borgin í ár en Hamborg í Þýskalandi verður það á næsta ári.

Sautján borgir í tólf Evrópuríkjum sóttu um viðurkenninguna, sem veitt er þeim borgum sem hafa sett sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum og verið öðrum fyrirmynd. Sex borgir komust í úrslit. Reykjavík keppir við spænsku borgirnar Barcelona og Vitor-Gasteiz, Malmö í Svíþjóð, Nantes í Frakklandi og Nürnberg í Þýskalandi. Tvær borgir verða valdar.

„Þetta er mikill heiður. Við erum stolt yfir



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

því að komast í úrslit og munum nota þetta í kynningu á borginni,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og bendir á að mikið hafi verið lagt í 75 blaðsíðna umsókn sem skilað var í febrúar. Evrópusambandið stendur fyrir tilnefningunni. Hanna Birna segir Reykjavíkurborg hafa lagt sig fram í umhverfismálum undir nafninu Græn skref, svo sem að vera með hjólréiðaaætlun og aðrar umhverfisvænar samgöngur. Þó verði að halda áfram að draga úr bílaumferð í borginni. - job



REYKJAVÍK Sautján borgir sóttust eftir því að verða Græna borgin í Evrópu 2012 eða 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FUNHEITT TILBOÐ



á 1 lítra
Kókómjólk

Nýtt!
Endurlokanlegar
umbúðir

Ný tæki komast ekki á Netið klárast IP-tölur

Innan við tíundi partur er eftir af auðkennum sem tölvum er úthlutað á internetinu, IPv4. Unnið er að því að taka upp næstu kynslóð auðkenna í netsamskiptum, IPv6. OECD hvetur til hraðari upptöku til að hægi ekki á framþróun Netsins.

UPPLÝSINGATÆKNI Auðkennistölvur fyrir tölvur á internetinu (IPv4) eru við það að klárast. Í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) kemur fram að í mars á þessu ári hafi ekki verið eftir nema átta prósent af IP-tölum þessarar gerðar.

Í skýrslu OECD er fjallað um hvernig gengur að koma á næstu kynslóð auðkenna í netsamskiptum, en hún nefnist *Internet Addressing: Measuring Deployment of IPv6*.

Bent er á að klárast IPv4 auðkenni áður en næstu kynslóð hefur verið komið almennilega í gagnið gæti það þýtt að nýir netnotendur og þráðlaus tæki komist ekki í samband við internetið. Það myndi svo aftur hamla framþróun á Netinu, nýrri tækni og þjónustu. Niðurstaðan er því að meira þurfi að gera í málinu og hraðar.

Til þess að geta komið nýjum viðskiptavinum eða tækjum í samband við Netið þurfa fjarskiptafyrirtæki að vera tilbúin með stuðning við næstu kynslóð samskiptatækni á Netinu (IPv6) þegar auðkennisnúmer í IPv4 kerfinu þrýtur. OECD bendir á að öðrum kosti þurfi að koma til bæði dýr og flókinn búnaður til að netfangagreiningar (NAT, eða network address translation) til þess að hægt verði að láta marga notendur og tæki nota sömu IPv4 töluna. Ósvarað er spurningum um hvaða áhrif það myndi hafa á rannsókn sakamála þar sem tölvur og notendur hafa verið raktir til ákveðinna IP-talna.

„Eins og staðan er þá er ekki nóg að gert í að koma IPv6 í gagnið áður en IPv4 auðkenni þrýtur.



SAMAN Á NETINU Hér sjást þrjár stúdíur í Árbærskóla sameinast um eina tölvu. Þegar tölvur tengjast internetinu er þeim úthlutað auðkennisnúmeri, svokallaðri IP-tölu, líkt og bílum bílnúmerum. Sú kynslóð IP-talna sem nú er notast við er á þrotum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

8% eru eftir af auðkennistölvum (IP-tölum) fyrir tölvur á internetinu í núverandi kerfi. Talið er að þær verði uppnarnar árið 2012.

Mun meira átak þarf að eiga sér stað til þess að stoðkerfi internetnsins verði reidubúið þegar IPv4 tölurnar verða búnar árið 2012,“ segir í skýrslunni.

Fram kemur að meðal yfirlýstra markmiða aðildarríkja OECD sé að ýta undir upptöku næstu kynslóðar samskiptatækni á Netinu,

sem og margra annarra landa sem standi utan samtakanna. Fram kemur að í byrjun þessa árs hafi einungis 5,5 prósent staðbundinna tölvuneta ráðið við netumferð af IPv6 staðli, þó svo að eitt af hverjum fimm fjarskiptanetum styðji staðalinn. Tæki og tölvur í notkun sem styðja staðalinn eru þó í miklum meirihluta, eða yfir 90 prósent.

OECD beinir því til ríkisstjórnna að starfa með fyrirtækjum í einka-geira og öðrum hlutadeigandi til að styðja við hraða upptöku nýs samskiptastaðals á netinu og gæta að mögulegum „flöskuhálsum“ sem komið gætu upp í innleiðingarferlinu. olikr@frettabladid.is

Námskeið um ræktun matjurta og kryddjurta til heimilisnota

Heiður Björnsdóttir kennir hvernig rækta má grænmeti og kryddjurtir með lítilli fyrirhöfn!

NÝ
NÁMSKEIÐ



Áhugasamir skrái sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 kl: 10-18 alla virka daga. Verð kr. 4.500.-

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Þriðjud. 13. apríl
Þriðjud. 20. apríl



Einstakt ferðapjónustu tækifæri

Rekstur veitingarhússins Gullnahliðið er til sölu. Stórkostleg staðsetning, á einum besta útsýnisstað á höfuðborgarsvæðinu, í miðjum friðvangi og göngufæri frá Bessastöðum.

Nánari upplýsingar á www.1960.is og bogi@1960.is

Íbúar í Kirgisistan minnst þeirra sem féllu í átökum vikunnar:

Bakajev flúinn til Afganistans

KIRGISISTAN, AP Þúsundir manna söfnuðust saman á aðalorgi Biskeks, höfuðborgar Kirgisistan, til að minnst þeirra sem féllu í átökum í vikunni þegar stjórn Kurmanbeks Bakijev forseta var steypt af stóli.

Að minnsta kosti 76 manns létu lífið í átökunum og meira en 1.400 særðust.

Mikil reiði var meðal mannfjöldans vegna dauðfallanna og var Bakijev kennt um, en hann var kominn til borgarinnar Jalalabad í Afganistan þar sem hann ræddi við fréttamenn í gær.

Hann sagðist hreint ekki hafa í hyggju að segja af sér, þrátt fyrir að hafa verið sviptur völdum. Hann kennir byltingarmönnum um dauðsföllin.

Bakijev komst til valda í túlpanabyllingunni svonefndu árið 2005 og hefur tekist að koma á stöðugleika í þjóðfélaginu síðan, en er sagður hafa gert það á kostnað lýðræðis og sakaður um að hafa notfært sér embættið til að gagnast persónulega.

„Ég held að hans bíði dapurleg örlög vegna þess að með því að gefa öryggisvörðum skipun um að skjóta á mannfjöldann undirritaði hann sinn eigin



KURMANBEK BAKIJEV Neitar að viðurkenna bráðabirgðastjórn byltingarmanna. NORDICPHOTOS/AFP

dauðadóm,“ sagði Askar Akajev, forveri hans í embætti, sem var sakaður um sams konar misbeitingu valds á sínum tíma. Akajev kennir nú stærðfræði við ríkisháskólann í Moskvu. - gb



Fimm stjörnur sem þú getur prófað í dag

Komdu og prófaðu öruggari bíl. Bílarnir sem við bjóðum eru í fremstu röð hvað varðar öryggi. ABS hemlælæsivörn, góðir öryggispúðar, ESP stöðugleikastýring og fleiri tækninýjungar hafa fært þessum bílum framúrskarandi stjórnugjöf hjá Euro-NCAP.

Viltu ekki örugglega gera eitthvað skemmtilegt um helgina? Komdu við í HEKLU og prófaðu öruggari bíl frá Audi, Volkswagen, Mitsubishi eða Škoda. Opið í dag frá 12–16.

Opið í dag frá 12–16.

Veltibíllinn og skrikbíllinn á staðnum

Kaffi og kleinur

Reynslan er góð!



Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Formaður Sjálfstæðisflokksins fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

Sagan endurtaki sig ekki

STJÓRNMÁL Mikilvægt er að þjóðin dragi lærdóm af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og að niðurstöður hennar nýtist til uppgjörss ekki síður en endurreisnar. Tryggja þarf að sagan endurtaki sig ekki.

Að þessu sögðu skorar Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á „trúnaðarmenn flokksins að kynna sér efni skýrslunnar og taka virkan þátt í umræðum um niðurstöður hennar.“ í tilkynningu til sjálfstæðismanna, sem birtist í gær.

Bjarni segir íslenskt samfélag hafa byggst á óskrifuðum sáttmála en meginorsök þeirrar reiði sem myndaðist í samfélaginu í kjölfar bankahrunsins

se sú „að siðferðisvitund okkar var misboðið vegna þess að samfélagssáttmálinn var rofinn“.

Bjarni telur eitt helsta verkefni sitt sem formanns að endurheimta „það traust sem flokkurinn glataði við síðustu alþingiskosningar“. Flokkurinn sé á réttri braut í þeim efnum og viðbrögð flokksins við skýrslunni skipti miklu um hvernig takist til við þetta.

Flokkurinn þurfi að axla þá ábyrgð sem honum ber og vinna að sátt í samfélaginu.

- kóp

BJARNI BENEDIKTSSON Formaður Sjálfstæðisflokksins vill að niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar verði metnar með yfirveguðum hætti.



MAURÆTA Í MATARLEIT | Palo Verde-þjóðgarðinum á Kosta Ríka fór þessi mauræta sér að engu óðslegu við matarleitina. NORDICPHOTOS/AFP

Flutt út fyrir 53 milljarða:

Vöruskipti hagstæð í mars

VIRSKIPTI Verðmæti útflutnings frá Íslandi nam 53 milljörðum króna í mars, en innflutnings á sama tíma rúmum 41 milljarði króna. Vöruskiptajöfnuður var því hagstæður um 11,4 milljarða króna. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Mest verðmæti fékkst í mars fyrir útfluttar iðnaðarvörur, en alls nam það 30,8 milljörðum króna. Fyrir sjávarafurðir fengust 20,5 milljarðar. Fluttar voru inn hrá- og rekstrarvörur fyrir tæpa 13 milljarða króna. - kóp

Aðildarviðræður við ESB - samningaferlið -

Samtök iðnaðarins boða til almenns félagsfundar miðvikudaginn 14. apríl kl. 8.30 - 10.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:

Kynnisferð frumkvöðla til höfuðstöðva ESB
Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka sprotafyrirtækja

Samningar við ESB - hagsmunir Íslands
Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra og aðalsamningamaður Íslands

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri er Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI

Skráning í síma 591 0100 eða á mottaka@si.is fyrir 13. apríl

Samtök iðnaðarins - www.si.is



Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



SÝNIKENNSLA Páll Halldór Halldórsson aksturskappi sýnir hvernig stöðugleikastýring líkt og límur nýjan Volkswagen golf við götuna þótt hart sé ekið og aðstæður erfiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öryggisbúnaður er mun betri í nýjum bílum:

Fækka má slysum með nýjum búnaði

SAMGÖNGUR Væri bílafloði landsmanna allur búinn nýjasta öryggisbúnaði mætti mögulega fækka umferðarslysum um ríflega þúsund á ári hverju. Þetta er mat BÍlgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

Félögin stóðu fyrir skömmu fyrir sýnikennslu þar sem sýndur var munur á aksturshæfni tíu ára gamals bíls og nýs bíls sömu tegundar. Sá eldri var bara búinn ABS-bremsum, en hinn nýjustu tegund stöðugleikastýringar þar sem tölvur stýra hemlun á hverju hjóli fyrir sig.

Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB, segir mikið unnið með nýjasta öryggisbúnaði. Þannig safni til að mynda tölvur í loftpúðum og hemlabúnaði gögnum síðustu andartökin fyrir óhapp. „Þetta er eins og pínulítil svartur kassi,“ segir hann. Þá hafi tölvurnar sem stýri loftpúðum jafnvel fengið boð frá tölvunum í hemlunum um að eitthvað hafi farið úrskeiðis

sekúndubrotin fyrir óhapp. Ólafur segir að á malarvegum geti þó skapast aðstæður þar sem reyni á stöðugleikastýringuna, en tæknin hafi verið þróuð svo að hún gefst æ betur við slíkar aðstæður.

„Kostirnir eru fleiri en gallarnir, sérstaklega fyrir óvánt fólk,“ segir hann og telur að í langflestum tilvikum sé stýringin til bóta á malarvegum og hjálpi til. „En menn sem vilja láta bílinn skrika til í beygjum hata þetta.“

FÍB og BÍlgreinasambandið vísa til erlendra rannsókna á notkun stöðugleikastýringar sem benda til þess að stýringin minnki líkur á óhappi um 15 prósent.

„Meðalfjöldi umferðarslysa hér á landi síðustu fimm árin er 7.264 á ári. Varfærin áætlun, sem miðar einungis við 15 prósent fækkun á slysum, þýðir að slysum gæti fækkað hér á landi um rúmlega 1.000 á ári ef allir bílar væru búnir nýjasta öryggisbúnaði,“ segir í tilkynningu samtakanna. - óká

Alicante

Flugsæti 5. til 19. júlí

Verð frá **59.000 kr.**

Innifalið í verði: Flug fram og til baka, með flugvallarsköttum.

Flogið allt að þrisvar í viku út ágúst.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklubbinn á **VITA.is**

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is





Öll pottablóm

20% afsláttur



Vermireitir

20% afsláttur



ný sending

Úrvals norskar garðrósir

20% afsláttur



Bóndarósir

30% afsláttur



20% afsláttur

Á Vorsýningunni bjóðum við 20% afslátt af fjölda vöruflokka svo sem:

- Mold
- Fuglaböðum
- Trjáklippum
- Kalkkorni
- Garðhúsgögnum
- Laufhrifum
- Blákorni
- Silkiplöntum
- Ræktunarsekkjum
- Maxi crop
- Umhverfisvænar hreinsivörur
- Ræktunarbakkar



Við gefum góðu ráðin!

VORGLEÐI GARÐHEIMA

er laugardag og sunnudag

■ dagskrá

Laugardagur á Loftinu

- kl. 14.00 **Trjáklippingar**
Steinunn Reynisdóttir, garðyrkjufræðingur
- kl. 15.00 **Þróun garðsins**
Ásta Camilla Gylfadóttir, landslagsarkitekt
- kl. 16.00 **Myndasýningar**
hugmyndir að plöntum og garðaskipulagi

Sunnudagur á Loftinu

- kl. 14.00 **Þróun garðsins**
Ásta Camilla Gylfadóttir, landslagsarkitekt
- kl. 15.00 **Lærum að sá**
Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur
- kl. 16.00 **Myndasýningar**
hugmyndir að plöntum og garðaskipulagi


Kaffi og **kleinur** í boði

Íspinnar í boði **emmessis**



Dýrahjálpi Íslands verður með ættleiðingardaga frá

kl. 13.00 - 17.00 laugardag og sunnudag



Fuglavinafélagið gefur góð ráð milli

kl. 13.00 og 17.00 laugardag



Ný þjónusta

Tækjaleiga Garðheima opnar!



Lífrænt – hollt – gott fyrir budduna!

Kartöfluútsæðið komið!

Premier | Helga Rauðar | Gullauga

5kg
895kr



Komið og sækið ykkur frítt eintak af nýja Garðheimablaðinu

Uppfullt af spennandi hugmyndum og fræðslu fyrir vorið framundan!



Ilmandi fresiubúnt

995kr



GARDHEIMAR

allt í garðinn
á einum stað!



TRÖNURNAR MÆTTAR Á hverju vori koma trönur í þúsundatali til Svíþjóðar þar sem fylgjast má með þeim nálægt Skövde.

NORDICPHOTOS/AFP

Samkomulag hefur náðst milli samgönguyfirvalda og Reykjavíkurborgar:

Samgöngumiðstöð á hreyfingu

REYKJAVÍK Hönnun samgöngumiðstöðvar verður boðin út í næsta mánuði og framkvæmdir við hana ættu að hefjast fyrir áramót, eftir að Reykjavíkurborg og samgönguyfirvöld komust að samkomulagi um hana á fimmtudag.

Samkvæmt því verður miðstöðin 3.200 fermetrar í fyrsta áfanga. Þar verði innanlandsflug og aðsetur hópferðabifreiða.

Heimildir blaðsins herma að á síðustu vikum hafi verið tekist á um hversu mörg bílastæði ættu að vera við miðstöðina.

Samgönguyfirvöld vildu hafa þau mörg og ofanjarðar, sem er ódýrari kostur. En borgin vildi líta til hönnunarsamkeppni um framtíð Vatnsmýrar og hafa sem flesta bíla neðanjarðar.

Ekki fengust nánari upplýsingar um niðurstöðuna í gærkvöldi en þær að bílakjallari verður við miðstöðina.

Í fréttum Stöðvar tvö í gær kom fram að samgönguráðherra vonist til að framkvæmdum ljúki innan tuttugu mánaða. Kostnaður sé áætlaður tveir milljarðar króna.

Blaðið hefur greint frá því að



FRAMTÍÐARBORGIN Borgaryfirvöld litu til vinningsstillögu úr hugmyndasamkeppni um framtíð Vatnsmýrarinnar þegar þau sömdu við samgönguyfirvöld.

lífeyrissjóðir muni fjármagna verkið og fá endurgreitt í leigu og með farþegagjaldi.

- kóp

Mótmælendur í Taílandi:

Tóku sjónvarps-húsið á sitt vald

TAÍLAND, AP Stuðningsmenn Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, halda ótrauðir áfram mótmælum gegn núverandi stjórn. Í gær lögðu þeir undir sig fjarskiptafyrirtæki, sem lagðar höfðu verið niður útsendingar sjónvarpsstöðvar sem notið hefur vinsælda stjórnarandstæðinga.

Á annan tug mótmælenda og lögreglumanna særðist í átökum á lóðinni. Her og lögregla beittu tárágasi en mótmælendur grjóti og eldsprengjum.

- gb

Tilleigu.is Kirkjulundur Garðabæ fyrir 50 ára og eldri



96 fm þriggja herbergja íbúð á þessum frábæra stað í Garðabæ. Upphitað bílskýli, suðursvalir, stutt í alla þjónustu. Upplýsingar gefur Sigurður í síma 820 3799



VÍTISENGLAR Í KAUPMANNAHÖFN Átök glæpagengja hafa sett óskemmtilegan svip á mannlífið í Kaupmannahöfn á síðustu árum.

NORDICPHOTOS/AFP

Útgönguleið fyrir unga afbrotamenn

Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn bjóða nú meðlimum glæpagengja aðstoð við að losna úr glæpaheiminum og komast inn á beinni brautir í lífinu. Nú þegar hafa fjörutíu ungmenni þegið boðið en talið er mögulegt að ná til 400 manns.

DANMÖRK Undanfarin ár hafa blóðug átök milli glæpagengja í Kaupmannahöfn og víðar í Danmörku hvort tveggja vakið ótta almennings og magnað spennu víða í hverfum innflytjenda.

Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn hafa nú gripið til þess ráðs að bjóða ungmennum sem leiðst hafa út á glæpabrautina útgönguleið, sem felst í því að þeim er hjálpað við að ljúka námi, finna sér atvinnu og útvega sér húsnæði með handleiðslu stuðningsfulltrúa frá borginni.

Nú þegar hafa 40 ungmenni þegið boðið en vonast er til þess að á hverju ári geti um hundrad manns nýtt sér þetta úrræði. Talið er mögulegt að ná til 400 ungmenna í glæpaheiminum, auk þess sem vinna inni í fangelsum

gæti náð til enn fleiri. Danskir fjölmiðlar hafa í liðinni viku skýrt frá þessu verkefni, sem er í þann veginn að fara af stað eftir nokkurn undirbúningstíma.

Um framkvæmdina sér SSP, sem er samstarfsvettvangur skóla, félagsmálafyrivalda og lögreglu í Kaupmannahöfn.

„Það er mjög erfitt fyrir mörg ungmenni að fá atvinnu og það liggur þeim þungt á hjarta,“ er haft eftir Michael Melbye, framkvæmdastjóra SSP í Kaupmannahöfn, í danska dagblaðinu Berlingske Tidende.

„Svo getur verið nauðsynlegt að hjálpa þeim með búsetu, svo þeir búi ekki hjá glæpafélögum sínum eða í bráðabirgðahúsnæði,“ segir hann einnig.

Sérstök áhersla er lögð á að

hjálpa þeim að taka upp þráðinn í skóla og sjá til þess að þeir geti lokið námi. Það bæti mjög stöðu þeirra til þess að finna sér heilvænlega fótfestu í lífinu.

Meginhugmyndin er sú að það skili ekki fullnægjandi árangri að láta lögregluna eina um að berjast gegn glæpastarfsemi.

„Við höfum áttað okkur á því að ef við tökum ekki á okkur ábyrgð og veitum þessu forystu, þá hjálpar það ekki mikið að segja að lögreglan eigi að leysa vandann,“ hefur Berlingske eftir Frank Jensen, borgarstjóra í Kaupmannahöfn. „Við verðum að gera eitthvað til að koma í veg fyrir að ungt fólk fari inn í umhverfi glæpagengjanna og hjálpa þeim sem vilja komast út.“

gudsteinn@frettabladid.is



ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN
Háteigsvegur 56 • 105 Reykjavík • Sími 551 0999

Óháði söfnuðurinn

Aðalfundur safnaðarins verður haldinn sunnudaginn 25. apríl, eftir messu kl. 14 í safnaðarheimilinu Kirkjubæ.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
 - a) kjör fundarsstjóra og fundarritara
2. Skýrsla formanns
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og lögð til samþykktar
4. Skýrsla safnaðarstjórnar
5. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar
6. Lagabreytingar
7. Kosning formanns
8. Kosning tveggja stjórnarmanna
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanns.
11. Önnur mál
12. Fundi slitið

www.ohadisofnudurinn.is



Signý Kolbeinsdóttir hönnuður



Ómar Stefánsson kokkur

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.



50 ilmandi matseðlar.



FRUMSÝNING UM HELGINA Á
NÝJUM HYUNDAI SPORTJEPPA:

ix35



ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og *ix35* frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma um helgina til að reynslu-aka *ix35* og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

Verð: **4.990.000 kr.**

Gerðu þér dagamun um helgina,
skoðaðu glæsilegan, nýjan Hyundai
og þiggðu hjá okkur veitingar.

OPIÐ:
laugardag
kl. 12-16,
sunnudag
kl. 13-16



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



598

KR. KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1598

KR. KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



898

KR. KG

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK



1298

KR. PK

BÓNUS NAUTABORGARAR FROSNIR 10X120G



298

KR. PK

BÓNUS FERSKT PÍTUBRAUÐ 4 STK



359

KR. PK

EUROSHOPPER WOKPÖNNU-GRÆNMETI 1 KG



359

KR. PK

EUROSHOPPER BROKKOLÍ & BLANDAÐ GRÆNMETI 1 KG



359

KR. PK

EUROSHOPPER BROKKOLÍ 1 KG



20.000 kaffipakkar í boði á þessu verði:

398 KR. PK

BKI Classic kaffi mellanrösted 500g



198

KR. STK

MYLLU HVÍTT SAMLOKUBRAUÐ 770G



198

KR. STK

BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNABRAUÐ 500G 198 KR



298

KR. PK

ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250G



298

KR. PK

ALLETIDERS FROSIN BERJABLANDA 350G



298

KR. PK

ALLETIDERS FROSIN EKSOTISK ÁVAXTABLANDA 250G



298

KR. PK

ALLETIDERS FROSIN JARÐARBER 500G

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPÍÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUÐ: 12:00-18:00

BONUS BONUS BONUS BONUS

Opnum kl.10 í dag Opnum kl.10 í dag



998

KR.KG

N.F FROSID GRÆNMETISBUFF



598

KR.KG

K.S FROSID SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR



598

KR.KG

K.S FROSNIR SALTFIŠKBITAR



259
KR. PK

EUROSHOPPER ELDHÚSRÚLLUR 4 STK



BÓNUS SMYRILL 300g

Nú með 20% afslætti

111 kr. dósín

Alltaf mjúkur úr ísskápnun



998
KR. PK

ANDREX WC PAPPÍR 12 RÚLLUR

ALLT Í NÚÐLUSÚPUNA



28
KR. PK

ROOKEE NÚÐLUR 85g PAKKINN / 4 TEG.



1298

KR. KG

FERSKT KRYDDAÐ FJALLALAMBALÆRI
AÐ NORÐAN

35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1998 KR.KG.



KJARNAFÆÐI

398

KR. KG

TILBOÐ FERSKT NYTT KJÖTFARS



KJARNAFÆÐI

398

KR. KG

TILBOÐ FROSID SPARHAKK



195

KR. PK

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG

BONUS BÝÐUR BETUR



OPID: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

FBL GREINING: iPad-lestölván

Heit græja frá Apple

iPad er nýjasta græjan frá bandaríska tæknirisanum Apple. Áður en Steve Jobs, forstjóri fyrirtækisins, kynnti frumgerð hennar á tækniráðstefnu í janúar höfðu miklar vangaveltur verið uppi um hverslags hlut væri að ræða. Líkt og flestir gerðu ráð fyrir var um lestölvu að ræða. En þrátt fyrir að vera skilgreind sem lestölvu býr iPad-inn yfir meiri möguleikum. iPad-tölvurnar sem nú eru komnar á markað geta tengst staðarneti (Wi-Fi) og því er hægt að tengjast Netinu, lesa netmiðla, horfa á kvikmyndir, hlusta á tónlist, skoða ljósmyndir sem hlaðið hefur verið inn í tölvuna og spila tölvuleiki. Ekki er endalaust hægt að hlaða efni inn í tölvuna og kemur hún því ekki í stað heimilistölvu. Sú minnsta af þeim þremur sem komu á markað í Bandaríkjunum um síðustu helgi er með sextán gígabæta hörðum disk en sú stærsta með 64 gígabæta disk.



Hvað greinir iPad frá öðrum lestölvum?

Nokkru áður en iPad-tölván kom á markað var mikið úr því gert að um lestölvu væri að ræða. Fjöldi lestölvu er þegar til á markaðnum. Þekktastar þeirra eru frá Sony og Amazon. Sú síðastnefnda kom á markað fyrir tæpum þremur árum. Flestar lestölvurnar eiga það þó sammerkt að vera bundnar við formið, það er að segja, fátt annað er hægt að gera á tölvunum en lesa skjöl, hvort heldur er á PDF-sniði eða öðrum.

Fyrir hverja er iPad-tölván?

Það sem vakið hefur eftirtekt þeirra sem prófað hafa iPad-tölvuna er hvað hún getur framkvæmt marga hluti. Eins og áður sagði má rápa um Netið á henni og nýta flesta þá möguleika Netsins sem í boði eru. Tölván er líkust stórum iPod Touch. Stærð skjásins gerir það hins vegar að verkum

að möguleikarnir nýtast betur en í smágerðari tækjum frá Apple.

Þá þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir áskrift að fjölmiðlum sem sérsniðnir eru fyrir iPad-tölvuna. Margir fjölmiðlar eru engu síður að vinna að því að sérsníða miðla sína fyrir tölvuna. Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni er útgáfufélagið Edda eitt þeirra. Það hefur á teikniborðinu að sníða teiknimyndablöðin um Andrés Ónd og félag hans fyrir iPad-inn.

Tölván er smá í sniðum, litlu minni en eitt A4 blað og undir kíló. Lyklaborðið er innbyggð en mögulegt er að nota þráðlaust lyklaborð. Smæð harða disksins gerir það hins vegar að verkum að tiltölulega lítið efni er hægt að vista á henni. Það er ekkert USB tengi á henni sem gerir það að verkum að hvorki er hægt að flytja gögnum úr henni á aðra tölvu eða utanálíggjandi harðan disk né prentara. Við fyrsta mat er tölván öðru fremur hugsuð til lítilla og einfaldra verka, til afþreyingar, netráps uppi í sófa og fyrir fólk á ferð sem þarf ekki á viðamiklum tölvum að halda. Tölván er því ekki fyrir skólafólk eða aðra sem þurfa að nýta hana sem vinnutölvu.

Þá kom í Fréttablaðinu í vikunni að þótt tölván hafi komið á markað ytra fyrir viku er lengra að bíða þar til hún kemur í verslanir hér, líklega ekki fyrr en um næstu júl í fyrsta lagi. Málið strandar á íslensku lyklaborði, sem nýtur ekki forgangs hjá Apple.



Stuðningur ESB við atvinnu- og byggðapróun í aðildarríkjunum

Ráðstefna í Salnum í Kópavogi

fimmtudaginn 15. apríl og föstudaginn 16. apríl 2010

Á ráðstefnunni verður fjallað um stuðning ESB við efnahags- og atvinnulíf í aðildarríkjunum og aðgerðir til að auka samkeppnishæfni svæða.

Meðal umfjöllunarefna er hlutverk stuðningskerfa ESB á sviði byggðamála og atvinnuuppbyggingar, s.s. innan sjávarútvegs og landbúnaðar, með áherslu á nýsköpun, menntun og markvissa áætlanagerð. Beint verður sjónum að svæðisbundnum samstarfsáætlunum og stefnu ESB um atvinnuþróun, félagslega samstöðu og uppbyggingu mannaúds í dreifbýli og þéttbýli.

Framkvæmdastjórn ESB mun fjalla um markmið, uppbyggingu og verkefni Byggðapróunarsjóðs Evrópu, Félags- og mannaúds-sjóðs Evrópu, Dreifbýlispróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Evrópska fiskveiðisjóðsins, auk þess að greina frá þeirri aðstoð sem umsóknarríkjum stendur til boða.

Þá munu fyrirlesarar frá aðildarríkjum ESB, þ.e. Möltu, Finnlandi, Danmörku og Eistlandi, fjalla um reynsluna af þeim stuðningi sem þessi ríki hafa notið.

Ráðstefnan fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis. Ráðstefnan er öllum opin og er hún jafnframt send út á vefnum (webcast) sjá upplýsingar á www.utanrikisraduneytis.is

Góðfúslega tilkynnið þátttöku á netfangið skraning@utn.stjr.is eða í síma 545 9968 fyrir lok mánuðagsins 12. apríl nk.

Ráðstefnan hefst kl. 9.00 fimmtudaginn 15. apríl. Dagskrá ráðstefnunnar má finna á www.utanrikisraduneyti.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITAFÉLAGA



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



FRÉTTASKÝRING: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Könnun sýnir lítið breytt fylgi flokka í Kópavogi

Engar breytingar verða á fjölda bæjarfulltrúa frá hverju framboði í Kópavogi í komandi sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Mjög hátt hlutfall kjósenda hefur ekki gert upp hug sinn.

Litlar breytingar hafa orðið á fylgi flokkanna í Kópavogi frá sveitarstjórnarkosningunum 2006, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á fimmtudagskvöld. Yrðu niðurstöður kosninga þann 29. maí í samræmi við niðurstöður könnunarinnar fengju flokkarnir óbreyttan fjölda bæjarfulltrúa frá því sem nú er.

Athygli vekur að afar lágt hlutfall þeirra 800 Kópavogsbúa sem hringt var í vildi taka afstöðu til spurningarinnar. Aðeins 54,9 prósent gáfu upp afstöðu sína. Svo lágt svarhlutfall hefur áhrif á nákvæmni mælingarinnar.

Ríflega fjórðungur þeirra sem ekki tóku afstöðu sagðist ekki búinn að ákveða hvaða flokk hann ætluðu að kjósa.

Sjálfstæðisflokkurinn stærstur

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með stuðning 41,2 prósentu þeirra sem afstöðu tóku á könnuninni, en fékk stuðning 44,3 prósentu í kosningunum 2006. Yrðu þetta niðurstöður kosninga fengi flokkurinn fimm bæjarfulltrúa, sama fjölda og hann er með í dag.

Samfylkingin er sem fyrr næststærsti flokkurinn, með stuðning 33 prósentu samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn fékk 31,3 prósent atkvæða í kosningunum og fjóra bæjarfulltrúa, og mun halda óbreyttum fjölda bæjarfulltrúa miðað við niðurstöður könnunarinnar.

Vinstri græn njóta stuðnings 14,6 prósentu þeirra sem afstöðu tóku, en fékk 10,4 prósent atkvæða í kosningum. Flokkurinn myndi halda sínum eina bæjarfulltrúa yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina.

Alls sögðust 10 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 styðja Framsóknarflokkinn. Flokkurinn naut stuðnings 12 prósentu í kosningunum vorið 2006.


Samkvæmt upplýsingum frá Frjálslynda flokknum stefnir flokkurinn á að bjóða fram lista í Kópavogi. Stuðningur við framboðið mælist 1,1 prósent, en flokkurinn bauð ekki fram í kosningunum í maí 2006.

Oddvitaskipti gætu breytt miklu

Mikill fjöldi óákveðinna kemur í sjálfu sér ekki á óvart, segir Grétar Þór Eypórsón, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. Kosningabaráttan sé varla byrjuð, og almenningur sé frekar með hugann við væntanlega skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en sveitarstjórnarkosningar seint í maí.

Grétar segir erfitt að segja fyrir um hvernig fylgi óákveðinna muni deilast niður á flokkana. Hefðbundið sé að reikna með því að stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins séu frekar til í að gefa upp skoðun sína en stuðningsmenn annarra flokka. Það gæti þýtt að fylgi óákveðinna fari frekar til annarra flokka. Þó sé erfitt að meta hvort ástandið í þjóðmálunum undanfarið hafi

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR KÓPAVOGUR



SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 8. APRÍL

Ekki ávísun á sama meirihlutasamstarf

Þótt bæjarfulltrúar deilist eins niður á flokkana samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 og eftir kosningarnar 2006 þarf fremur litlar breytingar á fylgi flokkanna til að sú staða breytist.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkur eru nú í meirihlutasamstarfi, Sjálfstæðisflokkurinn með fimm bæjarfulltrúa af ellefu, og Framsóknarflokkurinn með einn. Samfylkingin er í dag með fjóra bæjarfulltrúa og Vinstri græn einn.

Grétar Þór Eypórsón, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir Vinstri græn afar nærri því að ná inn öðrum manni, á kostnað annað hvort Sjálfstæðisflokks eða Samfylkingarinnar, samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar. Fengju Vinstri græn tvo bæjarfulltrúa og Samfylkingin fjóra væri ekki hægt að mynda meirihluta í bæjarfélaginu án aðkomu vinstri flokkanna.

Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 myndi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks halda velli með sex bæjarfulltrúa af ellefu, sama fjölda og í dag. Slík niðurstaða er þó ekki ávísun á sama meirihlutasamstarf, segir Grétar.

Hann bendir á að þrátt fyrir að stirt hafi verið milli bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisfólks á kjörtímabilinu sé samstarf flokkanna ekki útilokað. Þar skipti persónur mestu máli, og báðir flokkarnir tefli nú fram nýjum oddvitum.

Sami maður leiðir hins vegar lista Framsóknarflokksins og fyrir kosningarnar 2006. Grétar segir vel mögulegt að Ármann Kr. Ólafsson, nýr oddviti Sjálfstæðisflokksins, gæti verið hikandi við að fara í samstarf við sama mann og starfaði svo lengi við hlið Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra Sjálfstæðisflokks.

haft áhrif á hversu viljugir þátttakendur í skoðanakönnunum séu til að gefa upp afstöðu sína.

Mikla athygli vekur að Sjálfstæðisflokkurinn skuli því sem næst halda sínu kjörfylgi, þrátt fyrir átakamál sem upp hafa komið í bænum á kjörtímabilinu.

Sjálfstæðismenn skiptu um oddvita í prófkjöri sínu, og gæti það haft veruleg áhrif á þá staðreynd að flokkurinn svo gott sem heldur sínum hlut, segir Grétar. Niðurstaðan hljóti að vera Ármanni Kr. Ólafssyni, nýjum oddvita flokksins, ákveðinn léttir.

Nákvæmni skoðanakönnana er mæld með svokölluðum vikmörkunum. Því hærri sem vikmörkin eru, því ónákvæmari eru niðurstöðurnar. Vikmörkin eru því hærri sem svarhlutfallið í könnuninni er lægra.

Aðeins tæplega 55 prósent þeirra sem haft var samband við á fimmtudagskvöldið vildu gefa upp hvaða flokk þeir hygðust kjósa í kosningunum.

Þegar fylgi flokkanna er reiknað saman við vikmörkin sést að munurinn á fylgi allra flokka annarra en Vinstri grænna í könnuninni og kosningunum 2006 er innan skekkjumar könnunarinnar. Það er með öðrum orðum ekki hægt að fullrýða um hvort flokkarnir hafi bætt við sig fylgi eða tapað fylgi þar sem munurinn er ekki marktækur.

Lítill munur var á afstöðu þátt-

takenda í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 eftir kynjum. Munurinn á afstöðu kynjanna var í öllum tilvikum innan vikmarka, og því ekki marktækur.

Þráspurt til að auka áreiðanleika

Hringt var í 800 manns í Kópavogi fimmtudaginn 8. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 54,9 prósent afstöðu.

Fréttablaðið hefur lengi viðhaft þá aðferðafræði að nota þrjár spurningar til að fá sem flesta til að taka afstöðu. Þessi aðferðafræði, sem þróuð var af sérfræðingum á sviði skoðanakönnana, hefur skilað hvað nákvæmstunum niðurstöðum samanborið við úrslit kosninga. Hún vinnur gegn því að fylgi ákveðinna flokka mælist hærra eða lægra en það er í raun.



BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is



TOYOTA

Sjóðheitir bílar með öryggið í fyrirrúmi



iQ



AYGO



Yaris



Urban Cruiser



Auris



Corolla



Verso



Avensis



Prius



RAV4



Land Cruiser 150



Land Cruiser 200



Hilux



Hiace




Dyna

Í dag er sýning á 2010 vörulínu Toyota. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér fjölmargar nýjar útfærslur sem og akstursöryggi bílanna. Risaljósmyndir af eldgosinu á Fimmvörðuhálsi og allir gestir fá hraun og gos.

Funheit tilboð á betri notuðum bílum.

Opið frá kl. 12.00 - 16.00.



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is



Today
Tomorrow
Toyota

Hvernig munu aðalpersónurnar taka skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?

Afneitun eða lærdómur?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, tjáði sig um væntanlega skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í viðtali við þýzkan blaðamann, sem Fréttablaðið sagði frá í gær. Hún lagði þar áherslu á að hún hefði lítið vitað um það sem var að gerast í fjármálageiranum. „Hinir vissu líklega mun meira en ég,“ sagði Ingibjörg.

Hún sagðist sömuleiðis ekki sjá neitt sem hún hefði getað gert betur í aðdraganda hrunsins – nema kannski að hún hefði átt að gera meiri kröfur til samstarfsflokks síns í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokksins.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta er athyglisverð afstaða hjá ráðherranum fyrrverandi. Það eina, sem hún gerði rangt, var að krefjast þess ekki af samstarfsflokki að hann breytti öðruvísi!

Engu var líkara en að Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, væri að senda fyrrverandi formanni sínum pillu í grein, sem hún skrifaði á vef ungra jafnaðarmanna í gær. „Ekki benda á mig, var sameiginlegur kór þeirra sem ábyrgð báru,“ skrifar þingmaðurinn. „Allir bentu á einhverja aðra og helst til útlanda. Þetta ástand þarf ekki að koma á óvart, en er óviðunandi í lýðræðisþjóðfélagi.“

Sigríður Ingibjörg telur að á mánudaginn, þegar skýrslan kemur út, hefjist sami leikurinn að nýju; enginn kannist við ábyrgð sína og menn bendi þess í stað á aðra. Nauðsynlegt sé að Samfylkingin taki ekki þátt í þessum leik. „Þegar skýrslan liggur fyrir verður hver og einn að gangast við ábyrgð sinni,“ skrifar hún.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tekur þennan sama heilbrigða pól í hæðina í bréfi, sem hann sendi flokksmönnum sínum í gær. „Þjóðin á að sameinast um að draga lærdóm af skýrslunni eins og kostur er og nýta niðurstöður hennar á sem uppbyggilegastan hátt svo tryggð verði að sagan endurtaki sig ekki,“ skrifar hann. Bjarni leggur til að sjálfstæðismenn taki niðurstöður skýrslunnar alvarlega, forðist dómhörku og sleggjudóma gagnvart þeim, sem niðurstöður hennar varði og nýti tækifærið til að ná sátt í samfélaginu og hefja uppbyggingu á nýjum grunni.

Samkvæmt íslenskri umræðuhefð er líklegt að þeir, sem voru í ábyrgðarstöðum í fyrirtækjum, stjórnárum og stjórnvöldum þegar bankakerfið hrundi, bregðist við niðurstöðum rannsóknarskýrslunnar annaðhvort með því að segja: Þetta sagði ég alltaf, ég hafði rétt fyrir mér, eða þá með því að benda á aðra og segja: Ég hefði ekki átt að gera neitt öðruvísi.

Eigi skýrslan hins vegar að gera nokkurt einasta gagn, er algjört lyklatríði að aðalpersónur hrunsins fari að ráðum þeirra Sigríðar og Bjarna og spyrji sem svo: Hvað getum við lært af niðurstöðunum? Hvernig komum við í veg fyrir að slíkt gerist nokkurn tímann aftur?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Námskeið um ræktun matjurta og kryddjurta til heimilisnota

Heiður Björnsdóttir kennir hvernig rækta má grænmeti og kryddjurtir með lítilli fyrirhöfn!

NÝ
NÁMSKEIÐ



Áhugasamir skrái sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 kl:10-18 alla virka daga. Verð kr. 4.500.-

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Þriðjud. 13. apríl
Þriðjud. 20. apríl



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Háeffun starfsmannalaganna

Þótt á ýmsu hafi gengið er enn í fersku minni flestra þegar landsmenn vöknúðu til og sofnuðu frá fréttum um kaup, sölu og samruna fyrirtækja. Þegar einn hópur viðskiptajöfra hafði keypt af öðrum varð jafnan trúnaðarbrestur með þeim afleiðingum að helstu stjórnendur voru reknir um leið og nýir eigendur gengu um ganga í fyrsta sinn.

Í fyrstu hrukku landsmenn við þegar slíkar fréttir voru sagðar. Skjótt fóru þær þó inn um annað eyrað og út um hitt. Í hlutafélgum ræður huglægt mat eiganda hvort trúnaður ríkir milli hans og stjórnanda. Meira þarf ekki til en stjórnandi hafi verið ráðhollur fyrri eiganda til þess að trúnaður bresti gagnvart þeim nýja. Kald-



ÞORSTEINN PÁLSSON

þýðir að trúnaður á milli ráðherra og forstöðumanns ríkisstofnunar ræðst ekki af huglægu mati ráðherra. Hann getur aðeins brostið ef forstöðumaður vikur frá þeim efnislegu kröfum sem skýrt er mælt fyrir um í lögum. Hér er um eðlismun að ræða.

Heilbrigðisráðherra hefur

rifjað; en þannig gerast kaupin á eyrinni.

Þessu er á annan veg farið í ríkisstofnunum. Skyldur forstöðumanna þeirra eru nákvæmlega skilgreindar í lögum. Það þýðir að trúnaður á milli ráðherra og forstöðumanns ríkisstofnunar ræðst ekki af huglægu mati ráðherra. Hann getur aðeins brostið ef forstöðumaður vikur frá þeim efnislegu kröfum sem skýrt er mælt fyrir um í lögum. Hér er um eðlismun að ræða.

nú ákveðið að áminna forstjóra Sjúkratrygginga vegna trúnaðarbrests. Sá trúnaðarbrestur er ekki skýrður með tilvísun í brot gegn tilteknum ákvæðum starfsmannalaga eða fyrirmæla í erindisbréfi. Trúnaðarbresturinn virðist af því sem fram hefur komið alfarið byggjast á huglægu mati ráðherrans.

Með öðrum orðum: Heilbrigðisráðherra hefur brugðið á loft sama kvarða til að mæla trúnað og viðskiptajöfrarnir notuðu fyrir hvern. Vandráðherra er hins vegar sá að það siðferði sem þá gildi í hlutafélgum rímar ekki í einu og öllu við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og er auk þess andstætt tíðarandanum eins og hann er nú orðinn; guði sé lof.

Skyldur ríkisforstjóra

Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna segir: „Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf.“ Þetta þýðir að það er forstöðumaðurinn en ekki ráðherra sem ábyrgðina ber. Það er forstöðumaðurinn sem sýna þarf aðgæslu til að tryggja rétta framkvæmd laga. Lögum sam-

kvæmt getur hann ekki skýlt sér á bak við mat ráðherra.

Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis, óháð ráðherra-valdi. Hún hefur aðgang að gögnum ríkisstofnana til að staðreyna greiðsluskýldu ríkissjóðs í einstökum tilvikum. Vandvirkur forstöðumaður leitar til Ríkisendurskoðunar ef minnsta álitafni gefur tilefni til. Það heitir að byrgja brunninn. Einnig má

kalla þetta góða stjórnsýslu. Ber forstjóra að snúa sér til ráðherra áður en hann leitar aðstoðar sjálfstæðs eftirlits Alþingis? Það getur átt við þegar mál eru á undirbúningsstigi í ráðuneyti. Eftir að ráðherra hefur opinberlega birt reglur eða stjórnvaldsfyrirmæli gildir þetta sjónarmið ekki þar sem ábyrgðin hefur þá eftir lögum færst frá ráðherranum til forstjórans.

Fyrir hvað má áminna?

Í tveimur ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru talin þau tilvik sem ráðherra getur notað til áminningar. Þau eru:

- 1)Útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum. – Á augljóslega ekki við.
- 2) Verkefnum stofnunar er ekki sinnt eða þjónusta hennar telst óviðunandi. – Á augljóslega ekki við.
- 3) Starfsmaður hefur sýnt óstundvísi eða aðra vanrækslu í starfi. – Á augljóslega ekki við.

4) Óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns. – Á augljóslega ekki við.

5) Vanunnátta eða óvandvirkni í starfi. – Á augljóslega ekki við.

6) Starfsmaður hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi. – Á augljóslega ekki við.

7) Starfsmaður hefur verið ölvður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósamlegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. – Á augljóslega ekki við. Eftir stendur að heilbrigðisráð-

herra hefur ákveðið að áminna forstjóra ríkisstofnunar fyrir samviskusemi og trúnað við fjárveitingavald Alþingis. Samstarf forstjóra ríkisstofnana við Ríkisendurskoðun leiðir stundum í ljós óþarfur áhyggjur en kemur í annan tíma í veg fyrir slys. Fari samstarfið ekki fram verða fleiri slys.

Forsætisráðherra hefur oft brugðið skildi fyrir góða siði. Nú bergmálar þögn hans og nokkurra annarra svo í háum solum Alþingis að athygli vekur um víðan völl.



ENEMM / SIA / INM41530



KAUPAUKI
2x bió
2x Domino's
2x Serrano



LG Viewty
Útborgun

0kr.

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreiðsluverð: 29.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Athugið að inneign í simatíðum virkjar ekki vanaafslátt Ring.

24 þúsund kr. inneign og Gláp og gott fylgir þessum síma.

Alvöru GSM símar á frábæru tilboði á ring.is.

Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vínahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti
vínahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Endurbætur á traustum grunni

Stjórnsýsla

Jóhanna
Sigurðardóttir
Forsætisráðherra



Öll ráðuneyti og stofnanir þeirra hafa tekist á við margvíslegar breytingar í umhverfi sínu í kjölfar hruns bankakerfisins. Í fyrri grein minni fjallaði ég um helstu úrbætur sem nú þegar hefur verið unnið að á vettvangi forsætisráðuneytisins og miða að því að gera umhverfi stjórn mála og stjórnsýslu lýðræðislegra, skilvirkara og traustara. Í þessari síðari grein minni mun ég beina sjónum mínum að sambærilegum umbóta- verkefnum sem unnin hafa verið á vettvangi annarra ráðuneyta frá hrúni bankakerfisins.

• Nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti, sem sett var á stofn 1. október sl. í því augnamiði að styrkja stjórnun efnahagsmála, færa undir eitt ráðuneyti mikilvægur stofnanir og starfsemi og fækka þannig þeim ráðuneytum sem koma að stjórnun efnahagsmála.

• Róttækt frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármála- fyrirtæki hefur verið lagt fram þar sem m.a. er kveðið á um auknar eftirlitsheimildir FME, bann við lánnum með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum lánveitanda og miklar takmarkanir á lánveitingum til lykilstarfsmanna. Auknar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja, heimildir til hvatakerfis og starfslokasaminga verða takmarkaðar.

• Hlutfélagalögum og einkahlutfélagalögum hefur verið breytt m.a. með það að markmiði að auka gagnsæi um eignarhald og atkvæðisrétt í hlutfélagum og að jafna kynjahlutföll í stjórnnum og meðal starfsfólks.

• Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði hefur verið lagt fram. Þar er m.a. lagt til að auknar kröfur verði gerðar til rekstrarfélaga og að strangari reglur gildi um fjárfestingar tengdra aðila til að koma í veg fyrir krossseignatengsl.

• Ný stjórn og yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins var skipuð og gagnsæi í störfum þess hefur verið aukið. FME rannsakar nú ýmis mál vegna gruns um brot á lögum sem gilda á fjármálamarkaði og

hefur þegar vísað tugum mála til sérstaks saksóknara, efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og embættis ríkissaksóknara.

• Miklar breytingar urðu á starfsemi Seðlabankans á sl. ári með nýjum lögum. Auk nýrrar stjórnar bankans var skipuð peningastefnunefnd sem fer með vaxtaákvæðanir bankans. Nú er unnið að langtímaáætlunum og sviði peningamála í Seðlabankanum og boðuð hefur verið heildarendurskoðun á lögum um bankann.

• Samningur var gerður við Evu Joly um aðkomu hennar að rannsókn sérstaks saksóknara á atburðum tengdum falli íslensku bankanna. Framlag til rannsóknarinnar var stórukið, saksóknurum embættisins var fjölgað um þrjú, tugir einstaklinga ráðnir til starfa og ráðherra skipaði einnig sérstakan ríkissaksóknara yfir embættið.

• Vegna aukins álags á dómskerfið hafa verið samþykkt lög sem heimila fjölgun héraðsdómara um fimm auk þess sem starfsmönnum embættanna hefur verið fjölgað.

• Lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um dómstóla þar sem lagðar eru til nýjar reglur um fyrirkomulag til skipun dómara, aukið vægi matsnefndar og aðkomu Alþingis þegar

alfarið um samskipti við fjármála- fyrirtæki sem tengjast eiganda- hlutverki ríkisins. Markmiðið er að umsýsla eignarhluta verði fagleg og traust og hafin yfir vafa.

• Gerð var könnun á þörf á skatteftirliti í kjölfar bankahrunsins og í framhaldi af henni ákveðið að stórefla skatteftirlit og skattrannsóknir og veitt til þess fé. M.a. var lögleidd skylda fjármálastofnana til að veita skattyf- irvöldum allar upplýsingar um eignir, skuldir, tekjur af hvers konar fjármálaáhrifum og tekin upp lagaákvæði um skattskyldu aflandsfélaga. Þá hafa verið samþykkt lög sem heimila skattyf- irvöldum kyrrsetningu eigna til tryggingar á vangoldnum sköttum vegna mála sem sæta rannsókn.

• Lagt hefur verið fram frumvarp um fyrstu heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra. Þar er m.a. að finna reglur um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og ítarlegri vernd heimildarmanna blaða- og fréttamanna.

Margt fleira gæti ég nefnt en í þessum tveimur greinum hef ég farið yfir helstu þætti þeirrar róttæku uppstokunar sem ríkisstjórnir mínar hafa beitt sér fyrir frá hrúni. Því fer fjarri að enn sjái fyrir endann á þessum



Frá fyrsta degi hafa ríkisstjórnir mínar verið einbeittar í því að breyta lagaumhverfi og vinnubrögðum til að tryggja að mistök fortíðarinnar endurtaki sig ekki...

ráðherra vill víkja frá tillögum matsnefndar.

• Endurreisn viðskiptabankanna tókst mun betur en vonir stóðu til og samkomulag náðist við kröfuhafa gömlu bankanna. Nýju viðskiptabankarnir eru því fullfjármagnaðir og traustir.

• Vegna endurreisnar bankakerfisins hefur ríkið sett sér eigandastefnu. Stefnan tekur mið af þeim sérstöku aðstæðum sem skapast hafa við endurreisn bankakerfisins og með henni er leitast við að skapa trúverðuleika og traust á ríkinu sem eiganda fjármálafyrirtækja.

• Bankasýsla ríkisins hefur tekið til starfa og sér stofnunin

miklu breytingum og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis mun án efa benda á brotalamir sem enn hefur ekki verið tekið á. Frá fyrsta degi hafa ríkisstjórnir mínar verið einbeittar í því að breyta lagaumhverfi og vinnubrögðum til að tryggja að mistök fortíðarinnar endurtaki sig ekki og að endurreisnin verði byggð á traustum grunni til framtíðar. Þessu mikilvæga verkefni miðar vel og það er trú mín og víska að niðurstöður þeirrar yfirgríp- miklu og fordæmalausa rannsóknar á aðdraganda hrunsins sem birtast mun þjóðinni á mánu- daginn muni nýtast til enn frekari umbóta í þessum efnun.

Fiskveiðistefna Íslands og ESB

Evrópumál

Helgi Áss Grétarsson
Sérfræðingur við Laga-
stofnun Háskóla Íslands



Saga íslenskrar fiskveiðistjórn- ar sýnir hversu erfitt það er og flókið að koma á fót skilvirku og þjóðhagslega hagkvæmu fiskveiðistjórnkerfi sem um leiðir samrýmst hugmyndum manna um réttlæti. Þegar rætt er um réttlæti er mikilvægt að hlutirnir séu settir fram í sam- hengi, m.a. hverjar séu afleiðing- ar þess að hafa fiskveiðistjórn- kerfi A fremur en B? Einnig þarf ávallt að hafa heildarmyndina í huga því þótt eitt grundvallar- atriði í fiskveiðistjórnkerfi geti sýnst óréttlát, svo sem fram- sal veiðiheimilda, þá getur það verið nauðsynlegt til að kerfið í heild gangi upp. Illu heilli, að mínu mati, hefur þessa heildar- mynd oft skort þegar menn hafa rætt um íslenska fiskveiðistjórn og meint óréttlæti hennar. Jafn- fram hefur að mínu mati skort á að íslensk fiskveiðistjórn sé borin saman við sambærileg stjórnkerfi annars staðar, svo sem fiskveiðistjórn ESB.

Ólíkt því sem margir halda fram (sjá m.a. grein Úlfars Haukssonar í Fréttablaðinu 31. mars sl.), þá á sameiginleg fisk- veiðistefna ESB ekki rætur sínar að rekja til þess að forsvars- menn Evrópuríkja hafi fengið innblástur um nauðsyn þess að hafa sameiginlega stefnu í þess- um málum. Upphaf hennar má rekja til hagsmuna þeirra sex ríkja sem stofnuðu Efnahags- bandalag Evrópu þegar ljóst var að fjögur fiskveiðiríki sóttu um aðild að bandalaginu árið 1970. Um það leyti sem aðildarviðræð- ur hófust var sú grundvallar- regla sett að aðildarríki skyldu hafa jafnan aðgang að fiskveiði- lögsögu hvers annars en með því vildu stofnríkin styrkja sam- ningsstöðu sína og tryggja að þau fengju aðgang að fiskimiðum væntanlegra aðildarríkja, þ.e. Bretlands, Danmerkur, Írlands og Noregs (Sjá m.a. bók Mark Wise frá árinu 1984 um sameig- inlegu fiskveiðistefnu ESB). Við sama tækifæri var mótuð sam- eiginleg styrkjastefna sem í 40 ár hefur aukið líkur á rányrkju, offjárfestingu og millifærslu fjármuna úr vasa skattborgara til einstakra aðila innan evr- ópsks sjávarútvegs.

Það hefur aldrei verið rök- bundin nauðsyn að ESB hafi svo mikið vald við að stjórna fisk-

veiðum í atvinnuskyni. Sú rétt- arstaða varð að veruleika vegna hagsmunamats stjórnmalamanna á sínum tíma en kom bræðra- bandalagshugsjónum um sam- eiginlega fiskstofna lítt við. Sú skýring að sterkt miðstjórnar- vald þurfi að vera á þessu sviði er að mínu mati eingöngu eft- iráskýring. Þessi meginstefna hefur svo gilt þegar aðildarvið- ræður hafa verið teknar upp við önnur fiskveiðiríki, þ.e. valdið til að setja lög um verndun fisk- veiðiauðlindarinnar er í höndum ESB en ekki í höndum einstakra aðildarríkja. Við það verður nýtt umsóknarríki að una, rétt eins og Bretland, Danmörk, Írland og Noregur (Norðmenn felldu aðild- arsamninginn í þjóðaratkvæða- greiðslu) þurftu að gera forðum daga.

Akvarðanatataka innan ESB á sviði fiskveiðimála sem og kerfið til að framfylgja fiskveiðilög- gjöfinni er með þeim hætti að engin ber í reynd ábyrgð á skyn- samlegri nýtingu auðlindarinnar (sjá t.d. skýrslu endurskoð- enda ESB nr. 7/2007). Ekki hefur verið samstaða um að koma á fót samræmdu aflamarkskerfi með framseljanlegum aflaheimild- um, en kvótakerfi án framsals er kerfi sem venjulega er dæmt til að mistakast vegna ósveigjan- leika. Árangurinn af hinu sam- eiginlega kvótakerfi ESB frá árinu 1983 dæmir sig að mestu leyti sjálfur: 88% fiskstofna ESB eru taldir ofveiddir og um 30% nytjastofna eru taldir í svo slæmu ásigkomulagi að óvíst sé að hægt sé að byggja þá nokkurn tíma upp. Skattborgarar í mörg- um aðildarríkjunum greiða háa styrki til atvinnugreinarinnar og þekkist það jafnvel í sumum aðildarríkjum að árlegur eftir- litskostnaður sé hærrí en afla- verðmæti! Taprekstur er regla fremur en undantekning í sjáv- arútvegi aðildarríkja ESB.

Þrátt fyrir ýmsa ágalla íslenska fiskveiðistjórnkerfisins virðist það hafa yfirburði í sam- anburði við sameiginlega fisk- veiðistefnu ESB. Hvernig væri að ræða um réttlæti íslenska kerfisins og óréttlæti þess á slíkum grundvelli eða einhverj- um öðrum vitibornum forsend- um, svo sem á grundvelli stað- reynda um sögulega þróun þess eða t.d. með því að bera það saman við færeyska sóknardaga- kerfið við stjórn botnfiskveiða? Er það til of mikils mælst? Eða eigum við, í þessu örsamfélagi, kannski frekar að halda áfram að rökkræða þetta mikilvæga málefni á grundvelli slagorða og staðalimynda?

Norræn fjármögnun - kynning á tækifærum fyrir íslensk fyrirtæki

Norrænu fjármögnunarsjóðirnir NEFCO og NOPEF efna til kynningar á starfsemi sjóðanna og möguleikum íslenskra fyrirtækja til að sækja um stuðning á Hótel Nordica Reykjavík **fimmtudaginn 15. apríl kl. 08.00–10.00.**

NEFCO (Nordic Environment Finance Corporation) fjármagnar verkefni á grannsvæðum Norðurlanda í Austur-Evrópu, Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Verkefni skulu miða að því að minnka álag á umhverfið, t.d. við öflun og nýtingu orku, í iðnaði og við meðhöndlum úrgangs. NEFCO er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu ríkisstjórna Norðurlandanna.

NOPEF lánar/styrkir lítil og meðalstór fyrirtæki til forathugana á hagkvæmni þess að setja upp starfsemi í löndum utan EES svæðisins. NOPEF starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Dagskrá fundarins

- **Setning**
Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri og fulltrúi í stjórn NEFCO
- **Kynning á starfsemi NEFCO**
Magnus Rystedt, framkvæmdastjóri NEFCO
- **Möguleikar fyrir íslensk fyrirtæki**
Þórhallur Þorsteinson, fjárfestingastjóri hjá NEFCO
- **Kynning á starfsemi NOPEF**
Brynhildur Bergþórsdóttir, fulltrúi Íslands í stjórn NOPEF

Að fundinum loknum verða fulltrúar frá sjóðunum með viðtalstíma á hótelinu. Boðið verður upp á morgunverð.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku til umhverfisráðuneytisins í síðasta lagi þriðjudaginn 13. apríl á netfangið: postur@umh.stjr.is



Kvíðastjórnunarnámskeið



Sex vikna námskeið er að hefjast á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar undir stjórn Sóleyjar D. Davíðsdóttur og Unnar Jakobsdóttur Smára sálfræðinga. Kennar verða leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til draga úr áhyggjum og almennum kvíða, auka streituból og vellíðan.

Námskeiðið hefst 21. apríl og verður á miðvikudags- eftirmiðdögum frá 16:00-18:00. Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 en verð námskeiðs er 39 000 krónur. Nánari upplýsingar má finna á www.kms.is.

Meingallað frumvarp um sölu fasteigna

Nýlega var lagt fram á Alþingi mikilvægt neytendafrumvarp um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Frumvarpið er slíktum anmörkum háð að ekki verður við unað. Vinnan við frumvarpið var unnin fyrir hrúnið og ber keim af því frjálssræðis andrúmslofti sem þá réði för. Nefnd sem vann að frumvarpinu voru þröngur skorður settar enda leiðin vörðuð af viðskiptaráðuneytinu og erfitt að koma að brýnum úrbótum. Frumskilyrði fyrir setningu nýrrar löggjafar er að í henni felist réttarbætur. Gildandi löggjöf hefur reynst einkar erfíð í framkvæmd en frumvarpið boðar afturför í mörgum atriðum.

Neytendasamtökunum, Húseigendafélaginu og Félagi fasteignasala blöskraði

Neytendasamtökin, Húseigendafélagið og Félag fasteignasala sem hafa mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði sameinuðu krafta sína og settu fram tillögur að bráðnaðsynlegum réttarbótum. Ráðuneytið hafði að engu þær tillögur sem settar voru fram og sýndi óbilgírni. Það er því alrangt þegar ráðuneytið fullyrðir í frumvarpinu að „leitast hafi verið við að koma til móts við þau sjónarmið og gagnrýni sem helst hefur verið höfð uppi gagnvart núgildandi lögum“. Það er mikið áhyggjuefni þegar slíkar rangfærslur koma fram í stjórnarfrumvarpi. Þegar þannig háttar er brýnt að alþingismenn haldi vöku sinni gagnvart framkvæmdavaldinu.

Alvarlegir agnár eru víða í frumvarpinu. Hér á eftir verður einungis nokkurra getið.

Vinnan við frumvarpið var unnin fyrir hrúnið og ber keim af því frjálssræðis andrúmslofti sem þá réði för.

Tilgangsráðgjafi

Í 1. gr. frumvarpsins segir að tilgangur þess sé m.a. að tryggja neytendavernd og að fasteignaviðskipti geti farið fram með öruggum hætti auk þess sem fasteignasalar séu engum háðir í störfum sínum. Vitaskuld þurfa önnur ákvæði laganna að styðja við tilgangsráðgjafi þannig að tilgangi þeim sem stefnt er að verði náð, því fer á hinn bóginn víðs fjarri víða í frumvarpinu.

Skylduáðild að Félagi fasteignasala

Viðskiptaráðuneytið hélt því afdráttarlaust fram að fella þyrfti skylduáðild brott þar eð þingmenn myndu ekki samþykka áframhald skylduáðildar auk þess sem hugsanlega væri um að ræða brot gagnvart stjórnarskrá. Nefndin sem vann að frumvarpinu var á öndverðum meiði auk þess sem fyrir lá lögfræðilít frá tveimur virtum lögmönnum sem gengur í sömu átt og að niðurfelling skylduáðildar leiði til mun lakari stöðu neytenda en fyrir.

Eftir að nefndin hafði lokið störfum sínum samþykkti Alþingi lög um að tekin yrði upp skylduáðild að Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem alfarið sömu sjónarmið ráða og skylduáðild að Félagi fasteignasala byggir á í dag. Sú skipan var samþykkt af öllum þingmönnum þrátt fyrir að viðskiptaráðuneytið hafi haldið þveröfugu fram um vilja þingmanna og byggt frumvarpið á því!

Afleiðingar brottfalls skylduáðildar fasteignasala eru m.a.:

a) Felld er brott skylda fasteignasala að fylgja ströngum

Sala fasteigna

Grétar Jónsson

Formaður Félags fasteignasala



siðareglum við störf sín gagnvart neytendum.

b) Lögboðið eftirlit með fasteignasöllum að þeir fylgi siðareglum gagnvart neytendum er fellt niður.

c) Felld er brott skylda Félags fasteignasala að tilkynna eftirlitsnefnd um meint brot fasteignasala gagnvart neytendum. Þetta

er gert þrátt fyrir að öll alvarlegustu mál sem upp hafa komið í störfum fasteignasala undanfarin ár hafa verið upplýst vegna þessarar lagaskyldu.

Athugasemdir sem settar eru fram í frumvarpi

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu hefur viðskiptaráðuneytið m.a. sett inn ýmsar breytingar. Athugasemdir sem fylgja frumvarpinu eru mikilvæg lögskýringargögn. Staðhæfingar eru sums staðar beinlínis rangar og standast engan veginn auk þess sem ýmis atriði eru mjög

óljós og einsýnt að margháttuð túlkunarvandamál eiga eftir að koma upp verði frumvarpið samþykkt. Kröfu verður að gera til löggjafar að um mikilvæg atriði sé kveðið á með skýrum hætti en framkvæmdin skrumskæli ekki þær réttarbætur sem reynt er að koma á.

Í frumvarpinu er þess utan gert ráð fyrir að stór hluti athugasemda er fylgja eldri lögum sé ætlað að gilda áfram þrátt fyrir að um sé að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga. Þvílík vinnubrögð skapa óvissu og ruglingshættu á réttarsviði

þar sem einmitt er brýn þörf á skýrum og ótvíræðum leikreglum. Þessi vinnubrögð eru ekki til eftirbreytni og við þeim sérstaklega varað í handbók forsætisráðuneytisins um frágang lagafrumvarpa.

Lög um sölu fasteigna er mikilvæg neytendalöggjöf sem hefur að geyma margháttuð umgjörð um rétt neytenda í alla jafnan stærstu viðskiptum fólks á lífsleiðinni. Það er óhæfa að ekki sé betur vandað til. Brýnt er að Alþingi haldi vöku sinni og slái skjaldborg um hagsmuni almennings.



Fjöldi fjármálanámskeiða víðsvegar um landið



Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Næstu námskeið

Akureyri — 13. apríl
Greiðslur úr lífeyrissparnaði,
hvað ber að hafa í huga? *
Hótel KEA

Egilsstaðir — 19. apríl
Fjármál heimilanna
Hótel Hérað

Búðardalur — 13. apríl
Fjármál heimilanna
Dalabúð

Stykkishólmur — 21. apríl
Fjármál heimilanna
Hótel Stykkishólmur

Reykjavík — 14. apríl
Greiðslur úr lífeyrissparnaði,
hvað ber að hafa í huga? *
Borgartún 19

Grundarfjörður — 21. apríl
Fjármál heimilanna
Sögumiðstöðin

Hafnarfjörður — 14. apríl
Fjármál heimilanna
Hafnarborg

Selfoss — 27. apríl
Fjármál heimilanna
Hótel Selfoss

Borgarnes — 15. apríl
Fjármál heimilanna
útibú Arion banka

Reykjavík — 28. apríl
Eru fjárfestingartækifæri
á Íslandi? Borgartún 19

*Skráid ykkur í tíma,
síðast komust færri að en vildu

Skráðu þig á arionbanki.is.

Allir velkomnir - Ókeypis aðgangur.

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við fróðleik sem kemur sér vel.

FJÁRMÁL eru fyrirlestraröð og fræðsluáttak á vegum Arion banka. Tilgangurinn með FJÁRMÁLum er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóðar upplýsingar, fræðslu og örugga leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

Spilar skattlagningin með?

Evrópumál

Árni Helgason
Formaður Heimdallar



Samtök verslunar og þjónustu og SVR kynntu á dögunum slagorðið Spilum saman til þess að vekja athygli á því hvernig ólíkir þættir hagkerfisins tengjast saman og hvernig t.d. ákvörðun um að kaupa tiltekna tegund vöru umfram aðra veldur því að atvinna skapast á einum stað en ekki öðrum og svo framvegis.

Hugsunin þarna að baki er rétt. Hagkerfið er flókið fyrirbæri þar sem margir þættir tvinnast saman en er ekki vél sem afkastar eftir því hvernig mælitækjunum er snúið. Þetta á einnig við um skattheimtu. Það er mikilvægt að muna að þó það sé freistandi að hækka skattana til að láta vélna framleiða meira þá getur verið að í leiðinni sé verið að valda öðrum og meiri skaða annars staðar.

Flóknir og háir skattar

Á tiltölulega stuttum tíma hefur vinstri stjórnmálarnir innleitt þá stefnu að bæði hækka skatta umtalsvert og flækja skattkerfið til muna. Umfangsmikil og flókin skattheimta hefur áhrif enda verða verðmæti ekki til úr loftinu einu. Þau þarf að skapa og það er gert í atvinnulífnum. Hjá einyrkum, smáfyrirtækjum og stærri fyrirtækjum verða á hverjum degi til vörur og þjónusta sem skapa verðmæti.

Tökum dæmi um lítið fyrirtæki með tvo starfsmenn sem selur þjónustu fyrir eina milljón króna á mánuði. Til þess að breyta tekjum

fyrirtækisins í laun fyrir starfsmenn þess mætti ef til vill ætla að ekki þyrfti meira til að koma en að hreinlega taka tekjur þess mánaðar og skipta honum á milli starfsmannanna. Svo einfalt er málið þó ekki.

Vaskur og tryggingagjald

Til að byrja með þarf fyrirtækið að standa skil á virðisaukaskatti, sem er 25,5% í dag. Af einni milljón króna væru því 745 þúsund krónur afgang eftir að greiddur hefur verið virðisaukaskattur.

Þegar farið er að huga að launagreiðslum verður fyrirtækið að muna að ríkið leggur einnig á fyrirtæki svonefnt tryggingagjald, dulinn skatt sem er 8,65% af þeim launum sem fyrirtækið greiðir út. Af þeim sökum er ekki hægt að gefa sér að 745 þúsund krónurnar fari óskiptar í laun til starfsmanna heldur verður í fyrstu að taka tryggingagjaldið af. Fyrirtækið verður enn fremur að standa skil á móttframlagi í lífeyrissjóð, sem er 8% af launum. Það standa því ekki eftir nema tæplega 639 þúsund krónur þegar þessir skattar hafa verið teknir með í reikninginn.

... og tekjuskattur

Áfram er haldið. Af launum til starfsmanna verður að reikna með 4% framlagi fyrirtækisins í lífeyrissjóð. Tekjuskattur er 27% fyrir tekjur á bilinu 200-650 þúsund og til viðbótar reiknast 13,1% útsvar. Að teknu tilliti til persónuafsláttar stendur hvor launamaðurinn um sig eftir með 227.883 krónur útborgaðar.

Híð ímyndaða fyrirtæki nær með öðrum orðum einungis að greiða um 45% af því sem kemur inn í tekjur út sem raunveruleg

laun. Ríkisvaldið, sveitarfélögin og lífeyrissjóðirnir taka um 55% til sín áður en peningurinn fer út úr fyrirtækinu.

... og fleiri gjöld

Hér þætti mörgum nóg komið. En gjaldtöku hins opinbera í ýmsu formi er langt í frá lokið þótt fyrirtækinu takist að greiða út launin. Margt konar gjaldtöku er laumað inn til viðbótar, t.d. gjaldi fyrir rekstur Ríkisútvarpsins og Framkvæmdasjóð aldrafra. Þeir sem eiga fasteign verða að gera svo vel að greiða fasteignagjöld, þeir sem eiga bifreið greiða bifreiðagjöld og í þökkabót bensínjald af hverjum dældum bensínlítra. Þeir sem slyast til að kaupa sér rauðvín með steikinni greiða áfengisgjald. Vegna tolla og landbúnaðarstyrkja er matarkarfan hér á landi miklu dýrari en hún þyrfti að vera. Svo mætti lengi telja.

Samhengi hlutanna

Það getur því verið ansi villandi að horfa einungis á afmarkaðar prósentur einar sér við að meta hve háir skattar eru. Það er samhengi hlutanna sem máli skiptir og afskipti hins opinbera koma alltof víða fram.

Atvinnuleysi er mikið um þessar mundir og kaupmáttur launa hefur dregist verulega saman. Heimili og fyrirtæki hafa horft upp á eigið fé fuðra upp og skuldir aukast. Á sama tíma gefur ríkið ekkert eftir í skattheimtu. Útþensla ríkisvaldsins er síður en svo að minnka, eins og berlega kom í ljós á dögunum þegar fjórar nýjar ríkisstofnanir voru kynntar til leiks. Eitt það besta sem ríkið gæti gert í endurreisninni er að stíga til baka og minnka hlut sinn í atvinnulífnum.

Yst til hægri og yst til vinstri

Efnahagsmál

Magnús Orri Schram
Alþingismaður



Þar sem fjölmargt í endurreisn atvinnulífsins veltur á erlendu fjármagni og viðskiptatrausti til Íslendinga, telja sumir stjórnámamenn að mikilvægt sé að leysa Icesave í anda þess tilboðs sem lá á borðinu fyrir þjóðaratkvæði. Fámennur hópur stjórnámalámannna er hins vegar á annarri skoðun, og virðist ónæmur fyrir nýlegum fréttum úr atvinnulífnum.

Óvíst er um verkefni Orkuveitu Reykjavíkur enda láns hæfi hennar í ruslflokki þar sem tafir á Icesave og óviss aðgangur að erlendu lánsfé veldur áhyggjum um getu fyrirtækisins til að standa í skilum (Mbl. 7. apríl). Seðlabankinn segir að með óleyst Icesave verði meira atvinnuleysi, hærri vextir, lægra gengi og meiri niðurskurður (Vísir 17. mars). Forstjóri Landsvirkjunar segir Búðarhálsvirkjun þurfa erlent fjármagn og við óleyst Icesave fái fyrirtækið ekki fjármuni á viðunandi kjörum til framkvæmda (Mbl. 11. mars). ASÍ og SA segja að lausn Icesave sé mikilvæg til þess að fyrirtæki fái fjármuni til atvinnu-

sköpunar og að óbreyttu verði samdráttur mun meiri en ella (Vísir 10. mars, RUV 25. feb.). Fjölmargir háskólaprófessorar hafa lýst áhyggjum sínum (Fbl. 4. mars og Mbl. 2. feb.) og greiningarfyrirtækið Moody's segir tafir á lausn Icesave ógna efnahagsbata á Íslandi og valda stíflu í flæði fjármuna til landsins bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum (Mbl. 7. apríl).

Tafir á Icesave hafi þannig valdið fjárhagslegum skakkaþöllum, seinkað viðspyrnu atvinnulífsins, minnkað trú fjárfesta og valdið tjóni á brot hættu sálarlífi þjóðarinnar. Þar bera stjórnámamenn yst til vinstri og yst til hægri ábyrgð, enda í bandalagi undir merkjum blöndu af þjóðernishyggju og andstöðu við heimskapitalismann. Þessi öfl leiða lýðskrumið gegn Icesave og neita að horfast í augu við staðreyndir.

Að ræða Icesave er ekki fallið til vinsælda enda þjóðin orðin langþreytt á málinu og enginn kostur góður. En ég sé mig knúinn til þess enda málið mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf. Hrunið varð ekki á vakt núverandi þingmanna en það er hörmulegt að horfa upp á skilningsskort þeirra gagnvart stöðu atvinnulífsins. Kjörnir fulltrúar verða að horfast í augu við afleiðingar gjörða sinna og ganga til samninga. Icesave er farið að valda meiri skaða en nauðsynlegt er.

FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI!



Verð á efni í sólpall

Dæmi 1

15 m² pallur á aðeins:

58.500 kr. á frostfritt undirlag*

88.500 kr. með tvöfaldri grind og undirstöðum**

Dæmi 2

20 m² pallur á aðeins:

78.000 kr. á frostfritt undirlag*

118.000 kr. með tvöfaldri grind og undirstöðum**

Verð á m²:

3.900 kr. á frostfritt undirlag*

5.900 kr. með tvöfaldri grind og undirstöðum**

* Verðdæmið miðast við efni í sólpall á frostfritt undirlag og innheldur gagnvarða furu 45 x 95 mm og 27 x 95 mm ásamt galvinseruðum saumi.

** Verðdæmið miðast við efni í sólpall með tvöfaldri grind og undirstöðum. Innifalið er gagnvarin fura 45 x 95 mm, 27 x 95 mm og 45 x 145 mm, galvinseraður saumur, þakásanker, kambsaumur, blikkhólkar og gataplötur.



Það er ódýrara að byggja sólpall en þig grunar

Leitið tilboða og ráðlegginga hjá sérfræðingum í timbursölum BYKO



Samstarfsverkefni Samtaka verslunar og þjónustu og VR, **Spilum saman**, tókst með eindæmum vel.

Um leið og við þökkum þátttakendum fyrir þeirra framlag til lífandi hagkerfis hvetjum við þjóðina til að halda samspilinu áfram til þjartrar framtíðar.



Til varnar golfíþróttinni

Íþróttir

Hörður Þorsteinsson
Frankvæmdastjóri Golf-
sambands Íslands



Mikil umræða hefur verið um þá ákvörðun borgarstjórnar að ganga til samninga við Golfklúbb Reykjavíkur um stækkun Korpúlfsstaðavallar. Því miður hefur umræðan einkennst af neikvæðri umfjöllun um golfíþróttina, að golf sé lúxusíþrótt og fleira í þeim dúr.

En lítum á nokkrar staðreyndir. Golfsamband Íslands er næst fjölmennasta sársamband á Íslandi með rúmlega 16 þúsund skráða félag og samkvæmt könnun sem Capacent gerði fyrir GSÍ fóru tæplega 40 þúsund Íslendingar í golf 5 sinnum eða oftar á síðasta ári. Þá hefur komið fram í umræðunni að um 300 þúsund heimsóknir voru á golfvelli Golfklúbbs Reykjavíkur á árinu 2009.

Golf er almenningsíþrótt hér á landi og þeir sem spila golf eru þverskurður af okkar samfélagi. Á golfvöllinum spila iðnaðarmenn við hlið atvinnurekenda og börn með foreldrum sínum. Undanfarnir 15 ár hefur mikil viðhorfsbreyting orðið til golfíþróttarinnar og börn og unglingar fengið meiri áhuga á íþróttinni en áður. Í áður nefndri könnun Capacent sögðu 50% af þeim börnum og ungmennum á aldrinum 12-20 ára sem spurð voru að þau hefðu áhuga á golfíþróttinni, annaðhvort sem iðkendur eða hafa áhuga á að kynnast íþróttinni nánar.

Þeir sem verið hafa í forystu fyrir golfklúbba landsins hafa reynt að stilla gjöldum í hóf og sýna aðhald og skynsemi í rekstri og þannig haldið félagsgjöldum í lágmarki. Þá hafa golfklúbbarinn haft félagsgjöld barna og ungmenna í hófi og við lauslega könnun á kostnaði við almenna íþróttaiðkun þá er líklega hvað ódýrast að leyfa barni að æfa golfíþróttina af öllum þeim möguleikum sem í boði eru.

Íslenskir golfvellar hafa miklu sérstöðu hvað varðar landslag og náttúrufar og hefur golfhreyfingin undanfarið unnið að því að markaðsetja íslenska golfvelli á erlendum mörkuðum. Fulltrúar frá Samtökum golfferða-

Það er alkunna að í kreppu leit ar fólk inn á við, ferðalög dragast saman og fjölskyldan leitast við að nýta þann aukna frítíma sem verður með minnkandi atvinnu- möguleikum. Golfklúbbarinn á Íslandi fundu greinilega fyrir þessari þörf síðastliðið sumar því algjör sprenging varð í heimsóknnum á golfvelli landsins og sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. GR var langt frá því að geta annað þeirri eftirspurn sem varð á golfvöllum klúbbsins, þrátt fyrir að klúbburinn hafi reynt að auka möguleika sinna félaga á að stunda íþróttina með því að gera samninga við ýmsa golfklúbba í nágrenni borgarinnar.

Golfvellar landsins eru nú



Því miður hefur umræðan einkennst af neikvæðri umfjöllun um golfíþróttina, að golf sé lúxusíþrótt og fleira í þeim dúr.

skrifstofa voru hér á landi síðasta sumar og tóku út flesta 18 holu golfvelli landsins. Það var mat þessara aðila að við ættum mikla möguleika á að fá fjölda kylfinga til landsins til að upplifa þá sérstöðu sem hér væri að finna. Í því samhengi er að sjálf-sögðu verið að stefna að því að auka gjaldeyrstekjur af ferða-þjónustu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

öðum að taka á sig lit sumars og kylfingar landsins iða í skinninu eftir því að komast út. Það er von okkar kylfinga að þrátt fyrir kreppu hættum við ekki að byggja hér betra samfélag og leita leiða til að auka lífsgæði þeirra sem hér búa. Við erum sannfærðir um að því fleiri golfvellar sem byggðir verða, því meiri sparnaður verður í samfélaginu á öðrum sviðum.

ASÍ: Icesave er stóriðjustefna

Efnahagsmál

Ögmundur Jónasson
Alþingismaður



Tveir valinkunnir menn skrifa greinar á sömu opuna í Fréttablaðinu í dag. Svavar Gestsson notar innsæi sitt til að halda því fram að þúsundir Íslendinga séu atvinnulausir vegna tafa á Icesave samningnum, einkum vegna of hás vaxtastigs. Hann leiðir að því líkum að vextir væru lægri og gengið væri til stuðnings, en rannsóknir þeirra hafa sýnt að horfur á Íslandi eru ekki lengur „stöðugar“ heldur „neikvæðar“. Óskandi væri að fjölmiðlar væru duglegri að upplýsa okkur nánar um mat Moody's og annarra ámóta álitsgjafa; fara í saumana á staðhæfingum þeirra og því sem að baki þeim býr. Þannig hlýtur það að teljast athyglisvert að Moody's telur líklegt að Icesave málið klárast, með betri kjörum fyrir Ísland en áður var samið um. Þá verði horfum breytt aftur í stöðugar þar sem Norðurlandþjóðirnar munu þá opna aftur fyrir lán sín. Ef Moody's telur þetta vera líklega niðurstöðu, af hverju eru þá horfurnar neikvæðar?

Ólafur Darri hjá Alþýðusambandi Íslands ljóstrar því upp að töf á Icesave valdi fyrst og fremst töfum á stóriðju. Þannig

að samhengið er nú að verða öllum ljóst. Það er ekki aðeins samhengi á milli Icesave og AGS, heldur einnig á milli Icesave og stóriðjustefnunnar. Alla vegna í huga ASÍ. Það mun hins vegar vera staðreynd að það er ekki meirihluti meðal þjóðarinnar fyrir áframhaldandi stóriðjustefnu. „Töf“ á Icesave ætti ekki að vera andstæðingum stóriðju og innflutnings á kínverskum verkamönnum áhyggjuefni.

Enginn hefur nokkurn tímann haldið því fram að Icesave hafi verið Íslendingum til góðs. Icesave hefur þegar valdið okkur búsifjum og kemur til með að gera það hvernig sem það fer. Hversu miklar þessar búsifjar verða ræðst af endanlegri niðurstöðu. Nú deila menn fyrst og fremst að það hvaða afleiðingar „tafirnar“ hafi haft. Ég tel að það verði ekki hrakið að töf á frágangi á Icesave hafi á ýmsa lund bætt okkar stöðu. Í fyrsta lagi horfum við fram á miklu lægri greiðslur úr vösum íslenskra skattborgara í framtíðinni. Í öðru lagi tel ég það hafa verið þjóðinni til góðs að spyrna við fótum gegn því ofríki sem við höfum verið beitt í þessu máli. Þar hafa margir lagt hönd á plóginn – allir þeir sem þokað hafa þessu máli áfram stig af stigi, af einni syllu á aðra eiga þakkir skyldar. Þegar upp verður staðið og málið gert upp í sögulegu samhengi munu menn líta á Icesave sem langvinna baráttu – sjálfstæðisbaráttu – þar sem Íslendingum tókst smám saman að reisa sig á fætur og rétta sinn hlut. Hygg ég að innbyrðis karp og fordæmingar manna hver í annars garð muni þá taka á sig allt aðra og mildari mynd en þá sem nú blasir við á umræðuvettvangi dagsins.

Allra síðustu sætin
- frábær sértíloð!

Borgarveisla

Í vor

Barcelona
22. apríl (Sumardagurinn fyrsti)
Sértíloð - frá kr. 59.900 – flugsæti
Flug & gisting í 4 nætur
Barcelona Sants ★★★★★
kr. 79.900

Prag
22. apríl (Sumardagurinn fyrsti)
Sértíloð - frá kr. 59.900 – flugsæti
Flug & gisting í 3 nætur
Hotel Top ★★★★★
kr. 69.900

Búdapest
22. og 29. apríl
Sértíloð - frá kr. 59.900 – flugsæti
Flug & gisting í 4 nætur
Hotel Marmara ★★★★★
kr. 74.700

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Tryggjum jafnrétti á Nýja Íslandi

Jafnréttismál

Svala Norðdahl
Fulltrúi í afmælisnefnd
SFR



Hvert hefur okkur miðað með launajafnréttið, hvar erum við stödd og hvert ætlum við að stefna? Við Íslendingar áttum fyrst þjóða konu í embætti forseta lýðveldisins, eignum núna konu á stóli forsætisráðherra og aldrei fyrir hafa fleiri konur gegnt ráðherraembætti í ríkisstjórn Íslands en einmitt nú. Margt hefur áunnist í jafnréttismálum á undanföllum árum. Konur hafa menntast sem aldrei fyrir, þeim hefur fjölgað í stjórnnum, nefndum og ráðum, þó það mætti ganga hraðar. Í raun er löngu orðið tímabært að setja lög um jafnt hlutfall kvenna og karla í stjórnnum stofnana og fyrirtækja. En ennþá hefur okkur ekki tekist að útrýma launamun kynjanna.

Nú þegar allt samfélagið gengur í gegnum enduruppbyggingu í kjölfar eyðileggingar gráðugra fjármáladólga megum við ekki sofna á verðinum. Á þessum krepputímum verðum við öll að halda vöku okkar, snúa bókum saman og passa upp á að konur verði ekki frystar úti. Niðurskurðar- aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sameining og tilfærsla stofnana, eru nú að koma fram

af fullum þunga og þá ber okkur að standa vörð um að aðgerðirnar komi ekki harðar niður á störfum og launakjörum kvenna en karla, og halda áfram baráttunni gegn launamun kynjanna.

Þessa dagana stendur SFR stéttarfélag fyrir ráðstefnu- rög á landsvísi um jafna stöðu kynjanna og er það framlag félagsins til jafnréttismála í tilefni af 70 ára afmæli SFR. Framúrskarandi fyrirlesarar hafa lagt ráðstefnuröðinni lið og fjalla um jafna stöðu kynjanna frá mörgum sjónarhornum. Markmiðið með ráðstefnunum er að varpa mögulega nýju eða að minnsta kosti öðru ljósi á umræðuna um jafnréttismál og fá fleiri til að koma að umræðunni.

Fyrsta ráðstefnan var haldin á Akureyri á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars sl. Næsta ráðstefna er á Egilsstöðum, Hótel Héraði, 14. ágúst kl. 11.30 og hvet ég sem flesta til að skrá sig, mæta og taka þátt í umræðunni. Þar verður m.a. rætt um kynjamyndir á vinnumarkaði, karlrembur og kvenrembur. Ráðstefnan er öllum opin og þátttakendum að kostnaðarlausu. Allar nánari upplýsingar og skráning á www.sfr.is.

Nýtt Ísland má ekki verða spegilmynd þess gamla, þá er allt til einskis unnið. Berum virðingu hvert fyrir öðru og göngum hlið við hlið til betri framtíðar.

Gólfefni á góðu verði

– fyrir alla alltaf!

MÚRBÚÐARVERÐ




Granít grátt 45,7x45,7cm

4.390 kr. m²



Vegg, Princess, svart eða hvít, 20x45cm

2.790 kr. m²




Gólfllísar margir litir 33,3 x 33,3cm

1.650 kr. m²




Vegg, hvít/grá, 10x10cm

2.390 kr. m²



Gólf, steingrá, 50x50cm

3.490 kr. m²



Gólf, Tibet, svart, 50x50cm





3.690 kr. m²



Veggflís, hvít glans 25x40cm

2.290 kr. m²

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



Vegg / gólfllísar, ljósgrá, beige og brún yrjött 15x15cm

2.290 kr. m²


Veggflís, hvít glans 15x15cm

1.690 kr. m²



Vegg, ljósgrá/hvít, 20x20cm

1.890 kr. m²




Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm

2.390 kr. m²




Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14 mm

3.890 kr. m²



Comfort line plastparket, Beiki 121,5x194 mm

1.595 kr. m²



Comfort line plastparket, Eik 121,5x194 mm

1.595 kr. m²

Reykjavík Klettháls 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



ÖNNUM KAFIN Vigdís Finnbogadóttir á skrifstofunni á heimili sínu þar sem hún sinnir verkefnum dagsins, svarar pósti og undirbýr þau verkefni sem eru í farvatninu hverju sinni. Hún hefur einnig skrifstofuaðstöðu í stofnuninni sem er við hana kennd en þangað fer hún iðulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki benda mér á helga steininn

„Ég hef lært margt um mannlegar tilfinningar á ævinni,“ segir **Vigdís Finnbogadóttir** sem fagnar stórafmæli í næstu viku. Við getum stýrt gleðinni og reiðin bitnar mest á þeim sem er reiður, segir forsetinn fyrrverandi. **Sigríður Björg Tómasdóttir** hitti Vigdís og ræddi við hana um íslenskt mál og erlend tungumál, viðfangsefni líðandi stundar og framtíðarsýn.

Vigdís tekur á móti blaðamanni á heimili sínu við Aragötu. Það er hlýlegt og fallett heimili vinnandi konu, bækur og pappírar bera því vitni að sú sem hér býr er önnur kafin.

Forsetinn fyrrverandi hefur líka í nógu að snúast, hún er velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, hún hefur nýverið tekið sæti í nýrri nefnd UNESCO sem stuðla á að skilningi milli menningarsvæða, hún fylgist náið með starfinu sem unnið er á stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands, hún ferðast um heiminn og heldur erindi á ráðstefnum. Skyldi vera til dæmigerður dagur hjá Vigdís Finnbogadóttur um þessar mundir?

„Ja, hvernig á ég að lýsa honum, ég reyni að hafa hann skemmtileg-

an,“ segir Vigdís og hlær við. „Ég iðka Qi gong þrisvar í viku hjá Gunnari Eyjólfsyni og félögum. Svo afgreiði ég póst, ég fæ mikið af pósti og reyni að sinna honum. Ég vinn talsvert hérna heima en hef líka aðstöðu í stofnuninni og er í miklu sambandi við hana. Ætli ég megi ekki teljast drjúgur liðsmaður hennar. Ég er auðvitað ekki fræðimaður en nýttist vel til að koma á ýmsum samböndum. Stundum þegar koma erlendir gestir tökum við á móti þeim hér á heimilinu enda gott að taka á móti gestum hér.“

Tungumál lykill að heiminum

Rannsóknir á erlendum tungumálum heyrna undir stofnunina sem ber nafn Vigdísar, en hún hefur lengi haft mikinn áhuga á tungumálum og áhuginn er ekki að dala. „Ég heyrði serbó-króatísku í morgun í Melabúðinni, ég þekkti ekki



Íslenskan stendur traust og sterk en hún þarf að vera stöðugt á varðbergi til að glata ekki ríkisdæmi sínu

tungumálið og var nánast komin með höfuðið ofan í frystinn til að heyra betur í fólkinu sem þar var að tala saman. Ég endaði á því að spyrja þau hvaða tungumál þau væru að tala og það var þá serbó-króatíska.“

Vigdís segir afar mikilvægt að efla þekkingu Íslendinga á erlendum tungumálum, þau séu lykillinn að heiminum, fólki og menningu. „Þau eru lykillinn okkar að því að skilja heiminn. Það er reyndar sorglegt að enskan skuli vera hér eins allsráðandi og hún er sem skýrist af því að hún er það tungumál sem mestmegnis heyrir í bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Norðurlandamálín eru okkur til dæmis afar mikilvæg og krakkar eru ekki nógu duglegir að læra þau. Þau byrja að læra þau of seint,“ segir Vigdís sem þykir miður að Norðurlandabúar noti ensku í samskiptum sín á milli í stað Norðurlandamála.

Bestu vinirnir á Norðurlöndum

„Ég er að fara að halda erindi á ráðstefnu í Kaupmannahöfn um aukinn skilning milli Norðurlandtungumálanna, dönsku, sænsku og norsku. Íslendingar verða þar og eiga þar erindi enda verðum við að vera vakandi fyrir því að læra þessi tungumál. Við eigum hvergi

UNESCO leggja baráttunni gegn fækkun tungumála lið til dæmis með því að hjálpa til við skrásetningu tungumálanna, og með því að vekja athygli stjórnvalda í ýmsum löndum á menningarverðmæti allra þessara fjölda tungumála hvers og eins.

Þarf að passa íslenskuna

Íslenskan er til allrar hamingju ekki tungumál í hættu, en það þarf að passa hana, segir Vigdís.

„Íslenskan stendur traust og sterk en hún þarf að vera stöðugt á varðbergi til að glata ekki ríkisdæmi sínu. Orðatiltæki til dæmis byggja svo mikið á atvinnuháttum fyrri tíma og það gerir það að verkum að þau hverfa smátt og smátt. Fyrst byrja menn að fara rangt með því þeir skilja ekki orðatiltækin og þau brenglast og síðan er hætt á því að þau hverfi.“

Öll tungumál þróast, en við stöndum andspænis því að íslenskan verði miklu fátækari. Aftur á móti eigum við svo frábæra rithöfunda í samtíðinni sem skrifa svo fallega íslensku, koma hugsunum sínum og skáldskap svo frábærliga vel á þetta tungumál okkar sem er okkur svo dýrmætt. Því hef ég ekki eins miklar áhyggjur og ég hefði ella.“

Merkingarlaus hæ og bæ

„En ég verð nú samt að minnast á hæ hæ og bæ bæ, sem hafa enga merkingu og eru slæm skipti fyrir komdu sæll og blessaður á minn fund. Svo er svo fallett að segja bara bless,“ segir Vigdís. Hún er afar ánægð með að sendibréf sem hún fékk nýlega frá tíu ára stúlku á Hólmavík, Unu, þar sem hún upplýsir að hún sé hætt að nota hæ

GLÆSILEG OG RAUNSÆ FRAMTÍÐARSÝN

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknarstofnun fræðimanna í erlendum tungumálum, bókmenntum og málvísindum innan hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Unnið er að því að reisa byggingu sem hýsa myndi starfsemi stofnunarinnar þar á meðal alþjóða tungumálastofnun sem áreiðanlega mun gera garðinn frægan.

Byggingunni hefur verið ætlaður staður austan við Háskólabíó en háskólinn hefur samþykkt að leggja fé til verksins auk lóðarinnar takist að fjármagna það að öðru leyti. „Þetta er glæsileg framtíðarsýn og það er vegna þess að hún er raunsæ. Mér þykir svo vænt um að hún verður í nábyli við hús íslenskra fræða. Þessar stofnanir munu saman geta lyft grettistaki og skapað ótal ný tækifæri til þekkingar á sviði tungumála og menningar,“ segir Vigdís sem segist hafa séð svo marga drauma verða að veruleika að hún trúir því að þessi verði það. „Borgarleikhúsið virtist fjarlægur draumur lengi vel en reis á endanum,“ segir Vigdís sem efast ekki um að þessar áætlanir verði með samstilltu átaki að veruleika.

Hægt er að fræðast um nánar um verkefnið og stofnun Vigdísar Finnbogadóttur á vefsíðunni www.vigdís.hi.is.

og bæ og segir í þess í stað „vertu margblessuð og sæl,“ og kveður forsetann fyrrverandi með orðunum „vertu blessuð og lifðu lengi.“

„Þú sérð að bréfin sem ég fæ eru mjög fjölbreytileg. Það er svo gaman að fá svona sendibréf handritað. Tölvupóstur er gagnlegt nútímafyrirbæri til að hafa gott samband heimavið og til útlanda og ég nota hann auðvitað mikið.

Því er ekki að neita að handskrift er á undanhaldi. Að mínu mati ætti að leggja áherslu á að efla skriftarkennslu, skrift er hin upprunalega tjáning hugans með hendinni og henni er því miður ekki haldið eins vel til haga og ætti að gera.

Að skrifa vel er mikilvægt. Allir geta lent í þeim aðstæðum að þurfa að handskrifa skilaboð eða undirrita bréf. Ég hef oft sagt við krakka að þau geti orðið ráðherrar og alþingismenn og verði þá að geta skrifað vel nafnið sitt og falleg orð í gestabækur eða við ýmis tækifæri á kort sem fylgja gjöfum,“ segir Vigdís.

Fjórum sinnum tuttugu ára

Í næstu viku er komið að tíma-mótum í lífi Vigdísar, hún verður áttæð eða fjórum sinnum tuttugu ára eins og hún segir sjálf. Í tilefni dagsins, 15. apríl, verður hátíðardagskrá í Háskólabíói, þar sem vinir og velunnarar ætla að troða upp. „Ég er er djúpt snortin af því vinarþeli að vinir mínir vilji halda upp á afmælið með þessum hætti og setja saman vandaða dagskrá, sem ég veit reyndar ekki hver er nema að það er búið að lofa mér því að hún verði skemmtileg og það verði engar ræður. Það hafa alltaf verið óskráð lög hjá mér að ræður skuli vera örstuttar og bannað að bera lof á viðstadda,“ segir Vigdís sem hlakkar til afmælisins og ekki síður áframhaldandi verkefna.

„Það er svo gaman þegar maður lítur yfir farinn veg, hve raunverulega maður hefur lært mikið. Ekki endilega með því að sitja endalaust yfir bókum. Lærdómurinn felst í því að skilja lífið út yfir bókina og leggja saman alla þá reynslu sem maður hefur orðið fyrir á lífsins vegi. Og þá er auðvitað næsta spurning, hvað hefurðu lært kona góð?,“ segir Vigdís og svarar spurningunni óumbeðin.

Hægt að stýra gleðinni

„Ég til dæmis hef lært margt um mannlegar tilfinningar. Ég hef lært að maður getur stýrt gleðinni eilítið sjálfur. Reiðin er til að mynda fjandsamleg þeim sem er reiður og bitnar mest á honum sjálfum. Mig langar svo til þess að styrkurinn felst í því hjá þessari þjóð að stíga út fyrir reiðina og horfa saman á það sem verðmætast er, að við skulum eiga þetta land og vera frjáls þjóð í þessu landi,“ segir Vigdís sem vonast til þess að þjóðin geti stigið það skref að viðurkenna að það sé mannlegur þroski að setja sig inn í málefni og skoðanir annarra, virða þær og að menn geti orðið sammála um að vera ósammála.

„Sjáðu Frakka, þeir geta rætt fram og aftur um sínar skoðanir, enda hafa þeir svo ríka heimspékilega hefð. Ég held að það sé aðkallandi að taka aftur upp ársnámið í „fllunni“, eitt ár af heimspékikennslu í háskóla, eins og var hér áður fyrr, eða þá í menntaskóla. Það er afar mikils virði að átta sig á skoðunum og hugmyndum – þá fyrst fer að verða gaman að ræða, spjalla og diskútera. Þarna koma líka tungumálin inn, þekking á þeim og menningarsögu annarra þjóða. Við erum ekki ein í heiminum,“ segir Vigdís sem svo sannarlega talar þar af reynslu.

Vigdís hefur farið víða og nokkur ferðalög eru á dagskránni á næstunni. „Ég er þakklát fyrir að hafa haldið svona góðri heilsu og geta sinnt svona mörgum verkefnum,“ segir hún og segir alls ekki á dagskrá að setjast í helgan stein á næstunni. „Ég fæ þessa spurningu öðru hverju en segi þá yfirleitt á móti, hvar er þessi helgi steinn? Ef þú sérð hann þá þarftu ekkert benda mér á hann – ekki strax að minnsta kosti.“



AFMÆLISHÁTÍÐ OG RÁÐSTEFNA

15. apríl næstkomandi verður efnt til afmælisveislu í tilefni áttæðisafmælis Vigdísar Finnbogadóttur. Hátíðin verður í Háskólabíói og eru allir velkomnir þangað á meðan húsrúm leyfir. Þeim sem ekki eiga heimangengt verður boðið að fylgjast með því hátíðinni verður bæði útvarpað og sjónvarpað beint. Skemmtidagskrá til heiðurs Vigdísar hefst klukkan hálfíttim en húsið verður opnað klukkustund fyrr og verður boðið upp á veitingar.

Í tilefni afmælisins stendur stofnun Vigdísar Finnbogadóttur einnig fyrir alþjóðlegri ráðstefnu. Yfirskrift hennar er Varðveisla framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru. Hún samanstendur af lykilyrirlisurum ásamt samhliða málstofum þar sem fjallað verður um bókmenntir, menningu og tungumál frá ýmsum sjónarhornum.

Meðal fyrirlesara verða: Martthi Athisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og friðarverðlaunahafi Nóbels, Irina Bokova, framkvæmdastjóri UNESCO, og Páll Skúlason prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur vigdis.hi.is og á heimasíðu ráðstefnunnar: <http://vefir.hi.is/vigdisconference2010/>

SKEMMTILEGT SENDIBRÉF Vigdís berast fjölmörg bréf en sérlega ánægð var hún með eitt frá Unu, tíu ára stúlku á Hólmavík: „Kæra Vigdís ég met það mikils að þú ert kona og varst forseti Íslands. Konur eiga að vera sjálfstæðar... Ég ætlaði að segja þér sérstaklega að ég er hætt að segja hæ og bæ. Nú segi ég vertu margblessuð og sæl og vertu blessuð. Svo vertu blessuð og lifðu lengi,“ segir meðal annars í bréfinu.



„Hér leggjast allir á eitt við að skila faglegri vinnu“...

Margrét Inga Guðnadóttir, viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði PwC

... „Starfið hjá PwC er bæði fjölbreytt og krefjandi. Sem viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði fæst ég aðallega við endurskoðun og aðra sérfræðiþjónustu fyrir stærri og smærri fyrirtæki. Í þessu felast mikil samskipti við viðskiptavinum og samstarfsmenn. Ábyrgðin er mikil en hér leggjast allir á eitt við að skila faglegri vinnu og það er sönn ánægja að sinna viðskiptavininum í svo öflugum teymi“.

PwC á sér rætur í íslensku viðskiptalífi frá 1924

PRICEWATERHOUSECOOPERS 



RANNSÓKNARNEFND ALÞINGIS í henni sitja Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Páll Hreinsson hæstaréttardómari og Sigríður Benedíktsdóttir, kennari við Yale-háskólann í Bandaríkjunum.

Sannleikurinn kemur í ljós

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið kemur út á mánudag. Sumir óttast hvítþvott en aðrir vonast til að endurreisn samfélagsins geti loksins hafist af alvöru. Nefndarmenn sjálfir spöruðu ekki stóru orðin. *Björn Þór Sigbjörnsson* þældi í störfum nefndarinnar og því sem búast má við.

Íslenska þjóðin hefur líklega ekki beðið með jafn mikilli eftirvæntingu eftir nokkrum sköpuðum hlut og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls bankanna.

Á fyrstu dögum eftir hrunið í byrjun október 2008 var farið að kalla eftir slíkri rannsókn en það var hins vegar ekki fyrr en undir lok nóvember sem frumvarp þar um var lagt fram í þinginu. Að því stóðu formenn allra flokka en forseti þingsins var fyrsti flutningsmaður.

Meðferð frumvarpsins tók tvær vikur og lög voru sett 12. desember. Nefndin var skipuð á næstsíðasta degi ársins 2008 og hóf hún störf í byrjun árs 2009.

Markmið rannsóknarnefndarinnar var einfalt; að leita sannleikans. Og til að svo mætti verða fékk nefndin heimildir með lögum til að ljúka upp öllum dyrum alls staðar, krefjast allra mögulegra upplýsinga og kalla til viðtals eða skýrslutöku hvern þann sem nefndinni hugaðist. Enginn mátti eiga leyndarmál gagnvart nefndinni; bankaleynd og þagnarskyldu var aflétt.

Búist við miklu

Miklar væntingar eru gerðar til skýrslunnar og hafa nefndarmenn sjálfir ýtt undir þær. Orð Páls Hreinssonar í Víkulokum Ríkisútvarpsins í ágúst á síðasta ári um að engin nefnd hefði þurft að færa þjóð sinni eins slæmar fregnir og rannsóknarnefndin vöktu vitaskuld athygli. Og þá ekki síður orð Tryggva Gunnarssonar á blaðamannafundi í janúar um að hann hefði oft verið gráti nær yfir því sem hann hefði séð við störf sín. Á sama fundi sagðist hann telja hyggilegt að frí yrði gefið í samfélaginu í tvo eða þrjú daga svo fólk gæti lesið skýrsluna.

Ljóst er líka að einstaka stjórnmalamenn hafa alveg sérstakar væntingar til skýrslunnar. Þannig býst Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra til dæmis við að Sjálfstæðis-

flokkurinn fái það óþvegið. Orð hans í Silfri Egils, daginn eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í mars, verða ekki skilin öðruvísi.

„Þú ert kjarkmikill sem formaður Sjálfstæðisflokksins að tala svona um ríkisstjórnina sem tók við þrotabúi ykkar. Við skulum tala saman eftir viku þegar rannsóknarskýrsla Alþingis kemur fram,“ sagði Steingrímur við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins.

→ TAFIRNAR

Eftir viku kemur skýrslan, sagði Steingrímur J. Sigfússon 7. mars. Við þurftum að bíða lengur. Upphaflega átti hún að koma út fyrir 1. nóvember. Hún er því að koma út næstum hálfu ári eftir upphaflegan útgáfudag. Ljóst er að hvorki stjórnmalá- né nefndarmenn gerðu sér almennilega grein fyrir umfangi verksins þegar lagt var af stað. Athyglisvert er reyndar að síðast í nóvember töldu nefndarmenn skýrsluna og fylgigögn telja rúmlega þúsund blaðsíður. Nú er hins vegar ljóst að hún verður rúmlega tvö þúsund síður. Til viðbótar er svo skýrsla sérstaks vinnuhóps um síðferði sem að líkindum verður upp á 500 blaðsíður.

En við hverju má búast?

Fátt hefur fregnast af innihaldi skýrslunnar. Þó er vitað að nefndin telur að tilteknir embættis- og stjórnmalamenn hafi gert mistök eða vanrækt störf sín. Töfl slíkum gafst kostur á að lesa það sem um þá er skrifað og gera við það athugasemdir.

Einnig er vitað að nefndin hefur í störfum sínum rekist á ýmislegt sem hún telur varða

við lög. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verða ríkissaksóknara afhentar upplýsingar þar um í býtið á mánudag.

Bankarnir í fókus

Við rannsóknina var aflað ógrynni gagna, ekki síst úr tölvukerfum bankanna. Það voru jú þeir sem fóru á hausinn. Farið var yfir hundrað stærstu lántakendur hvers banka um sig og viðskipti þeirra greind í þá. Skoðaðar voru afgreiðslur lánanna innan bankanna, tryggingar, lánskjör, áhættumat, frágangur skjala, hverjir komu að ákvörðunum um fyrirgreiðsluna og skilvirkni áhættustýringar.

Kannað var líka hvort tilteknir einstaklingar hafi notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í bönkunum. Í þeim hópi eru meðal annars alþingismenn, fjölmiðlamenn, opinberir starfsmenn, hluthafar í bönkunum og starfsmenn þeirra.

Þá var sjónum beint að krosseignatengslum, tilraunum til að hafa áhrif á verð hlutabréfa í bönkunum og launagreiðslum, bónusum og kaupréttum starfsmanna þeirra.

Niðurstaðan

Eins og áður sagði var markmið rannsóknarnefndarinnar að leita sannleikans um aðdraganda og orsakir falls bankanna. Af lestri laga um rannsóknina að dæma er ekki við því að búast að einstaka menn í viðskiptalífnum verði útmálaðir skúrkar í skýrslunni. Nefndin átti enda fyrst og fremst að afla upplýsinga um starfsemi fjármálafrirtækja, gera úttekt á lögum og reglum og leggja mat á eftirlit og upplýsingagjöf. Einnig að leggja til breytingar á lögum og vinnubrögðum til að styrkja stjórnsluna. Þá hefur þingið skipað sérstaka nefnd til að fjalla um skýrsluna og móta tillögur að viðbrögðum þingsins við niðurstöðum hennar.

En Tryggvi næstum grét og Páll sagði fregnirnar slæmar og ríkissaksóknari fær víst sitt.

Skýrslan fer á netið upp úr tíu á mánudag.

Nokkrar spurningar

Allar götur frá því að nefndin tók til starfa hafa vaknað spurningar um hvort og þá hvernig hún tekur á ýmsum álitamálum sem ekki eru sérstaklega tilgreind í lögnum um rannsóknina en kunna, með einum eða öðrum hætti, að falla undir hana.

Meðal þess er þáttur forsetans í útrásinni. Verða honum gerð skil? Verður fjallað um sölu Búnaðarbankans og Landsbankans? Verður víkið að fjárfraumlögum banka og annarra frirtækja til stjórnmalaflokka og -manna? Verður fjallað ítarlega um framgöngu fjölmiðla á góðæristímanum og möguleg tengsl þeirra við útrásarvikinga? Nær athuginin til fræða- og háskólasamfélagsins sem sumir telja að hafi brugðist? Hafði alþjóðlega lausafjarkreppan jafn mikil áhrif á íslensku bankana og sumir vilja vera láta?

Nefndin verður að líkindum dæmd af því sem hún rannsakar ekki, alveg eins og af því sem hún rannsakar.

VÆNTINGARNAR

Vonandi tekið á landráðunum

„Ég óttast að skýrslunni megi líkja við það sem Esóp sálugi sagði: Fjallið tók joðsött og fæddist lítill mús,“ segir **David Scheving Thorsteins-son**, fyrrverandi framkvæmdastjóri. „En ég vona hins vegar að hún fletti ofan af þeirri ormagrafju fjármála-kerfisins sem var forsenda þess gerviárangurs sem menn stærðu sig af. Ég vona innilega að tekið sé á árássinni á krónuna, því áráss nokkurra síðblindra manna á hana var áráss á íslensku þjóðina og áráss Íslendinga á íslenska þjóð eru landráð.“



Atburðirnir endurtaki sig ekki

„Ég hef þær væntingar að hið sanna komi í ljós, hvernig í ósköpunum þessi staða gat orðið á íslenskum fjármálamarkaði. Það er það sem við þurfum að fá að vita,“ segir **Elin Björg Jónsdóttir**, formaður BSRB.

„Ég vona auðvitað líka að niðurstöðurnar verði settar þannig fram að hægt verði að vinna úr þeim svo að komið verði í veg fyrir að svona nokkuð geti aftur gerst.“



Feillinn liggur í sjálfu kerfinu

„Væntingarnar eru miklar en ekki er annað að gera en að lesa skýrsluna og sjá hvað stendur í henni,“ segir **Einar Már Guðmundsson** rithöfundur. „Það má ekki gleymast að nefndin var skipuð af hrunstjórninni og hún rannsakar sjálfsgat vanrækslu manna í starfi og þviuðlíkt. En málið er hins vegar miklu stærra og feillinn liggur í sjálfu kerfinu. Þegar hrunið varð réðust til dæmis allir á Jónas í FME. Talað var eins og hann hefði búið kerfið til en ég held hins vegar að kerfið hafi búið Jónas til.“



Endurreisnin hefjist í framhaldinu

„Ég efast um að í skýrslunni verði upplýsingar sem komi mönnum algjörlega á óvart þótt allir séu að bíða eftir að hinn stóri sannleikur komi í ljós,“ segir **Aðalheiður Héðinsdóttir**, forstjóri Kaffitárs. „Við vitum að ábyrgðin liggur víða og að málið er ekki einfalt.“

Ég vona að ekki verði farið í hausaveiðar og árássir á fólk í kjölfar skýrslunnar heldur einhendi menn sér í að hefja endurreisn samfélagsins af krafti.“



Tekist á um hæfi Sigríðar

Rannsóknarnefndin komst ekki klakklaut frá störfum sínum og um tíma leit út fyrir að Sigríður Benedíktsdóttir þyrfti að hverfa úr nefndinni. Í það minnsta þurftu félagar hennar að taka sérstaka ákvörðun um að hún væri hæf til áframhaldandi setu. Áður höfðu þeir boðið henni að hætta.

Sigríður er kennari við Yale-háskólann í Bandaríkjunum. Í apríl á síðasta ári veitti hún skólaláði Yale viðtal um bankahrunið á Íslandi og störf sín fyrir rannsóknarnefndina. Sagði hún meðal annars: „Ég er miður mín yfir þessu hruni. Mér finnst það vera afleiðing ófgakenndrar græðgi af hálfu margna og glæfralegs andvaraleysis þeirra stofnana sem báru ábyrgð á því að

hafa eftirlit með starfsgreininni og báru ábyrgð á að tryggja fjármálalegan stöðugleika í landinu.“

Þessi ummæli taldi Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, lýsa huglægru afstöðu Sigríðar, hún hefði þegar gert upp hug sinn til hluta rannsóknarefnisins. Taldi Jónas í þessu ljósi ekki tryggt að málefnaleg sjónarmið yrðu lögð til grundvallar og að réttaröryggi þeirra sem hagsmuni hefðu að réttri niðurstöðu nefndarinnar væri ógnað.

Að athuguðu máli komust Páll og Tryggvi að þeirri niðurstöðu að ummæli Sigríðar hefðu verið almenn og hún því ekki gert sig vanhæfa til frekari starfa.

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



28
MILLJÓNIR

VARÚÐ! MILLJÓNAGOS

Fjórfoldur Lottópottur stefnir í 28 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!





HALLARBYLTING Sex Pistols ásamt McLaren undirrita plötusamning við hljómplötuframtækjafyrirtækið A&M Records fyrir utan Buckingham-höllina í London í mars árið 1977. A&M sleit samningnum innan við viku síðar, en áður hafði hljómplöturinn EMI rekið sveitina eftir stutt samstarf. Með fyrirframgreiðslur upp á tugi þúsunda punda frá þessum fyrirtækjum í vasanum voru meðlimir og umboðsmaður Sex Pistols nefndir „ungir kaupslumenn ársins“ af virtu fjármálatímariti.

NORDICPHOTOS/GETTY



FÖTIN SKAPA PARÍÐ

McLaren ásamt ástkonu sinni til fjölda ára, fatahönnuðinum Vivienne Westwood, og fyrirætum árið 1985.

Rokksvindlarinn mikli allur

Malcolm McLaren, athafnamaður og umboðsmaður Sex Pistols, lést á fimmtudaginn. *Kjartan Guðmundsson* leit stuttlega yfir feril mannsins sem hafði ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á dægurmenninguna, allt eftir því hver er spurður.

Malcolm McLaren lést á fimmtudag í Sviss, þar sem hann hafði verið í meðferð við krabbameini sem hann greindist með í október síðastliðnum. Hann var 64 ára að aldri.

Enginn vafi leikur á því að McLarens verður helst minnst sem umboðsmanns ensku pönk-frumkvöðlanna í Sex Pistols, þótt deilt sé um hversu stórt hlutverk McLaren lék í uppgangi og ekki síður falli þeirrar sveitar, en líftími hennar var ekki langur (ef frá er talin endurkoma sem flestir sanntvúðir pönkarar vilja gleyma sem fyrst) þótt áhrifanna gæti enn. Sjálfur lét McLaren ávallt í það skína að hann væri heilinn að baki pönkinu eins og það lagði sig og kallaði feril Sex Pistols Rokksvindlið mikla, eins og frægt er orðið. Margir voru honum þó ósammála í því efni, ekki síst forsöngvarinn Johnny Rotten, sem deildi harkalega á umboðsmanninn í ævisögu sinni frá árinu 1993 og kallaði hann meðal annars illgjarnasta mann í heimi.

Eitthvað hefur Rotten þó mildast í afstöðu sinni til McLarens ef marka má yfirlýsingu sem söngvarinn sendi frá sér í tilefni andlátsins. „Í mínum augum var Malcolm alltaf skemmtilegur og ég vona að allir muni það,“ ritaði sá rotni og bætti við að hann kæmi

til með að sakna fyrrum umboðsmanns síns.

Ferilskrá McLarens inniheldur þó ýmislegt fleira en pönk og Sex Pistols. Hann starfaði sem umboðsmaður fleiri hljómsveita, fyrst The New York Dolls og síðar Adam and the Ants og Bow Wow Wow og gaf út nokkrar hljómplötur undir eigin nafni. Þeirra á meðal eru Duck Rock frá 1983, sem skartaði smáskífunni vinsælu Buffalo Gals og margir telja að átt hafi stóran þátt í því að vekja breska áheyrendur til vitundar um rapp og hipphopp-tónlist (og sjálfur Eminem vísaði til lagsins í smellinum Without Me), og Waltz Darling frá 1989 sem naut nokkurra vinsælda.

Þá vakti áralangt samband McLarens við fatahönnuðinn Vivienne Westwood ávallt mikla athygli, en saman hönnuðu skötuhjúin mikið af þeim fatnaði sem fyrstu pönkararnir klæddust í árdaga. „Malcolm var afar heillandi, hæfileikaríkur og sérstakur maður. Ég varð mjög sorgmædd þegar ég frétti af andláti hans,“ sagði Westwood við breska fjölmiðla á fimmtudag.

McLaren verður jarðsettur í Highgate-kirkjugarðinum í Norður-London þar sem hann fæddist og ólst upp.





NORDICPHOTOS/GETTY



HIPP HOPP UM ALLA BLOKK McLaren ásamt meðlimum hiphopp-sveitarinnar The World's Famous Supreme Team árið 1983. Saman gerðu þau lagið Buffalo Gals vinsælt víða um heim.

NORDICPHOTOS/GETTY

Umdeildur morgunverður Bow Wow Wow

Umslag hjómplötu Bow Wow Wow, sem McLaren var umboðsmaður fyrir, vakti gríðarlegar deilur og var kveikjan að lögreglurannsókn Scotland Yard þegar spurðist út að söngkonan Annabella Lwin, sem er nakin á umslaginu, væri einungis fjórtán ára gömul. McLaren á einnig að hafa beðið einn hljómsveitarmeðlima að „hjálpa“ hinni ólögráða Lwin að „losna við meydóminn“.

Ljósmyndin er endursköpun á málverkinu „Morgunverðurinn í skóginum“ eftir Manet.



Fermingargjöf sem *vex*

— Framtíðarbók Arion banka

Framtíðarbók Arion banka er góð gjöf frá þeim sem vilja leggja traustan grunn að framtíð fermingarbarnsins.

Framtíðarbók er verðtryggður innlánsreikningur sem gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga. Innistæðan er laus til úttektar við 18 ára aldur.

DOGMA

Öll fermingarbörn sem leggja 25 þúsund kr. eða meira inn á Framtíðarbók fá bol að eigin vali úr versluninni Dogma.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða á arionbanki.is.

 Arion banki

LONDON McLaren fæddist í Lundúnaborg árið 1946. Faðir hans yfirgaf fjölskylduna þegar McLaren var tveggja ára gamall og sá amma hans að miklu leyti um uppeldið á drengnum. McLaren íhugaði að bjóða sig fram til borgarstjóra í London árið 1999.

ISLENSKA SJALIS ARI 4 9915 03/10

Furðuverur landsins

Íbúar huliðsheima hafa birst Íslendingum í aldanna rás og gera enn. *Anna Margrét Björnsson* gluggaði í bókina Íslenskt vættatal eftir **Árna Björnsson** þjóðháttufræðing og fann þar nokkra gamla og nýlegri íbúa landsins sem ekki fást staðfestir af Þjóðskránni.

Fífudalsskrímsli

Ógnarstórt og illa þefjandi sjóskrímsli sem sást í fjöru niður af Fífudal í Arnarfirði.

Mussuleggur

Drauga-Hallur Hallsson á Hellissandi og Athaníus, sonur Hnausa-Bjarna, vöktu upp Kristján Jónsson árið 1816 og sendu konu sem ekki hafði viljað giftast Halli. Á lokum deyddi draugurinn konuna en tók þá að sækja að Halli sjálfum sem fannst síðar dauður og beinbrotinn. Draugur þessi var í mussu með bera fótleggi og því kallaður Mussuleggur.

Póra

Sækona sem Jón Sigurðsson á Dældarkoti dró á öngli sínum við hólma undan Súgandisey. Hafði öngullinn krækst í belti hinnar gjafvaxta meyjjar.

Villi gamli úr Esjunni

Villi gamli úr Esjunni nefnist barnafæla sem krökkum í Reykjavík á fjórða áratug 20. aldar var sagt að gæti komið og tekið þau ef þau væru óþekk.

Semesúma

Á Eyrbakka var talað um hulduveru sem hafðist við uppi í rjáfri milli baðhúslöfts og þaks og var kölluð Semesúma. Þar heyrðist stundum skráf og svartir taumar láku niður frá henni. Það var kallað svarta mjólkinn hennar.

Stíflugjóli

Barnafæla í nánd við Ljósa-fossvirkjun í Soginu. Börn voru vörud við að koma mjög nálægt vélunum og stíflunni og til árettingar var þeim sagt að Stíflugjóli gæti tekið þau ef þau hættu sér of langt.

Eyjafjarðarskotta

Draugur sem hollenskir sjómenn sendu í hefndarskyni fyrir að eyfirskar konur vildu ekki þýðast þá. Átti Skotta að kvelja og drepa allar konur í Vaðlaþingi.

Hallinkjammi

Smalamaður hengdi sig í beitarhúsum uppi á Sörlastaðadal sunnan Seyðisfjarðar og var grafinn í gilsbarmi fyrir ofan þau. Hann gekk aftur með höfuð út á aðra öxl og lafandi tungu og var því kallaður Hallinkjammi.



DJÁKNINN Á MYRKÁ Djákninn á Myrká er ein frægasta íslenska draugasagan og segir frá djákna einum að Myrká í Eyjafirði. Nafns hans er ekki getið en hann átti í tygjum við konu eina er Guðrún hét og kom hún frá Bægisá. Hann druknaði í ánni og draugur hans kom að sækja hana og reyndi að draga hana með sér í gröfina. Draugurinn ásótti Guðrúnu og varð hún aldrei heil á geði eftir hremmingarnar.

SKEMMTILEGUR FRÓÐLEIKUR

Bíladelludraugar

Geithálsdraugurinn í Mosfells sveit, Gráskollstaðardraugur, ættaður austan Ytri-Rangár, Kampholtsmóri úr Villingaholtshreppi og Stapardraugurinn svonefndi eru allir þekktir fyrir bíladellu. Þeir vilja gjarnan taka sér far með slíkum tækjum eða atast í þeim með ýmsum hætti.

Tröllsleg frjósemi

Grýlu og *Leppalúða* þekkja flestir en þeim eru eignuð ósköpin öll af börnum, fyrir utan hina virtu jólasveina, þar á meðal eru:

Askur, Ausa, Bikkja, Bokki, Bollí, Botni, Bóla, Brynki, Bútur, Böðvar, Dallur, Dáni, Djangi, Dúðadurtur, Flaska, Gráni, Hnúta, Hnútur, Hnyðja, Hnýfill, Höttur, Jón, Kleppur, Knútur, Koppur, Kútur, Kyllir, Kypa, Langleggur, Láni, Lápur, Leiðindaskjóða, Leppatuska, Leppur, Ljótur, Loðinn, Loki, Lúpa, Mukka, Musull, Nafar, Nýpa, Nútur, Næja, Poki, Pútur, Sighvatur, Sigurður, Skotta, Skrápa, Skrápur, Skreppur, Sláni, Sleggja, Sóla, Stampur, Stefna, Stefnir, Stikill, Strokur, Strútur, Strympa, Stútur, Surtla, Syrpa, Tafar, Taska, Típa, Tæja, Völustallur, Þóra, Þrándur og Þröstur.



→ UM BÓKINA OG HÖFUNDINN



Árni Björnsson er kunnur fyrir yfirburða þekkingu sína á íslenskum þjóðháttum en bók hans um íslenska vætti hefur verið ófánleg um árabil. Ritíð hefur nú verið endurútfærð með nýjum kortum, skýringum og eftirmála höfundar.






S.Á Verklausnir er alhliða vertakafyrirtæki sem býður fram þjónustu á sviði jarðvinnu, byggingagerðar og lóðafrágangs og hefur á að skipa reyndum sérfræðingum á því sviði. Nýlegt dæmi um það er Bráðamóttaka Landspítalans í Fossvogi.

www.save.is

NÝ BRÁÐAMÓTTAKA! TIL HAMINGJU

Óskum LANDSPÍTALANUM til hamingju með
nýja og glæsilega bráðamóttöku í fossvogi!





Í HUGARAFLI Auður Axelsdóttir, Marteinn Jakobsson, Helga og Baldvín, Hrannar Jónsson, Sigrún Viggósdóttir og Adda Sigurjónsdóttir starfa öll í Hugarafli.

Læknast af eigin fordómum

Í Hugarafli starfar fagfólk með fólki sem hefur átt við geðræn vandamál að stríða. Þar er unnið á jafningjagrundvelli og áhersla lögð á að breyta sýn almennings á geðheilbrigði og vinna gegn fordómum. **Auður Axelsdóttir** iðjubjálfi er einn stofnenda Hugarafils og fór hún fyrir hópi fólks sem í sameiningu fræddi *Dórunni Elísabetu Bogadóttur* um starfsemina.

Við vildum breyta nálguninni á geðheilbrigðis-kerfið í heild. Hafa áhrif á kerfið, vinna gegn fordómum, minna á að hægt sé að ná bata og vinna að breyttari sýn almennings á geðheilbrigði,“ segir Auður Axelsdóttir iðjubjálfi, einn stofnenda Hugarafils. Í Hugarafli starfa saman einstaklingar sem hafa átt við geðræn vandamál að stríða, en eru í bata, og fagfólk. Skapast hefur mikil reynsla í félaginu, dýrmæt reynsla að mati Auðar. „Með þessu verða líka til fjölbreyttari valmöguleikar í geðheilbrigðiskerfinu og með því að miðla reynslunni áfram sköpum við verðmæti.“

Hópurinn fékk Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í síðasta mánuði í flokknum Til atlögu gegn fordómum.

Unnið gegn fordómum

Eitt stærsta verkefni Hugarafils er geðfræðsla. Geðfræðsluverkefninu er ætlað að draga úr fordómum gagnvart geðröskunum í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Hrannar Jónsson hefur mikið unnið í verkefninu og segist finna að það dragi úr fordómum. „Við erum að gera mikið fyrir sýnileikann.“ Á síðasta skólaári var farið í á fimmta tug kynninga í skólum. Tveir félagar úr Hugarafli fara þá saman inn í bekki og segja frá sinni reynslu í stutta stund en leggja svo áherslu á umræður. „Við nýtum reynslu þeirra sem til þekkja til að hjálpa krökkunum að skilja og vita hvert þeir eiga að leita.“

„Margir hér hafa sömu söguna að segja, og við vitum að það eru miklir fordómar gagnvart geðsjúkdómum og þeim sem eiga við þá að stríða.

Þess vegna höfum við áhuga á því að koma þessu fram í dagsljósið, tala um hlutina,“ segir Hrannar. „Margir, til dæmis ég, voru í mörg ár að veltast einhvers staðar og sættu sig ekki almennilega við að fá þann stimpil á sig að vera með geðröskun. Fólk fordæst oft í mörg ár að gera eitthvað í málunum.“ Sigrún Viggósdóttir tekur undir þetta. „Maður þarf fyrst að læknast af fordómum gagnvart sjálfum sér. Þegar þú ert með fordóma sjálfur getur þú ekki ætlast til þess að aðrir séu fordómalausir.“

Hugsjónir og fræðsla

Hugaraflihópurinn hittist á fundum tvisvar í viku og á þeim eru ákvarðanir teknar um það hvaða verkefni og áherslur eru í gangi hverju sinni, og hver sinnir hvaða hlutverki. „Þannig að þetta er hugsjónahópur en líka samstarfshópur notenda og fagfólks. Við vinnum í samstarfi við geðheilsu- og stöðina Geðheilsa eftirfylgd. Hingað leitar fólk á eigin forsendum,“ segir Auður. Hún segir mikilvægt að fólk hafi hlutverk og geti tilheyrt hópi.

Í Hugarafli eru ýmsir afþreyingarhópar, til dæmis gönguhópur, tómstundahópur og menningarhópur. Þá vinnur hópur að útgáfu bæklinga og fræðsluefnis auk þess sem hópur er starfræktur fyrir aðstandendur. „Í tilveruhópi og batahorni gefst tækifæri til að ræða viðhorf og tilfinningar sem er nauðsynlegur liður í bataferli,“ segir hún. Sérstakur hópur er starfræktur fyrir ungt fólk, Unguhugar, og að sögn Auðar stækkar hann jafnt og þétt. „Við viljum gjarnan reyna að grípa fólk sem fyrst og veita þann stuðning sem hægt er til að fólk geti haldið áfram.“

Félagið hefur einnig haldið námskeið og ráðstefnur auk þess sem farið hefur verið í kynningar á geðdeildir. Þá er sérstakt samherjaverkefni starfrækt, þar sem einstaklingar sem eru lengra komnir í bataferlinu ræða við þá sem styttra eru komnir.

Hafa áhrif á eigin bata

„Við lítum á geðsjúkdóma sem eitthvað flókið – marga samverkandi þætti,“ segir Hrannar. „Þetta er ekki bara líffræðilegt, heldur einnig vegna þess að við verðum fyrir áföllum eða missi, til dæmis. Við missum tíma- bundið tök á lífinu en getum náð valdinu aftur,“ bætir Auður við. Batamódelið sem unnið er eftir í Hugarafli byggir meðal annars á þessu. „Það, að við höfum ýmislegt að segja um okkur og okkar bata. Þetta er undir okkur sjálfum komið. Það er ekki einhver heilbrigðisstétt sem á að mata okkur á öllu,“ segir Marteinn Jakobsson, sem mætir í Hugarafli á hverjum degi. Hann segir það hafa gert mikið fyrir sig, og undir það taka fleiri.

„Ég veit bara að eftir að ég fór að koma hingað reglulega hefur batinn minn farið upp á við. Ég segi alltaf að það er rosalega gott að koma hingað þegar maðni líður vel, en þetta er eini staðurinn sem maður vill koma á þegar maðni líður illa. Mér finnst það segja rosalega mikið,“ segir Adda Sigurjónsdóttir.

„Hér er mjög góður andi og við notum sömu hugmyndafræðina í öllu, valdeflinguna og batamódelið. Við eflum trúna á því að það sé hægt að ná bata, og á vonina. Þetta er fyrst og fremst spurning um vonina, og það að maður geti sjálfur verið áhrifavaldur.“

Hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Hugarafli hlaut á dögunum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum.

Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 19. mars síðastliðinn. Þar tók Hugarafilsfólk við verðlaunum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

Markmið Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er að vekja athygli á broti af því kærleiksrika starfi sem unnið er víða í íslensku samfélagi.



AUÐUR AXELSDÓTTIR „Þetta er hugsjónahópur en líka samstarfshópur notenda og fagfólks,“ segir Auður um Hugarafli.

Batamódelið og Daniel Fisher

Í Hugarafli er unnið eftir svokölluðu batamódeli Daniels Fisher, en hann er bandarískur læknir sem sjálfur hefur glímt við geðklofa.

„Batamódelið byggir mikið á því að það sé ekki aðeins ein leið til bata, ein leið hentar ekki öllum. Það byggir líka á því að efla sjálfstraustið, vera virkur í samfélaginu og finna sín bjarg-

ráð,“ segir Auður. Hún segir valdeflingu líka koma inn í þetta. „Hún fléttast inn í batamódelið og byggir á að maður vinni í bataferlinu á eigin forsendum, hafi valmöguleika, taki ákvarðanir sjálfur og vinni á jafningjagrunni.“

Dr. Daniel Fisher kemur til landsins í næsta mánuði og verður með opinn fund á vegum Hugarafils hinn 15. maí.

Safnaðu þekkingu

Sæktu þér aukinn styrk

Mörg stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms.
Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?



MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Alpujarras – Best geymda leyndarmál Spánar?
hefst 12. apríl

Marxísk heimspeki í samtímanum
hefst 12. apríl

Frá faldbúningum til nútímans: Þjóðbúningaarfur Íslendinga
hefst 13. apríl

Gróður og grafir í Hólavallagarði
hefst 15. apríl

Þúsund ára ríkið
hefst 15. apríl

Trjárækt á sumarhúsaloðum
haldið 19. apríl

„Þetta er auðvitað bilun!\": Pasta, typpi, sinnep og trúðar
haldið 19. apríl

Lög og réttur fyrir 50+
hefst 26. apríl

AUSTUR STEIKHÚS

AUSTURSTRÆTI 7 - 101 REYKJAVÍK

Til hamingju með nýtt steikhús

ÓJ&K
Ó. Johnson & K. Kaaber hf

SD

RedFood

> TILBOÐSDAGAR HJÁ THELMU

Thelma Design, Skaparinn og Go with Jan eru með sérstaka útsölu í dag. Öll höfuðföt frá Thelmu eru til dæmis á aðeins fimm þúsund krónur. Einnig er hægt að svara forvitni sinni og skoða nýju línu Thelmu sem var að koma í hús. Búðin er við Skálholtsstíg rétt fyrir ofan Listasafnið.

stíll

utlit@frettabladid.is



Röndótt er málið í vor. Þessi skyrtukjöll fæst í GK.



Geggjaða hælaskó með fylltum botni í nýrri línu Soniu Rykiel. Fást í KronKron

OKKUR LANGAR Í ...



Fullkomlega sætt varagloss frá Make Up for Ever í föibleikum sixtis-lit.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Sara McMahon

H&M í fataskápinn minn

Einu sinni var ég ung stúdína í Kónsins Köben. Þar bjó ég í ein þrjú ár og naut mín í botn því mér fannst ég vera svo afskaplega mikill námsmaður, hjólandi um borgina og sötrandi ódýran bjór úr Netto. Í Kaupmannahöfn hafði ég líka alltaf efni á því að kaupa mér nýja flík því ég gat hjólað í næstu H&M verslun og keypt þar bol eða annað sem mér fannst ég nauðsynlega þurfa á að halda án þess að eyða fúlgur fjár. Þar var líka gamall skósali, sem með tímanum varð einnig góðvinur minn, sem seldi notaða skó á 50 danskar krónur. Þetta voru hamingjudagar!

Eftir ár í Kaupmannahöfn var þó ljóminn farinn af sænsku verslunarkeðjunni því daglega fannst mér ég mæta of mörgum stúlkum sem voru klæddar í sömu flík og ég frá H&M. Ég var svo mikil stúdína að ég vildi skera mig úr og ekki vera eins og allir hinir þannig ég ákvað að hætta að versla jafn mikið í H&M.


Að námi loknu flutti ég aftur heim til Íslands og eftir fimm ára fjarveru þótti mér agalega erfitt að sætta mig við það að vera komin aftur. Hér kostaði allt svo mikið, hér var alltaf rok, hér gat ég ekki hjólað á

gírlausa hjólinu mínu og hér var engin H&M verslun. Eftir að hafa flutt heim varð það skyndilega að markmiði að komast utan til að kíkja í H&M, verslun sem ég hafði áður blá-kalt afneitað. Þannig að ég verslaði í H&M í London, Kaupmannahöfn, á Írlandi og í Berlín og fannst það alltaf jafn yndislega gaman.


Svo kom kreppa. Síðan þá hef ég ekki farið til útlanda. Ekki einu sinni. Þess í stað sit ég um fólk sem ég veit að er á leið út og bið það grátklökk um að kaupa eitthvað handa mér í H&M. Þessa dagana er ég full eftirvæntingar því eftir nokkrar vikur á ég von á sendingu að utan og kemur hún einmitt frá Svíþjóð. Nú er þessi ódýra, sænska verslunarkeðja mér sem fyrirheitna landið var fólk forðum daga og þó ég sé ekki lengur ung, brosandí stúdína á hjóli þá er þetta enn ein af fáum verslunum sem ég hef efni á að skipta við.



RÓMANTÍSK Stuttir blúndu-kjolar með gamaldags siffrónkaga.



BALLERÍNUKJÖLL Gullfallegur síðkjöll úr tjulli.



KLASSÍSKT Gamaldags jakkaföt rokk-uð upp með bol, támjóum skóm og hálsklút.



GAMALDAGS RÓMANTÍK HJÁ ANDERSEN OG LAUTH

Blúndur og rokk

Eitt af einkennum íslenska merkisins Andersen og Lauth er rómantísk stemning. Kjolar, skyrtur og pils eru úr gullfallegum efnum eins og silki og siffrón og eru gjarnan bróderuð. Haust- og vetrarlínan 2010 fyrir dömur sem var sýnd á Reykjavík Fashion Festival einkenndist af föibleiku og svörtu og sniðum sem minntu á þriðja áratuginn. Herralínan skartaði töffaralegum leðurjökkum og buxum með reiðbuxnasniði ásamt stórum hálsklútum og köflóttum efnum. Einnig voru sýnd falleg klassísk jakkaföt með rokkaralegu ívafi. Falleg og klæðileg föt sem munu fá stóran hóp addáenda.

- amb

KÖFLÓTT Buxur með reiðsniði við arabískan klút og sportlegan jakka.



GRÁTT Sætur og stuttur „twenties“ kjöll með bróderingu.



KLÚTAR Klassískur frakkí og köflóttur klútur fyrir strákana.

LEÐUR Svöl blanda þröngs leðurjakka við buxur með reiðbuxnasniði.



Ráðstefna Kvískerjasjóðs

Laugardaginn 17. apríl 2010 verður haldin ráðstefna um

Kvískerjasjóð á Smyrlabjörgum í Suðursveit.

Kynnt verða verkefni sem hlotið hafa styrki frá sjóðnum

- 10.00 Setning Hjalti Þór Vignisson
- 10.15 Tengsl loftslags og jökulbreytinga í SA Vatnajökli – Hrafnhildur Hannesdóttir
- 10.45 Fjallaplöntur, jökulsker og loftslag – Bjarni Diðrik Sigurðsson og fleiri
- 11.15 Landnám smádyra á jökulskerjum – María Ingimarsdóttir
- 11.45 Staðbundin óveður á Kvískerjum – Hálfán Ágústsson
- 12.15 Matarhlé
- 13.30 Jökulhlaupaf völdum eldgosa í Örafajökli – Þorsteinn Þorsteinsson
- 14.00 Eldgos í Örafajökli 1362 – Ármann Höskuldsson
- 14.30 Landslagundir jökulum í Örafum – Helgi Björnsson
- 15.00 Kaffi og veggsjaldasýning
- Búsvæðaval og afkoma óðinshana og þórshana í Örafum, YannKolbeinsson
- Jökla-, vatna-, jarðefna og örverufræðileg rannsókn á Skaftárkötlum, Þorsteinn Þorsteinsson og Tómas Jóhannesson
- Munnleg hefð
- Björg Erlingsdóttir
- 15.45 Pallborðsumræðurum sjóðinn og framtíð hans
- 16.30 Ráðstefnuslit

Farin verður ferð frá BSÍ föstudaginn 16. apríl klukkan 18:00 og aftur til baka að ráðstefnu lokinni og er ráðstefnugestum að kostnaðarlausu.

Peir sem vilja nýta sér ferðina skrá sig á netfangið bjorgeri@hornafjordur.is fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 15. apríl.

Bent á slóðina www.rikivatnajokuls.is/ferdathjonusta þar sem finna má upplýsingar um gistingu á svæðinu.

Allir velkomnir

Stjórn Kvískerjasjóðsog Sveitarfélagið Hornafjörður

Fleffað rumpufjör?

pilsasnatt


goggolía

joll

litlahraunsmatur

Umdeild orðabók um íslenskt slangur, slettur og bannorð sem kom fyrst út árið 1982 er nú fáanleg aftur.

Mörður Árnason, einn ritstjóra bókarinnar, skrifar eftirmála um tilurð hennar og viðtökur.



pífudúkka

breiní

trotti



innstunga

ræpusvelgur



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

lempari

prjúbíó

lesbíuhland

Loksins,
loksins!

„Fróðleg og bráðskemmtileg.“

HELGARÞÓSTURINN

> MEÐ BÖRNIN

Þrátt fyrir að leikkonan Sandra Bullock hafi flutt út frá eiginmanni sínum til fimm ára eftir að upp komst um framhjáald hans, dvelja börnin hans þrjú hjá henni þessa dagana. Bullock hafði hugsað sér að ættleiða yngstu dóttur Jesse James á meðan allt lék í lyndi.



fólk

folk@frettabladid.is

Tarantino vill bjarga Lindsay

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino hefur bæst í hóp þeirra sem vilja bjarga Lindsay Lohan frá sjálfstortíngu. Lindsay hefur ekki gert neitt af viti á hvíta tjaldinu undanfarin ár og hefur aðallega verið á forsíðum slúðurblaðanna fyrir taumlaust djamm og villt líferni.

Tarantino hefur hins vegar mikinn hug á að reisa við feril þessarar bandarísku leikkonu sem sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Mean Girls. Heimildarmaður vefsíðunnar Absolut Noew lætur hafa eftir sér að Lindsay sé leikkona sem Tarantino sé hrifin af. „Það býst enginn við því að Lindsay muni nokkurn tíma leika í alvörumynd hér eftir. En hann hefur hana í huga fyrir

hlutverk sem hann álitur að yrði fullkomið fyrir hana,“ hefur vefsíðan eftir leikstjóranum.

Tarantino hefur áður reist gamla og gleymda leikara upp úr óskustónni. Pam Grier hafði varla sést þegar hún fór á kostum í Jackie Brown en þekktasta endurkoman er sennilega þegar Tarantino gróf sjálfan John Travolta upp og gerði hann aftur að stjörnu sem Vincent Vega í Pulp Fiction. Lindsay bregður næst fyrir í kvikmyndinni Machete á móti Jessicu Alba og Robert De Niro.



ÓLÍKINDATÓL Tarantino og Lohan ættu eflaust vel saman enda þekkt fyrir að vera mikil ólíkkindatól.

Persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið

hefst 12. apríl. Skráning hafin í síma

695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org

- Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
- Krakkajóganámskeið



Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org



LEITAR AÐ OFURFYRIRÆTUM Jason Valenta starfar á vegum umboðsskrifstofunnar Next, sem er ein elsta og virtasta umboðsskrifstofa heims. Hann telur að Brynja Jónbjarnardóttir gæti náð langt innan tískuheimsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EKKI LITA ÚT FYRIR



Sjálfsbjálparbók handa öllum þeim sem einhvern tíma hafa efast um ríkjandi hugmyndir.

Ögrandi bók sem afhjúpar hræsnina í samfélaginu en er jafnframt frábærlega skemmtileg.

Fjöldi ljósmynda eftir Ingólf Júlíusson.

SKRUDDA

Telur að Brynja geti náð á toppinn í tískuheiminum

Jason Valenta starfar sem útsendari á vegum umboðsskrifstofunnar Next, sem er ein elsta og virtasta umboðsskrifstofa heims. Hann er staddur hér á landi til að eiga fund með Andreu Brabin, einum eigenda Eskimo, og fyrirsætunni Brynju Jónbjarnardóttur, en Next hefur boðið henni svokallaðan heimssamning sem gæti komið henni á toppinn í tískuheiminum.

Jason ferðast um heiminn á vegum Next í leit að næstu ofurfyrirsætu og hefur meðal annars uppgötvað stúlku á borð við Abbey Lee, sem er andlit tískuhússins Chanel og í tífunda sæti yfir fimmtíu vinsælustu fyrirsætur heims.

„Íslenskar stúlkur eru með alveg einstakt útlit og alveg sérstaklega fallega húð sem ég held að sé vegna þess að þær fá ekki jafn mikla sól og margar aðrar. Það sem umboðsskrifstofur eru að leita að í dag eru



BRYNJA JÓNBJARNARDÓTTIR

stúlkur með ákveðin sérkenni, sem sagt fallegar en ekki of venjulegar, og svo þarf persónuleikinn að vera sterkur svo þær skeri sig úr,“ útskýrir Jason. Hann segir Brynju, sem er 16 ára, hafa þáð sem þarf til að geta náð langt innan tísku-bransans og útilokar ekki að hún gæti orðið á meðal þeirra fremstu í

framföðinni. „Hún er alveg einstök og hefur rétta útlitið til að ná alla leið. Ég kom hingað sérstaklega til að ræða við hana og komast að því hvaða væntingar og óskir hún hefur. Hún er mjög ung enn og það getur verið erfitt fyrir svo ungar stúlku að dvelja svona lengi að heiman.“

Aðspurður segir Jason tísku-bransann vera erfiðan sé fólk ekki opið fyrir ferðalögum og miklu flakki. „Maður þarf að vera mjög opinn því í þessum bransa þarf maður að ferðast víða og starfa með fólk frá ýmsum löndum og menningarheimum, en ef þú hefur gaman af því að ferðast og heimsækja nýja staði er þetta algjört draumastarf.“

Þetta er í annað sinn sem Jason sækir Ísland heim og segist hann helst vilja heimsækja landið árlega. „Ég hef afskaplega gaman af því að heimsækja Ísland og helst vildi ég koma hingað minnst einu sinni á ári. Mér finnst gaman að röltu um miðborgina og taka myndir af því sem fyrir augu ber og svo finnst mér líka mjög notalegt að fara í Bláa lónið,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

Var tilfinningalaust vélmenni

Leikkonan Gwyneth Paltrow átti í miklum vandræðum með tilfinningar sínar eftir að hún eignaðist annað barn sitt, Moses, með eiginmanni sínum Chris Martin úr Coldplay.

„Þegar ég var hvað lægst niðri var ég eins og vélmenni. Ég hafði engar tilfinningar. Ég bar engar móðurlegar tilfinningar til hans. Þetta var hræðileg upplifun,“ sagði Paltrow í viðtali við tímaritið Vogue. „Ég hugsaði ekkert um að skaða hann eða neitt slíkt



GWYNETH PALTROW Átti í vandræðum með tilfinningar sínar eftir að hún eignaðist sitt annað barn.

en ég náði engum tengslum við hann. Enn þann dag í dag þegar ég horfi á myndir af honum þriggja

mánaða þá man ég ekki eftir þessu tímabili.“

Paltrow vildi ekki viðurkenna að hún ætti við vandamál að stríða fyrr en Martin ræddi við hana. „Ég hélt bara áfram eins og ekkert hefði í skorist en mér leið ömurlega. Chris sagði við mig að eitthvað væri að. Það var mikill léttir því það staðfesti að ég væri ekki sú eina sem áttaði mig á þessu,“ sagði hún. „Þá komst ég á beinu brautina. Ég fór að stunda líkamsrækt og fór að hugsa um að vinna á nýjan leik.“

VIÐ ERUM 15 ÁRA!

Regatta 
GREAT OUTDOORS™

50%
AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

SÍÐASTI DAGUR
SUNNUDAGINN 11. APRÍL

OPIÐ

VIRKA DAGA 11 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST  **15 ÁRA**
& SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

Miley vill giftast Liam

Söngkonan unga, Miley Cyrus, er svo ástfangin af kærasta sínum, ástralska leikaranum Liam Hemsworth, að hún gæti vel hugsað sér að giftast piltinum um leið og hún hefur aldur til.

„Hún er sannfærð um að þau eigi eftir að verja ævinnu saman. Hún hefur sagt að hún vilji giftast honum þegar hún hefur náð átján ára aldri. Hún hefur meira að segja fengið leyfi hjá móður sinni til að klæðast hennar brúðarkjól,“ var haft eftir fjölskylduvini.

Miley og Liam hafa átt í sambandi í tíu mánuði og heimsótti söngkonan fjölskyldu Liams í Ástralíu fyrir stuttu. „Hann er yndislegur. Við hittumst daglega og hann er orðinn minn besti vinur,“ sagði stúlkan.

Shia og Voight ná vel saman

Bandaríska ungstirnið Shia LeBeouf og reynsluboltinn Jon Voight eru miklir vinir. Þetta kemur kannski einhverjum spáskt fyrir sjónir enda mikill aldersmunur á þeim. Þeir eiga það hins vegar sameiginlegt að vera tveir einmanna karlar í partíborginni Hollywood sem eiga enga fjölskyldu að. Shia er enn að reyna ná almennilegum samskiptum við föður sinn sem hefur marga hildina háð í baráttu sinni við eiturfjádjöfulinn og sagan af stirðum samskiptum Voights og dóttur hans, Angelinu Jolie, er flestum ljós.

Shia ræddi þetta sérstaka vinasamband í bandaríska glanstímaritinu Glamour. „Við lékum í nokkrum myndum

saman og fylltum upp í tómarúm hvor annars. Þótt hann myndi aldrei viðurkenna það, þá átti hann enga fjölskyldu og ég átti enga fjölskyldu.“

Shia slasaðist til að mynda alvarlega á hendi efitr bílslys og fyrsti maðurinn til að heimsækja hann var Jon Voight. „Hann kom á undan þabba mínum,“ segir Shia en leikarinn hefur átt erfitt með að tengjast föður sínum. „Pabbi er yndislegasti maður í heimi en um leið sá skelfilegasti. Hann komst mjög nálægt því að eyðileggja líf mitt því ég reyndi allt hvað ég gat til að þóknast honum,“ útskýrir Shia sem ber móður sinni hins vegar vel söguna. „Hún er algjör klettur í mínu líf. Algjör engill.“



ERFIÐ ÆSKA Shia LeBeouf átti erfiða æsku en á nú traustan vin í bandaríska stórleikaranum Jon Voight.

Skaðabætur frá Hello



JUDE LAW

Leikarinn Jude Law hefur unnið skaðabótamál sem hann höfðaði gegn tímaritinu Hello eftir að það tók ljósmyndir af honum og börnunum hans á ströndinni.

Bæturnar nema tæpum tveimur milljónum króna og þarf Hello að greiða allan lögfræðikostnað leikarans. Hello hefur einnig samþykkt að birta ekki myndir af honum með börnunum fyrr en þau verða átján ára. Lögfræðingar Law segja að leikarinn og börnin hans eigi rétt á sínu einkalífi og því hafi myndbirtingin ekki verið lögmæt.

Skugga-plötusnúðar í stuði

Plötusnúðarnir Kiddi Bigfoot og Nökkvi Svavarsson byrjuðu að starfa saman á Dejá Vu fyrir sextán árum. Þeir eru enn í fullu fjöri og skemmta nú á Pósthúsinu um helgar undir nafninu Shadow-DJ-S.

„Við vorum plötusnúðar og skemmtanastjórar á Skuggabarnum á sínum tíma þegar hann var hvað vinsælastur. Svo var „reunion“ um daginn og þá fundum við hvað er gaman að spila þessa tónlist sem við vorum að spila þá,“ segir Kiddi. „Pósthúsið var á milli starfa þessara hjá fyrirtækinu Sparnaði á Akureyri. „Við erum að spila nánast allar helgar í einkasamkvæmum úti um allan bæ og allt land. Ég hef verið töluvert að spila á Volcano Café í Vestmannaeyjum. Það er ótrúleg stemning sem myndast þar. Það er eins og þjóðhátíð í hvert skipti sem ég er þar.“

Prjátu ár eru liðin síðan Kiddi þreytti frumraun sína sem plötusnúður og 26 ár síðan hann tók fyrst pening fyrir að þeyta skífum. Lögin sem hann spilar eru, eins og gefur að skilja, mismunandi eftir því hvaða fólk er í partíinu. „Ég er örugglega með níu þúsund lög að velja úr. Ef það er einkasamkvæmi spilar maður blandaða tónlist. Þetta fer eftir aldurshópnum. Maður reynir að gleðja eldra fólk með fyrst og svo fara út í yngri í restina því það endist lengur.“

Þótt hann sé orðinn 44 ára er Kiddi hvergi af baki dottinn. „Þann daginn sem ég verð þreyttur á þessu þá hætti ég. Meðan þetta er svona gaman ætla ég að halda áfram,“ segir hann. „Tónlistin er alltaf að breytast og fólk líka. Þetta er aldrei það sama. Það er bara gaman að gleðja fólk.“



REYNSLUBOLTAR Kiddi Bigfoot og Nökkvi Svavarsson hita rækilega upp í mannskapnum á Pósthúsinu í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Nökkvi Svavarsson, sem er fimm árum yngri en Kiddi og starfar hjá

Ísafoldarprentsmiðju, byrjaði fyrst að vinna með honum á Dejá Vu og hefur verið viðloðandi skemmtanabransans allan götur síðan, þar á meðal á Rex og á Austur. Hann hefur mjög gaman af starfinu rétt eins og kolleginn. „Á meðan Kiddi er enn þá í þessu þá á maður sjens. Mér finnst þetta enn þá gaman, það er það sem kitlar mig. Kikkið við að gleðja mannskapinn er örugglega svipað og fyrir Ragga Bjarna að standa á sviði. Þetta kikk rekur mann áfram,“ segir Nökkvi.

freyr@frettabladid.is

KIDDI BIGFOOT – TÍMALÍNA

- 1980-1982: Félagsmiðstöðvar og skemmtistaðir í Svíþjóð.
- 1983: Glæsibær
- 1983: Hollywood
- 1984: Traffic
- 1984: Sigtún
- 1984: Zafari/Roxy
- 1985: Upp og niður
- 1986: Ypselon
- 1986: Hótel Borg
- 1986: Kreml
- 1987-1990: Casablanca
- 1987-1988: Lækjartunglið/Bíókjallarinn
- 1988: Abracadabra
- 1988: Hótel Borg
- 1989: Yfir strikið
- 1989: Tunglið
- 1990: Kjallari keisarans
- 1990: Berlín
- 1991: La Café
- 1992: Hressó
- 1993: Casablanca
- 1993-1994: Dejá-Vú
- 1993-1994: Tunglið
- 1995: Amma Lú
- 1995-1996: Þjóðleikhúskjallarinn
- 1996: Ingólfskaffi
- 1996: Casablanca
- 1997-1998: Nelly's
- 1998-1999: Skuggabarninn
- 1999: Astró/Wunderbar
- 2000-2001: Klaustrið
- 2002: Astró
- 2002-2003: Sportkaffi
- 2002-2006: Hverfisbarinn
- 2005-2006: Sólon
- 2007-2008: Gaukur á Stöng/Tunglið
- 2010: Pósthúsið vínbar



NÝ TILBOÐ

2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16

Frumsýnt í kvöld | UPPSELT



DÚFURNAR

SIGGI SIGURJÓNS
UNNUR ÖSP
JÖRUNDUR

HALLDÓRA GEIRHARÐS
HALLDÓR GYLFA

HILMIR SNÆR
ELMA LÍSA
NÍNA DÖGG



Tryggðu þér miða!

10/4 kl. 20	UPPSELT	22/4 kl. 20	UPPSELT	7/5 kl. 19	UPPSELT	14/5 kl. 19	UPPSELT
14/4 kl. 20	UPPSELT	23/4 kl. 19	UPPSELT	7/5 kl. 22		14/5 kl. 22	
16/4 kl. 19	UPPSELT	23/4 kl. 22	örfá sæti	8/5 kl. 19	UPPSELT	15/5 kl. 19	örfá sæti
16/4 kl. 22	örfá sæti	28/4 kl. 20	UPPSELT	8/5 kl. 22		15/5 kl. 22	
17/4 kl. 19	UPPSELT	29/4 kl. 20	UPPSELT	9/5 kl. 20	UPPSELT		
17/4 kl. 22	örfá sæti	30/4 kl. 19	UPPSELT	12/5 kl. 20	UPPSELT		
21/4 kl. 19	UPPSELT	30/4 kl. 22	UPPSELT	13/5 kl. 20	UPPSELT		

Höfundur: David Gieselmann
Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

Biðlistar í bókabúðum eftir Rannsóknarskýrslunni

Langir biðlistar eru í bókabúðum miðbæjarinnar eftir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem kemur út á mánudaginn. Mikil umfjöllun verður um skýrsluna á RÚV og Stöð 2.

Langþráð bið margra verður á enda á mánudaginn þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verður öllum aðgengileg á vef nefndarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis verður hinni tvö þúsund síðna skýrslu dreift í bókabúðir klukkan hálf ellefu um morguninn.

„Við erum með nokkur símanúmer sem við eigum að hringja í þegar skýrslan kemur í hús. Það er mikil spennan í loftinu,“ segir Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri í bókabúð Pennans við Skólavörðustíg. Hún vonast til að skýrslan komi fljótt í hús en búið er að taka frá sérstakt bretti sem skýrslan verður sett á og verður það á besta staðnum í bókabúðinni.

Dögg Hjaltalín, verslunarstjóri í Mál og menningu á Laugavegi, segir þau ekki vera með neinn biðlista. Þau ætli hins vegar að vera með hljóðnema sem fólk getur gripið í ef það vill tjá sig. Enda má búast við að mörgum verði mikið niðri fyrir þennan dag. „Fólk má lesa upp úr skýrslunni ef það vill, lesa ljóð sem tengjast skýrslunni eða hreinlega syngja lag, við viljum bara gefa fólk leyfi til að



MIKIL SPENNA Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verður gerð opinber á vefslóðinni rannsoknarnefnd.is á mánudagsmorgun. Bókabúðir eru við öllu búnað, sumar eru með biðlista en aðrar ætla að gefa fólk tækifæri til að tjá sig. Arndís Björg Sigurgeirsdóttir hjá Iðu er þó efnis um að fólk muni flykkjast í bókabúðir til að kaupa dóðrantinn.

þústa aðeins og fá tækifæri til að tjá sig,“ segir Dögg. Í sama streng tekur Svanborg Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Eymundsson í Austurstræti. „Við erum með langan biðlista hjá okkur af fólkum sem er búið að taka þetta rit frá. Það hringir fólk á hverjum degi og tryggir sér eintak,“ útskýrir Svanborg en líkt og

á Skólavörðustíg verður skýrslan á besta stað í versluninni. Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, verslunarstjóri í Iðu við Lækjargötu, er hins vegar efnis um að fólk muni flykkjast í stórum stíl í bókabúðir og kaupa sér eintak af þessum mikla dóðranti sem skýrslan óneitanlega verður.

freyrgigja@frettabladid.is

SKÝRSLAN ÁBERANDI

Rannsóknarskýrslan verður fyrirferðarmikil í sjónvarpsdagskrá RÚV og Stöðvar 2 á mánudaginn. Sérstakur blaðamannafundur verður haldin klukkan 10.30 á mánudag þar sem innihald skýrslunnar verður kynnt og frá honum verður sýnt beint. Klukkan þrjú hefjast umræður um skýrsluna á Alþingi og verður RÚV með beina útsendingu frá þeim fundi. „Ég reikna með að við verðum með lengri fréttatíma bæði mánudag og þriðjudag,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2. Nýtt myndver var kynnt til leiks í gærkvöldi en það gerir fréttamönnum

kleift að taka viðtöl við viðmælendur í beinni útsendingu í myndveru. Óskar segist ekki gera ráð fyrir að um hefðbundnar fréttir verði að ræða þessa tvo daga heldur leiki skýrslan lykilhlutverk í útsendingunum. Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Þóra Arnórsdóttir stjórna rúmlega tveggja tíma fréttaskýringabætti sem verður á dagskrá strax eftir kvöldfréttir á RÚV á mánudagskvöldinu. Sigríður segir hugmyndina vera þá að búa til hálfgerða sjónvarpsútgáfu af skýrslunni. „Það eru allir menn á vakt þennan dag,“ segir Sigríður.

NÝTT Í BIÓ!

HEIMSRUMSÝNING!

„Carell and Fey eru frábrætt grínar“ - Hollywood Reporter

Bráðskemmtileg gamanhasarmynd um hjón á flotta í bullandi vandræðum!

steve carell tina fey

DATE NIGHT

Frábær ævintýramynd stúfult af spennu, hasar og flottum tölvubrellum!

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND STÚFULL AF SPENNU, HASAR OG FLOTTUM TÖLVUBRELLUM!

CLASH OF THE TITANS 3D

THE GOOD HEART

THE BOUNTY HUNTER

LOFTKASTALINN SEM HRUNDI

LOVELY BONES

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

DATE NIGHT	kl. 6-8-10	10	CLASH OF THE TITANS	kl. 3:30-5:30-8-10:30	12
DATE NIGHT LUXUS	kl. 2-4-6-8-10	10	DEAR JOHN	kl. 3:20-8-10:20	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:40-8-10:20	12	KÓNGAVEGUR	kl. 3:30-5:45-8-10:15	10
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 1:30-3:20-5:40	L	LOVELY BONES	kl. 10:15	12
AD TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 1-3-20	L	THE GOOD HEART	kl. 5:50-8	10
NANNY MCPHEE	kl. 1-3-20	10	MAMMA GÓGÓ	kl. 4-6	L
KÓNGAVEGUR	kl. 3:30-5:45-8-10:15	7			
BOUNTY HUNTER	kl. 8-10:25	12			
SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D	kl. 1	L			

facebook.com/smarabio

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

DATE NIGHT	kl. 6-8-10	10	DATE NIGHT	kl. 4-6-8-10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8-10	12	DEAR JOHN	kl. 3:20-5:40-8-10:20	L
DEAR JOHN	kl. 4-6	L	EARTH	kl. 3:30-5:45	L
NANNY MCPHEE	kl. 4	10	SHUTTER ISLAND	kl. 8	16
			LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 3-6-9	14

NÝTT Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

DATE NIGHT

I LOVE YOU PHILLIP MORRIS

DREKANN

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

DATE NIGHT	kl. 6, 8 og 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5, 50, 8, 10, 10	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D ISL	kl. 2(900 kr), 4 og 6-30	L
AD TEMJA DREKANN SINN 2D ISL	kl. 2(600 kr) og 4	L
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 2(600 kr)	L
GREEN ZONE	kl. 8 og 10, 10	12

SAMBÍÓN

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND STÚFULL AF SPENNU HASAR OG FLOTTUM TÖLVUBRELLUM

CLASH OF THE TITANS 3D

VINSÆLASTA MYNDIN Í USA Í DAG

Sam Worthington úr Avatar er eini maðurinn sem þörir að berjast við grisku gudina Seif og Hades ásamt Medúsu og öðrum skrímslum

HOT TUB TIME MACHINE

ALFABAKKA	KRINGLUNNI
CLASH OF THE TITANS 3D kl. 5:40-8-10:30	CLASH OF THE TITANS 3D kl. 2-4-30-8-10-9-10:30-11:30
CLASH OF THE TITANS kl. 3-5:40-8-10:30	HOT TUB TIME MACHINE kl. 3:50-6-8:10-10:20
AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/isl. Tali kl. 1:30-3:40	AD TEMJA DREKANN SINN 3D kl. 1:40-3:50-6
AD TEMJA DREKANN SINN kl. 1:30-3:40-5:50	ALICE IN WONDERLAND 3D kl. 6:50
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ensku. Tali kl. 10:30	PRINSESSAN OG FROSKURINN kl. 1:30
HOT TUB TIME MACHINE 1:30-3:40-5:50-8-10:10	
WHEN IN ROME kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	
MEN WHO STARE AT GOATS kl. 8-10:30	
NANNY MCPHEE kl. 1:30-3:40-5:50	
THE BLIND SIDE kl. 8	
	SELFOSSI
	CLASH OF THE TITANS kl. 5:40-8-10:20
	WHEN IN ROME kl. 3:40-5:50-8
	MEN WHO STARE AT GOATS kl. 10:20
	AD TEMJA DREKANN SINN M/isl. Tali kl. 1:30-3:40
	SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM M/isl. Tali kl. 1:30

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNGUGULU. KR. 900 Á 3D SÝNINGAR MERKTAR GRÆNU

TILBOÐSVERÐ

SMÁRA BIÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBIÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ 950 KR. KL. 1 SMÁRABÍÓ 3D

KL. 4 BORGARBIÓ (650KR.)

KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ 3D

KL. 4 BORGARBIÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ 650 KR.

KL. 1 SMÁRABÍÓ 2D

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

DREKANN

ISLENSKT TAL

ATH. 900 KR. Á 3D

ATH. 600 KR. EKKI Í 3D

ATH. SÝND KL. 2

NANNY MCPHEE & THE BIG BANG

ATH. 600 KR.

ATH. SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ

DRAGON 3D

KL. 1 SMÁRABÍÓ KR 950 Á 3D

KL. 2 SMÁRABÍÓ KR 650 Á 2D

ALFABAKKI 3D og 2D ísl tali kl. 1,30	KRINGLAN 3D m/isl tali kr 950 kl. 1,40	AKUREYRI 3D m/isl tali kr 950 kl. 2	KEFLAVÍK m/isl tali kr 650 kl. 3:40	SELFOSSI m/isl tali kr 650 kl. 1,30
--------------------------------------	--	-------------------------------------	-------------------------------------	-------------------------------------



Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 7. júlí 2012 en laugardaginn 24. maí 2014?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM
Á UNÐAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 565-9500
Fax: 565-9501

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

> Viljum finna þjálfara sem fyrst

Magnús Andri Hjaltason, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, segir að það hafi komið sér nokkuð á óvart að Friðrik Ragnarsson skuli hafa afþakkað tilboð deildarinnar um að halda áfram þjálfun Grindavíkurliðsins. Hann segir Grindvíkinga vera á byrjunarreit og þeir séu enn að velja fyrir sér nöfnun á hugsanlegum arftökum Friðriks. „Við munum gefa okkur smá tíma til þess að fara yfir málin en við viljum helst finna þjálfara sem fyrst. Það er engin ástæða til að hanga yfir þessu. Við munum samt vanda valið,“ sagði Magnús Andri.



sport
sport@frettabladid.is

FRÍÐRIK RAGNARSSON HÆTTUR MEÐ GRINDAVÍK: ÞJÁLFAÐI LIÐIÐ Í FJÖGUR ÁR EN NÁÐI EKKI AÐ VINNA STÓRAN TITIL

Í versta falli tek ég mér bara smá frí og nýt lífsins

Friðrik Ragnarsson hefur ákveðið að hætta með Grindavíkurliðið eftir fjögurra ára starf. Grindvíkingar hafa verið í hópi allra bestu liða landsins undir hans stjórn en það hefur alltaf vantað örliðið upp á að stóru titlarnir kæmu í hús.

Grindvíkingar vildu halda Friðriki og buðu honum nýjan samning. „Ég fundaði með þeim og við vorum byrjaðir í viðræðum. Svo bara tók ég þessa ákvörðun þar sem að ég held að þetta sé rétti tímamunkturinn til að segja þetta gott,“ segir Friðrik.

„Það eina sorglega í þessu er að maður hefði viljað koma með stóran titil til Grindavíkur. Það verður bara að bíða betri tíma,“ segir Friðrik en liðið vann 62 af 88 deildarleikjum undir hans stjórn.

„Það vantaði herslumun hvort sem það var hugarfarslegt eða hvað. Á móti KR í fyrra erum við einu skoti frá því að verða Íslandsmeistarar og við spiluðum úrslitaleik í bikar á móti Snæfelli í vetur

þar sem þeir voru bara grimmar. Það vantaði bara þínu grimmd upp á hjá okkur. Körfuboltahefaleikarnir voru til staðar og við vorum að spila flottan körfubolta. Það vantaði bara smá drápseðli í menn,“ segir Friðrik. Þetta var erfiður vetur fyrir þjálfara Grindavíkur enda mikið um meiðsli í leikmannahópnum.

„Við vorum hræðilega óheppnir með meiðsli í vetur og þetta var versti vetur sem ég hef gengið í gegnum á mínum ferli. Þetta var alveg lygilegt og maður var hættaður að kippa sér upp við það þegar menn í liðinu voru að tilkynna mér að þeir væru meðiddir,“ sagði Friðrik og það kom fyrir einu sinni eða tvisvar að hann þurfti að vera með á æfingum.

„Ég er ekki hættaður að þjálfra. Nú er þessum kaffa bara lokið í bili og nú ætla ég bara að sjá til. Ef eitthvað gott býðst þá skoða ég það en í versta falli þá tek ég mér bara smá frí og nýt lífsins,“ sagði Friðrik að lokum.



N1-deild kvenna:

Valur-Haukar 28-23 (11-12)
Mörk Vals (Skot): Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 7/4 (9/4), Kristín Guðmundsdóttir 6 (12), Ágústa Edda Björnsdóttir 4 (9), Rebekka Rut Skúladóttir 4 (7), Karólína Bæhrens Gunnarsdóttir 3 (4), Katrín Andrésdóttir 1 (4), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 1 (7/2), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (1).

Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 17 (40/2) 43%

Hraðaupphlaupsmörk: 11 (Rebekka Rut 3, Kristín 2, Karólína 2, Ágústa Edda, Anna Úrsúla, Hildigunnur, Íris Ásta)

Fiskuð víti: 6 (Anna Úrsúla 3, Karólína, Hildigunnur, Íris Ásta)

Brottrekstrar: 4 mínútur.

Mörk Hauka (Skot): Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8/2 (14/2), Erna Þráinsdóttir 5 (8), Þórunn Friðriksdóttir 3 (5), Ester Óskarsdóttir 3 (6), Nína Björk Arnfinnsdóttir 2 (3), Ramune Pekarskyte 2 (8), Karen Helga Sigurjónsdóttir (1)

Varin skot: Guðrún Bryndís Jónsdóttir 17/1 (39/4) 44%, Heiða Ingólfsdóttir 5 (11/1) 45%

Hraðaupphlaupsmörk: 7 (Hanna Guðrún 4, Erna, Þórunn, Ramune)

Fiskuð víti: 2 (Erna, Ester)

Brottrekstrar: 2 mínútur.

Fram-Stjarnan 30-28 (16-12)

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 7, Pavla Nevarilova 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Guðrún Þóra Hálfánardóttir 4, Karen Knútsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.

Mörk Stjörnunnar: Þorgerður Anna Atladóttir 9, Elísabet Gunnarsdóttir 6, Aðalheiður Hreinsdóttir 4, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 2, Anna Bryndís Blöndal 2, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2, Esther Viktoria Ragnarsdóttir 1, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1, Þórhildur Gunnarsdóttir 1.

Mörk Stjörnunnar: Þorgerður Anna Atladóttir 9, Elísabet Gunnarsdóttir 6, Aðalheiður Hreinsdóttir 4, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 2, Anna Bryndís Blöndal 2, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2, Esther Viktoria Ragnarsdóttir 1, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1, Þórhildur Gunnarsdóttir 1.



HRESSIR Þessir ungu drengir skemmtu sér vel í Vodafonehöllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukar og Stjarnan í vondri stöðu

Valur og Fram unnu fyrstu leikina í undanúrslitum N1-deildar kvenna. Báðir sigrar voru frekar sannfærandi. Reykjavíkurliðin geta því tryggt sig inn í úrslitin á sunnudag en tvo sigra þarf til að komast í úrslit.

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Stjörnunnar og Haukar eru komnir með bakið upp við vegg eftir tap fyrir Fram og Val í undanúrslitum N1-deildar kvenna í gær. Bæði lið þurfa að girða sig í brók fyrir næstu viðureignir.

Það leit þó ekki út fyrir heimasigur þegar Ramune Pekarskyte kom Haukum í 13-18 þegar tæpar tíu mínútur voru búnar af seinni hálfleik. Fram að því hafði leikur Valsliðsins oft verið hreinlega vandræðalegur en þetta snérist við á þessum tímamarki. Valsliðið vaknaði upp við vandan draum, skoraði sex mörk í röð og tók völdin í leiknum. Haukaliðið sem var nánast án Ramune Pekarskyte (2 mörk úr 8 skotum) í þessum leik náði ekki að svara þessu og leikur liðsins hrundi á augabragði.

„Við klúðruðum þessu. Við erum með leikinn í höndunum allan tímann en svo förum við að klúðra þessu sjálfar. Þær voru ekki betri en við í dag. Við áttum þennan leik gjörsamlega þangað til í seinni hálfleik. Við þurfum að fara að drulla okkur til þess að klára leiki,“ sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir sem var atkvæðamest í Haukaliðinu. „Við erum með sama lið og í fyrra og þurfum bara að laga hausinn á okkur. Við þurfum að hreinsa hausinn okkar og hafa trú á sjálfum okkur því við getum þetta fyllilega,“ sagði Hanna.

Valskonan Ágústa Edda Björnsdóttir spilaði mjög vel á lokakafli þessum þar sem hún skoraði 4 mörk og átti 2 stoðsendingar þegar



ÖFLUG Haukastúlku gekk illa að beisla Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur sem var markahæst í Valsliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valsliðið vann síðustu þrettán mínúturnar 9-4.

„Þetta er oft svona með okkur að við erum lengi í gang. Þrátt fyrir að við tölum um það sérstaklega fyrir leik þá gerist það alltof oft. Sem betur fer gefumst við ekki upp, höldum alltaf áfram og náum oft að sigla fram úr. Við vissum að við áttum fullt inni og við náðum að svara það á lokakafli þessum með því að nota breiddina okkar,“ sagði Ágústa Edda.

„Þegar við lentum fimm mörkum undir þá förum við að gefa í. Við vissum þá að ef við förum ekki að gera eitthvað af viti núna þá erum við bara á leiðinni út úr keppinni. Þá fundum við á lokakafli þessum sem við höfum oft búið yfir í leikjum í vetur og notað til að vinna góða sigra,“ sagði Ágústa Edda.

Fram vann síðan öruggan sigur á Stjörnunni í Safamýri. Framstúlkur voru með frumkvæðið allan tímann og leiddu með fjórum mörkum, 16-12, í leikhléi.

Stjörnustúlkur mættu sprækur til leiks í síðari hálfleik og minnkðu muninn í tvö mörk, 18-16, en þá hrundi leikur liðsins á ný. Fram gekk á lagið og komst 24-16 yfir. Stjarnan kom aðeins til baka en það var of lítið og of seint.

„Við spiluðum bara handbolta í 50 mínútur og lukum leik eftir það. Það skipti ekki máli því það dugði í dag. Ef við spilum eðlilega á sunnudaginn þá klárum við þessa rimmu,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, við Sporttv eftir leikinn.

- ój, hbg

VELJUM LÍFIÐ

Guðmundur Guðmundsson velur landsliðið fyrir leikina gegn Frakklandi: Tek þetta verkefni mjög alvarlega

HANDBOLTI Tvö bestu landslið heims að margra mati, Ísland og Frakkland, mætast í tveimur vináttulandsleikjum í Laugardalshöll næsta föstudag og laugardag.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær leikmannahópinn fyrir leikina en hópurinn er firnasterkur. Fyrir utan Guðjón Val Sigurðsson, sem er meðiddur, eru allir okkar bestu menn klárir í slaginn.

„Ég mun nota Loga Geirsson í horninu að þessu sinni með Sturlu. Hann er fyrst og fremst hugsaður sem hornamaður að þessu sinni. Hann hefur verið að glíma við ristarmeisli en er allur að koma til,“ sagði Guðmundur en Logi hefur lítið leikið í vetur. Er hann tilbúinn í slaginn? „Hann treystir sér í verkefnið og ég hef trú á því að þetta verði í lagi.“

Hinn ungi og efnilegi markvörður Hauka, Aron Rafn Eðvarðsson, er eini nýliðinn í hópnum. „Við verðum að fara að finna unga og efnilega markverði og Aron er klárlega einn af þeim mönnum sem er þess virði að skoða. Það hefur líka verið vöntun á hávöxnum markvörðum og ég bý



NÝLIÐI Aron Rafn Eðvarðsson, markvörður Hauka, kemur nýr inn í íslenska landsliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

spenntur eftir því að sjá hvernig hann mun standa sig,“ sagði Guðmundur.

Frakkar hafa staðið í vegi fyrir því á síðustu tveim stórmótum að Ísland færi alla leið. Guðmundur tekur verkefnið alvarlega.

„Ég tek það mjög alvarlega. Frakkar hafa í tvisgang komið í veg fyrir eitthvað meira hjá okkur. Það er einstaklega gaman að glíma við Frakkana og við ætlum að standa okkur í þessum leikjum og ná hagstæðum úrslitum. Auðvitað mun ég prófa eitt og annað en við viljum

LANDSLIÐSHÓPURINN

Markverðir:

Björgvin Páll Gústavsson Kadetten
Hreiðar Guðmundsson Emsdetten
Aron Rafn Eðvarðsson Haukar

Aðrir leikmenn:

Alexander Petersson Flensburg
Arnór Atlason FCK
Aron Pálmarsson Kiel
Ásgeir Örn Hallgrímsson Faaborg HK
Ingimundur Ingimundarson Minden
Logi Geirsson Lemgo
Ólafur Stefánsson RN Löwen
Róbert Gunnarsson Gummersbach
Snorri Steinn Guðjónsson RN Löwen
Sturla Ásgeirsson Dusseldorf
Sigurbergur Sveinsson Haukar
Sverre Jakobsson Grosswallstadt
Vignir Svavarsson Lemgo
Þórir Ólafsson TuS N Lubbecke

ná góðum úrslitum líka,“ sagði Guðmundur en eru þetta tvö bestu landslið heims?

„Ég myndi segja að þetta væru tvö af bestu landsliðum heims. Við höfum unnið okkur rétt til þess að halda slíku fram með frammistöðu okkar í síðustu tveim stórmótum. Við teljum okkur vera á meðal þeirra bestu.“

- hbg



N1 Deildin
2009 - 2010



ÚRSLITAKEPPNI

KONUR

Sunnudagur

Ásvellir

Mýrin

Haukar - Valur

Stjarnan - Fram

16:00

16:00



ÉG ER KISI



ÉG ER NIKON COOLPIX S3000. Nett, flott og fánleg í mörgum litum. Með innbyggðri NIKKOR gleiðhornsaðdráttarlinsu, titringsjöfnun og snjallandlitskerfi sem tryggir skarpari myndir. Íslenskar leiðbeiningar.

www.iamnikon.is

Verð 29.995

At the heart of the image





MEIDDUR Rooney þarf að hvíla öklann um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Wayne Rooney ekki klár:

Spilar ekki gegn Blackburn

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segir að Wayne Rooney verði ekki með liðinu gegn Blackburn á morgun í ensku úrvalsdeildinni.

Rooney var mættur í slaginn gegn FC Bayern í Meistaradeildinni en byrjaði að haltra í fyrri hálfleiknum og fór af velli snemma í þeim síðari.

Ferguson segir meislsl Rooney aðeins smávægileg en leikmaðurinn verði þó fjarri góðu gamni í næsta leik. Hann ætti að vera orðinn klár fyrir nágrannaslaginn gegn City 17. apríl. - egm



NÝR OG LÉTTARI TIGER Tiger Woods heilsar hér áhorfendum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Masters-mótið í golfi:

Tiger spilaði vel

GOLF Tiger Woods lék aftur vel á öðrum keppnisdegi á Masters-mótinu í golfi. Tiger kom í hús á 70 höggum, eða tveim undir pari og er sem stendur í þriðja sæti ásamt KJ Choi.

Tiger fékk 14 pör í dag, þrjá fugla og einn skolla. Hann er því samtals á 6 höggum undir pari.

Ian Poulter lék vel í gær og er á 8 höggum undir pari og hann hefur lokið leik í dag.

Forystusauðurinn frá því í gær, Fred Couples, missti flugið í dag og lék á 75 höggum eða 3 höggum yfir pari.

Gamla brýnið Sandy Lyle lék þó verst allra í gær en hann missti algjörlega flugið og kom í hús á 14 höggum yfir pari. - hbg

Risaslagurinn stærri en oftast áður

Það verður sannkölluð fótoltaveisla í Madrid í kvöld þegar Real Madrid tekur á móti Barcelona. Þessi risalið skarta fremstu leikmönnum heims og eru hnífjöfn á toppi spænsku deildarinnar.

FÓTBOLTI Viðureignir Real Madrid og Barcelona eru meðal þeirra allra stærstu í fótoltaveislu. Liðin mætast í kvöld og er þessi risaleikur enn stærri en oft áður að þessu sinni. Aðeins átta umferðir eru eftir af tímabilinu og eru liðin jöfn að stigum á toppi deildarinnar, bæði með 77 stig.

Ef liðin enda jöfn munu innbyrðis viðureignir þeirra á milli skera úr um hvort liðið vinnur titilinn. Barcelona nægir jafntefli í kvöld til að vera ofan á í þeirri baráttu þar sem liðið vann 1-0 sigur á Nývangi fyrir á leiktíðinni.

Börsungum hefur vegnað vel í El Clasico að undanförunu og unnið síðustu þrjár viðureignir, þar á meðal er eftirminnilegi 6-2 sigurinn á Santiago Bernabeu á síðasta tímabili. Sá sigur verður líklega seint endurtekinn en Madrídinger hafa unnið alla heimaleiki sína í deildinni á þessu tímabili.

Í aðalhlutverki í kvöld verða þeir Lionel Messi og Cristiano Ronaldo, tveir af allra bestu leikmönnum heims. „Messi hefur átt ótrúlegt tímabil. Hann er í frábæru formi og er meðal bestu leikmanna heims,“ sagði Ronaldo á blaðamannafundi. „Barcelona er samt ekki bara Messi. Líðsfélagar hans og þjálfari eiga líka hrós skilið.“

Ljóst er að Börsungar þurfa að hafa góðar gætur á Ronaldo, reyna að forðast það að hann komist í stöðuna einn gegn einum og ekki gefa aukaspurnur rétt fyrir utan teiginn. Sömuleiðis þarf Real Madrid að reyna að stöðva töframanninn Messi með einum eða öðrum hætti.

Hristo Stoichkov, gamla goð-



Í FREMSTU RÖÐ Enginn neitar því að Cristiano Ronaldo og Lionel Messi eru tveir af fremstu leikmönnum samtímans. Þeir stíga á stóra sviðið í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

sögnin hjá Barcelona, telur að eini möguleiki Real á að stöðva Messi sé að sparka hann niður. „Ef þeir sparka hann ekki niður sé ég ekki hvernig eigi að stöðva hann,“ sagði Stoichkov. „Ég tel þetta síðasta



tækifærið fyrir Real Madrid til að liðið geti unnið titilinn. Ef þeir ná ekki að leggja Barca geta þeir kysst titilvonirnar bless.“

Alvaro Arbeloa gæti fengið verkefnið stóra að reyna að stöðva

Messi en honum hefur áður gengið ágætlega með hann. Miðað við spilamennsku Messi þessa dagana virðist hann þó óstöðvandi sama hvað reynt er að gera gegn honum.

Fjölmargar aðrar stórstjórnur verða í eldínunni en Messi og Ronaldo. Ljóst er þó að Zlatan Ibrahimovic, sem skoraði sigurmarkið þegar liðin mættust á Nývangi, verður fjarri góðu gamni vegna meiðsla.

Barcelona vann glæsilegan sigur á Arsenal fyrir í vikunni en þá voru miðverðirnir Gerard Pique og Carles Puyol í leikbanni en þeir snúa nú aftur inn í liðið. Vinstri bakvörðurinn Eric Abidal er á meiðslalistanum og því líklegt að Maxwell leiki í hans stöðu.

Real Madrid verður án Brasilfúmannsins Kaka sem er ekki orðinn leikfær eftir meiðsli. Xabi Alonso er tæpur en mun líklega spila. Leikurinn verður sérstakur fyrir Guti.

„Í dag eru engar líkur á því að ég verði áfram hjá Real Madrid. Þetta verður líklega minn síðasti El Clasico,“ segir Guti sem verður 34 ára á árinu. Hann hefur þjónað Real Madrid lengi en hyggst fara annað eftir tímabilið.

Pep Guardiola segir leikinn ekki vera úrslitaleik. „Við munum samt fara í hann eins og þetta sé úrslitaleikur. Ef við töpum komum við andstæðingum okkar í lykilstöðu. Ef það væru þeir leikir eftir af tímabilinu myndi ég segja að leikurinn myndi ráða úrslitum. En það eru átta eftir svo leikurinn telst mjög mikilvægur,“ segir Guardiola. elvargeir@frettabladid.is

Portsmouth getur gleymt vonlausri stöðu í deildinni á morgun þegar liðið mætir Tottenham í bikarnum:

Ljósi punkturinn á hörmungartímabili

FÓTBOLTI Meiðsli Hermans Hreiðarssonar koma í veg fyrir að boðið verði upp á Íslendingaslag í undanúrslitum ensku bikarkeppinnar. Portsmouth og Tottenham mætast á Wembley og mun sigurvegarinn leika úrslitaleikinn gegn því liði sem hefur betur í viðureign Aston Villa og Chelsea í dag. Flestir spá því að úrslitaleikurinn verði á milli Tottenham og Chelsea.

„Ég hef aldrei áður spilað á Wembley og get ekki beðið eftir þessum leik,“ segir Aaron Mokoena, leikmaður Portsmouth. „Þessi völlum er sögufrægur, allir í heiminum þekkja Wembley.“

Tímabilið hefur verið samfelld sorgarsaga hjá Portsmouth. Félagið var sett í greiðslustöðvun, er á hraðleið niður um deild og fjöldi fólks missti vinnu sína hjá því. Í

bikarkeppninni hefur hins vegar allt gengið í haginn og er hún eini ljósi punkturinn á leiktíðinni.

„Það er frábært fyrir alla sem tengjast Portsmouth að félagið sé að fara að keppa til undanúrslita í bikarnum, sérstaklega fyrir stuðningsmennina sem hafa átt erfiðan vetur. Þeir eiga betra skilið,“ segir Mokoena sem hefur reynst liðinu mikilvægur í keppninni.

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Tottenham, mun biða með það fram á síðustu stundu að tilkynna lið sitt fyrir leikinn.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur byrjað síðustu leiki en aðrir sóknarmenn liðsins eru að snúa úr meiðslum og Redknapp hefur ýmsa kosti í sókninni.

Meiðsli miðvarða liðsins er hins vegar áhyggjuefni fyrir Redknapp

en óvíst er hver mun leika við hlið Sébastien Bassong.

Í dag verður stórleikur milli Aston Villa og Chelsea. Síðast þegar liðin mættust var þó engin spenna því Chelsea slátraði leiknum 7-1 í deildinni. Það má búast við því að Martin O'Neill, stjóri Villa, komi með aðrar áherslur að þessu sinni.

Hann verður þó líklega án varnarmannsins Richard Dunne sem hefur átt við meiðsli að stríða síðustu vikur. Góðu fréttirnar fyrir Villa eru þær að James Milner gat æft af krafti og ætti að vera klár í slaginn. - egm

EIÐUR SMÁRI Fær ekki að kljást við Hermann Hreiðarsson á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY



WHIRLPOOL DAGAR

FRÁBÆR TILBOÐ í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi.

10-60% AFSLÁTTUR



UPPVOTTAVÉLAR
Verð frá kr. 79.995



ÞVOTTAVÉLAR
Verð frá kr. 89.995



ÞURRKARAR
Verð frá kr. 79.995

**OFNAR,
HÁFAR OG
HELLUBORÐ
Á FRÁBÆRU
VERÐI!**



Heimilistæki ht.is



ÞRjú ár í röð Valsmaðurinn Arnór Þór Gunnarsson braut 100 marka múrinn þriðja árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deild karla í handbolta:

Átta yfir hundr- að mörk í vetur

HANDBOLTI Það voru átta leikmenn N1-deildar karla í handbolta sem náðu að skora 100 mörk eða meira fyrir lið sín í deildarkeppninni.

Hér fyrir neðan má sjá listann yfir markahæstu menn deildarinnar en fjórir leikmenn voru að skora yfir 100 mörk annað tímabilið í röð en það voru þeir Valdimar Þórsson, Sigurbergur Sveinsson, Arnór Þór Gunnarsson og Árni Þór Sigtryggsson. - 66j

MARKAHÆSTIR Í N1 DEILD KARLA 2009-2010:

Bjarni Fritzson, FH	149
Oddur Grétarsson, Akureyri	135
Valdimar Fannar Þórsson, HK	135
Sigurbergur Sveinsson, Haukum	128
Arnór Þór Gunnarsson, Val	123
Anton Rúnarsson, Gróttu	116
Árni Þór Sigtryggsson, Akureyri	107
Ólafur Guðmundsson, FH	100
Hjalte Þór Pálmason, Gróttu	95
Ólafur Gústafsson, FH	90
Atli Evar Ingólfsson, HK	86
Andri Berg Haraldsson, Fram	85
Vilhjálmur Halldórsson, Stjörn.	81
Jónatan Þór Magnússon, Akureyri	78
Björgvin Þór Hólmgeirss., Haukum	76

Ég ætlaði að verða Íslandsmeistari

FH-ingurinn Bjarni Fritzson segir markakóngstílinn ekki vera mikla sárabót fyrir það að FH-liðið komst ekki í úrslitakeppnina. Bjarni er fyrsti markakóngur FH í 18 ár en hann skoraði 149 mörk í 19 leikjum.

HANDBOLTI FH-ingar fá smá sárabót fyrir það að hafa misst af úrslitakeppninni því liðið á markahæsta mann deildarinnar í Bjarna Fritzsyni. Bjarni er fyrsti FH-ingurinn í átján ár til þess að verða markakóngur í efstu deild handboltans eða allt frá því að Hans Guðmundsson afrekaði það 1991-92.

Bjarni skoraði 149 mörk í 19 leikjum eða 7,8 mörk að meðaltali í leik. Hann skoraði fjórtán mörkum meira en næstu menn sem voru Akureyringurinn Oddur Grétarsson og HK-ingurinn Valdimar Fannar Þórsson. Bjarni Fritzson og félagar í FH-liðinu rétt misstu af úrslitakeppninni á lokasprettinum en liðið vann aðeins tvo af síðustu sex leikjum sínum eftir að hafa byrjað þriðju umferðina á glæsilegum sigri á Íslands- og bikarmeisturum Hauka.

